



FÓLK 46

Frjálsíþróttakonan Ásdís Hjálmsdóttir kórónaði eftirminnilega viku með því að vinna sín önnur gullverðlaun en Ísland var með næstflest verðlaun á leikunum á eftir Kýpur.

ÍÞRÓTTIR 35



FRÉTTA BLAÐIÐ

FRÍTT

5. júní 2005 - 150. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is - Sími: 550 5000

SUNNUDAGUR

Vill nýtt líf

Aron Pálmi Ágústsson segist bjartsýnn á framtíðina. Hann ætlar að sækja sér menntun og móta sér framtíð í öðru umhverfi eftir að hann er laus mála úr stofufangelsi í Texas.



VIÐTAL 22

Óskabarnið fer á flug

Með kaupum Avion Group á Eimskipum hverfur félagið tímabundið af hluta-bréfamarkaði. Stefnt er að skráningu sameinaðs félags fyrir lok janúar á næsta ári. Stefnt er að því að hluthafar Burðarás, sem eru tæplega 20 þúsund fái þá bréf í Avion.



VIÐSKIPTI 10


Popparar bjarga heiminum

Hin gamla glysmynd rokkara og poppara, þar sem þeim stendur á sama um allt nema dóp og konur, er fallin. Rokkarar eru nú pólitískir friðarsinnar.



FÓLK 23

VEÐRIÐ Í DAG



ÁFRAM BJARTVIÐRI í dag og hægur vindur en einhverjar líkur á síðdegisskúrum hér og hvar. Veður 4

RÚV keypti þætti án fjárheimilda

Tvær fullunnar íslenskar sjónvarpsþáttaraðir bíða sýninga hjá Sjónvarpinu, önnur fram yfir áramót. Ríkisútvarpið hefur greitt þættina. Ekki hefur fengist heimild til kaupanna og þess vegna þarf að bíða með sýningar.

RÍKISÚTVARPIÐ Ríkissjónvarpið á tvær íslenskar þáttaraðir sem það getur ekki sýnt, meðal annars vegna þess að ekki hefur fengist heimild til kaupa á efninu.

Anna Th. Rögnvaldsdóttir, handritshöfundur og leikstjóri annarrar þáttaraðarinnar, sagði að upphaflega hefði staðið til að fyrsti þátturinn af þremur yrði sýndur sunnudaginn 6. febrúar, en nú lægi fyrir að þeir yrðu ekki sýndir fyrr en eftir áramót. „Þetta var skýrt þannig fyrir okkur að innlend dagskrárdeild hefði ekki efni á að bókfæra kaupverðið fyrr en á næsta fjárhagsári.“

Rúnar Gunnarsson, dagskrárstjóri Ríkisútvarpsins, neitaði í samtali við Fréttablaðið að ætlunin hafi verið að sýna þættina í febrúarbyrjun, þótt svo kunni að hafa verið nefnt í upphafi.

Þáttaraðirnar eru Kallakaffi og Allir litir hafsins eru kaldir. Rúnar sagði ekki heppilegt að sýna



ALLIR LITIR HAFSINS ERU KALDIR Úr þáttaröðinni Allir litir hafsins eru kaldir, sem hefur verið sett í geymslu fram yfir áramót.

tvo innlenda þætti á sama tíma og það væri meðal annars ástæða þess að sýningar væru óhafnar. Allir litir hafsins eru kaldir verða sýndir eftir áramót þegar sýningum á Kallakaffi verður lokið. „Það er góð þjónusta við áhorfendur að sýna ekki tvo íslenska sjónvarpsþætti á sama tíma, sagði Rúnar. „Vetrardagskráin skiptist á tvö

bókhaldsár, fyrir og eftir áramót, og við hugsum um veturinn sem heild en ekki bókhaldsárið,“ sagði Rúnar en vildi ekki staðfesta að bókhaldið ráði að þættirnir hafi ekki verið sýndir og ekki heldur að ekki hefði fengist fjárheimild til kaupa á öllum þáttunum.

Ákveðið hefur verið að Kallakaffi verði sýnt í haust og Allir litir hafsins eru kaldir eftir áramót.

Alls kostaði framleiðsla þáttanna 120 milljónir króna og Sjónvarpið hefur greitt sinn hlut að fullu. Ekki liggur nákvæmlega fyrir hve há upphæðin var, en hún mun vera á þriðja tug milljóna. Sá kostnaður verður ekki gjaldfærður í bókhaldi RÚV fyrr en eftir áramót. Samkvæmt bókhaldskerfi stofnunarinnar er kostnaður vegna dagskrárgerðar ekki gjaldfærður fyrr en efnid er sýnt. Samkvæmt heimildum er treyst á að fjárheimildir fáiast áður en allt efnid verður sýnt.

Skorradalur:

Sameiningu hafnað á ný

SVEITASTJÓRNARMÁL „Þessi niðurstaða kom í raun ekki óvart enda því sem næst óbreytt frá fyrri kosningu,“ segir Sveinbjörn Eyjólfsson, formaður sameiningarnefndar sveitarfélaga í Borgarfirði. Skorrdælingar höfnuðu aftur sameiningu við hin sveitarfélögin í Borgarfirði með sama atkvæðafjölda og í síðustu kosningu, 26 voru á móti en 17 fylgjandi.

Sveinbjörn segir að málið sé nú loks komið út af borðinu og sameiningarnefndin þurfi ekki lengur að taka tillit til Skorrdælinga. „Nú geta hinar sveitirnar komið sér saman um sína framtíð og nú fer í hönd meiri vinna vegna þess sem framundan er enda nóg eftir ennþá.“

-aðe

Þéttbyggðari Reykjavík:

Úthverfin væru ekki til

SKIPULAG Öll Reykjavík kæmist fyrir á svæðinu vestan Elliðaárósa ef byggð utan Hringbrautar og Snorrabrautar hefði þróast með sama hætti og byggð innan þessara gatna.

Íbúðabyggð austan Elliðaárósa væri varla önnur en bóndabæir og stöku sumarbústaðir í Árbæ, Breiðholti, Grafarholti og Grafarvogi ef reykivísk íbúðabyggð hefði þróast með þessum hætti. Þó er gert ráð fyrir því í þessum útreikningum að Reykjavíkflugvöllur væri áfram í Vatnsmýrinni í óbreyttri mynd og að engar breytingar væru gerðar á atvinnu- og útivistarsvæðum.

Í dag búa um 62 þúsund manns á 891 hektara skipulagðrar íbúðabyggðar vestan Elliðaárósa en um 52 þúsund manns á 983 hekturum austan þeirra. Allt þetta fólk kæmist fyrir vestan Elliðaárósa ef sami þéttleiki væri alls staðar í borginni og er í 101 Reykjavík.

Sjá síður 18 og 19



FYRSTA MARKIÐ AÐ LÍTA DAGSINS LJÓÐ Íslendingar komust yfir með marki Eiðs Smára Guðjohnsen á átjándu mínútu. Markið skoraði hann eftir mikla baráttu í vítateig Ungverja.

Lothar Matthäus, þjálfari Ungverja, biður Íslendinga afsökunar:

Hissa á að við unnum leikinn

FÓTBOLTI Ég hef aldrei fengið jafn mikið fyrir jafn lítið á mínum þjálfaraferli, sagði Lothar Matthäus, landsliðsþjálfari Ungverja, eftir að lið hans bar sigur af því íslenska í fimm marka leik á Laugardalsvelli í gærkvöldi. Matthäus sagði að í raun skuldaði hann Íslendingum afsökunarbeiðni fyrir það hversu lítið þeir

hefðu fengið út úr leiknum.

Ásgeir Sigurvinsson, landsliðsþjálfari Íslands, kvaðst ánægður með spilamennsku Íslendinga þrátt fyrir að leikurinn hefði tapast 3-2. Hann sagðist óánægður með að hafa engin stig fengið úr leiknum því liðið hefði átt skilið að landa stigum miðað við spilamennskuna.

Eiður Smári Guðjohnsen var besti maður Íslands í leiknum í gær. Hann sagði Íslendinga hafa mætt miklu mótlæti í leiknum. Þau orð hans koma ekki á óvart þegar liðið er til þess að íslenska liðið fékk tvö víti dæmd á sig, missti tvo leikmenn af velli meidda og einn með rautt spjald.

Sjá síður 32 - 35

Hellur & Steinar



STEYPUSTÖÐIN
S. 540 6800
www.steypustodin.is

MÖGNUG TILBOÐ
Á NÝJUM VÖRUM
Síðasti dagurinn!



Kauphlaup
2.-5. júní



SPURNING DAGSINS

Kjartan, þýðir þetta að vagnarnir verða á réttum tíma í framtíðinni?

„Engin spurning“

Íslenskir strætisvagnbilstjóra urðu langfestr í Norðurlandamótinu í ökuleikni. Kjartan Pálmason er upplýsinga- og fjölmiðlafulltrúi íslenskra strætisvagnbilstjóra.

Norðurlandakeppni í ökuleikni vagnstjóra:

Íslendingar urðu hlutskarpastir

ÖKULEIKNI Íslenskir vagnstjóra sigruðu starfsbræður sína frá öðrum Norðurlöndum auðveldlega í ökuleikniskeppni vagnstjóra sem fram fór við höfuðstöðvar Strætó að Kirkjusandi í gær. Urðu þeir alls 2.500 sekúndum á undan Dönnum sem komu næstir.

Þetta er fjórða árið í röð sem Íslendingar skipa sér í efsta sætið í þessari keppni sem haldin hefur verið síðustu þrjátíu árin en íslenskir vagnstjóra tóku þó ekki þátt fyrr en 1983. Er um margvíslegar þrautir að ræða sem sex vagnstjóra frá hverri þjóð fyrir sig verða að leysa á sem stytstum

tíma. Reyndist munurinn heilar 2.500 sekúndur þegar upp var staðið sem telst vera afar öruggur sigur Íslendinga. Finnar urðu þriðju, Norðmenn fjórðu og Svíar ráku lestina.

Af 30 vagnstjórum reyndist Markús Sigurðsson stígahestur og er því Norðurlandameistari en næstu sæti voru einnig skipuð Íslendingum, þeim Þórarni Söbech og Rögnvaldi Jónatanssyni.

-aöe

NORÐURLANDAMEISTARAR Íslendingar skipuðu sér í öll efstu sætin á Norðurlandamóti strætubilstjóra í ökuleikni sem fram fór í gær.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Stjórnarskrá ESB:

Vilja fá að kjósa

DANMÖRK, AP Meirihluti Dana vill fá að kjósa um stjórnarskráráttmála Evrópusambandsins þrátt fyrir að hvort tveggja franskir og hollenskir kjósendur hafi hafnað honum. Þetta sýnir ný skoðanakönnun sem Politiken birtir.

Samkvæmt könnuninni telja 53 prósent Dana réttast að láta fyrirhugaða þjóðaratkvæðagreiðslu fara fram. 31 prósent telur hins vegar að í ljósi höfnunar Frakka og Hollendinga sé réttast að hætta við þjóðaratkvæðagreiðsluna. Sextán prósent aðspurðra voru óákveðnir.

Fjórir kannanir gefa til kynna að Danir hafni sáttmálanum. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

GLEÐJAST SAMAN Ungu fólkíð skemmti sér dável í glampanði sólskíni í grillveislu Krafts í Hafnarfirðinum.

Grillhátíð Krafts:

Gekk framar vonum

FÉLAGSMÁL Um 70 manns skemmtu sér hið besta í grillveislu Krafts, stuðningsfélags ungs fólks sem greinst hefur með krabbamein, en slík veisla er haldin á hverju ári.

Grillað var í Hellisgerði í Hafnarfirði að þessu sinni í blískaparveðri sem einkenndi suðvesturhorn landsins í gær. Að sögn Maríu Erlu Pálsdóttur sem sá um undirbúning veisluinnar skemmtu gestir sér hið besta en fjölmargt var í boði auk þess sem hljómsveitin Ættarbandið lék og söng allan tímann.

-aöe

LÖGREGLUFRETTIR

SLASADIST EFTIR VELTU Á MÓTORHJÓLI

Ökumaður torfæruhjóls slasaðist þegar hann missti stjórn á hjóli sínu í Ölfusi um kvöldmatarleytið í gær. Ök hann út af með þeim afleiðingum að hann kastaðist nokkurn spöl en áverkar hans reyndust ekki lífshættulegir. Mun hann engu að síður dvelja á spítala næstu dægrin.

ALVARLEGT SLYS Í HESTAFERÐ Í FLJÓTSDAL

Kona í hestaferð í Fljótshlíð slasaðist illa þegar hestur sparkaði í andlit hennar um miðjan dag í gær. Hún var flutt á slysideild í Reykjavík með slæma áverka á andliti og hálsi. Þarf konan að gangast undir aðgerð og verður undir eftirliti næstu dægrin.

Stjórnvöld verða að tryggja stöðugleika

Framkvæmdastjóri Alþýðusambandsins og formaður Vinstri-grænna segja að ríkisstjórnin verði að grípa til aðgerða en geti ekki vísað ábyrgð á efnahagsmálum á Seðlabankann. Pétur Blöndal segir stjórnina hafa gripið til aðgerða.

EFNAHAGSMÁL Stjórnvöld verða að gera meira til að tryggja stöðugleika en þau hafa gert til þessa, segir framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands og tveir stjórnarandstöðubingmenn.

Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands, segir betra ef ríkisstjórnin notaði ríkisfjármálin til að halda þenslunni í skefjum en að Seðlabankinn notaði gengið til þess, því það þrengdi að afkomu fyrirtækjanna í landinu sem aftur skapaði þrýsting á þau að lækka launakostnað. Seðlabankinn tilkynnti vaxtahækkun í fyrradag og hafa stýrivextir ekki verið hærrí í rúm þrjú ár.

„Við höfum auðvitað áhyggjur af stöðunni,“ segir Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingar. Hann telur lausatök stjórnarflokkanna í ríkisfjármálum hafa haft slæm áhrif á efnahagslífið. „Í gegnum tíðina hafa fjárlögin aldrei staðist og oft hefur munað tugum milljarða á þeim og raunveruleikanum sem blasir við á ríkisreikningnum. Ríkisstjórnin þarf að beita meiri ábyrgð og aðhaldi í ríkisfjármálunum.“

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri Grænna, tók í sama streng og sagðist búast við að ástandið í efnahagsmálum yrði svipað á meðan Seðlabankinn sæi sig knúinn til að hækki vextina aftur og aftur. Steingrímur skoraði á ríkisstjórnina að gefa út yfirlýsingu þess efnis að ekki yrði stuðlað að fleiri stóriðjuframkvæmdum í bili. „Slík yfirlýsing



FRÉTTABLAÐIÐ/IRGIR

VIÐ HÖFNINA Hátt gengi krónunnar bitnar sérstaklega harkalega á sjávarútveginum og öðrum útflutningsgreinum.

ein og sér myndi strax verða til þess að kæla hagkerfið. Einnig vildi hann að hætt yrði við skattalækkunaráformin.

Pétur Blöndal, formaður efnahags- og viðskiptanefndar, taldi á hinn bóginn að ríkisstjórnin beitti þegar aðhaldi. Búið væri að fresta framkvæmdum í vegamálum fyrir einhverja milljarða og reka ætti ríkissjóð með afgangi á fjárlagaári. Hann sagði jafnframt að verðbólgan væri innan markmiða

Seðlabankans ef breytingar á húsnaðisliðnum væru ekki taldar með. Hækkun fasteignaverðs hækkaði neysluverðsvísitöluna, en skuldbreytingar eldri lána kæmu ekki inn í hana til lækkunar. Pétur segir merkilegt að lækkun á greiðslubyrði almennings komi fram sem hækkun á neysluverðsvísitölu.

Ekki náðist í Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra.

grs@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/IRGIR

SÉST VIÐA AÐ Risaskiltið er áberandi og sést víða að en kostnaður við smíði slíkra skilta skiptir milljónum.

44 fermetra ljósaskilti:

Stærsta skilti landsins

AUGLÝSINGAGERÐ Sérfróðir menn unnu við það í fyrirkjöli að setja upp á þak nýrrar verslunar Bilanausts stærsta auglýsingaskilti sem sést hefur á landinu.

Var þar um að ræða auglýsingu fyrir verslunina Bilanaust sem opnar seinna í þessum mánuði en skiltið er alls 44 fermetrar að stærð eða svipað og einstaklingsíbúð og lýst upp af 86 flúorperum. Var skiltið smíðað í verksmiðju í Lettlandi eftir íslenskri teikningu og komu hingað til lands tveir menn frá fyrirtækinu sérstaklega til að setja það upp.

-aöe

Spænsk móðir:

Myrti tvö börn sín

SPÁNN, AP Spænsk kona er talin hafa drekkt tveimur börnunum sínum, átta mánaða og tveggja ára gömlum. Hún hringdi í lögreglu eftir verknaðinn og sagði frá honum en reyndi síðan sjálfsmorð með því að fleygja sér fram af svölum íbúðar sinnar í Barselóna.

Þegar lögregla kom á staðinn fannst konan alvarlega slösuð á jörðinni fyrir framan íbúð sína. Lík barnanna tveggja fundust í baðkari. ■

EVROPA

LEIÐTOGA SPARKAD Í FRAKKLANDI Franskir sósíalistar viku einum forystumanna flokksins, Laurent Fabius fyrrum forsætisráðherra, úr forystusveiti sinni í gær. Ástæðan er sú að hann stýrði baráttu þeirra sem vildu hafna stjórnarskráráttmála Evrópusambandsins í þjóðaratkvæðagreiðslu.

VILJA ENN AÐILD Abdullah Gul, utanríkisráðherra Tyrklands, sagði Tyrki enn hafa fullan hug á aðild að Evrópusambandinu á ráðstefnu í Austurríki. Gul hét því jafnframt að Tyrkir myndu áfram vinna að þeim umbótum sem eru nauðsynlegar svo þeir uppfylli skilyrði um aðild en ýmislegt þykir miður í stjórnháttum landsins sem hefur virkað illa á þá embættismenn ESB sem ákvarða hvaða þjóðir koma til greina til inngöngu.

Chirac og Schröder ræddu stjórnarskrána:

Verðum að halda áfram

ÞÝSKALAND, AP Jacques Chirac Frakklandsforseti og Gerhard Schröder, kanslari Þýskalands, voruðu leiðtoga aðildarríkja Evrópusambandsins við því í gær að láta höfnun stjórnarskráráttmála sambandsins í Frakklandi og Hollandi koma í veg fyrir staðfestingarferli hans annars staðar í ríkjum Evrópusambandsins.

Chirac og Schröder hittust í Berlín í gær og sagði talsmaður Schröder að þeir hefðu verið sammála um að ferlið yrði að halda áfram þrátt fyrir þau áföll sem það hefur orðið fyrir. Hann sagði leiðtogana líta svo á að ef það yrði ekki gert væru Evrópubúar látnir vera í óvissu um framtíð sína. ■

CHIRAC OG SCHRÖDER Leiðtogarnir föðmuðust þegar þeir hittust í Berlín.







Haustferðir

**Grikkland • Tyrkland • Túnis • Egyptaland
Kanaríeyjar • Taíland • Indland • Bali...**

- og heimsborgin Kaupmannahöfn í kaupbæti!

Apollo og Kuoni bjóða ótrúlega fjölbreytta og hagstæða haustpakka til allra heimshorna. Kannaðu verðdæmi á heimasíðu okkar, www.kuoni.is, eða hafðu samband við söluskrifstofuna.



Holtasmára 1 • 201 Kópavogur
Sími: 5 100 300 • Símbref: 5 100 309
Netfang: langferdir@langferdir.is
Heimasíða: www.langferdir.is
Opnunartímar alla virka daga frá 10:00-17:00



Örgjörvi – enn meira öryggi með VISA!



PIN í aðalhlutverki



Kort með örgjörva auka öryggi í viðskiptum, enn sem komið er aðallega erlendis, m.a. með því að nú kvitta menn ekki lendur fyrir með undirskrift heldur slá inn **PIN-númer**.

Leggðu PIN-númerið á minnið.

Allar nánari upplýsingar á www.visa.is.



VISA – ávallt í fararbroddi með tæknilegar nýjungar.

VISA Ísland - Greiðslumiðlun hf. Sími 525 2000 www.visa.is



GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 03.06.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	65,65	65,97
Sterlingspund GBP	119,32	119,90
Evra EUR	80,59	81,05
Dönsk króna DKK	10,83	10,90
Norsk króna NOK	10,19	10,25
Sænsk króna SEK	8,82	8,88
Japanskt jen JPY	0,61	0,61
SDR	XDR	96,69 97,27

Gengisvísitala krónunnar
113,05 +1,49%

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Niðurstöður rannsóknar á því hvernig öryrkjum reiðir af:

Fæstir fara aftur á vinnumarkað

HEILBRIGÐISMÁL Einungis tólf prósent þeirra kvenna og níu prósent karla sem metin voru til örorku árið 1992, voru að líkindum komin aftur á vinnumarkað tólf árum síðar. Fyrirnefnda árið voru samtals 725 metnir til örorku, 428 menn og 297 konur.

Þetta kemur fram í niðurstöðum könnunar þeirra Sigurðar Thorlacius, tryggingayfirlæknis Tryggingastofnunar, og Tryggva Þórs Herbertssonar hagfræðings sem könnuðu stöðu þeirra sem metnir voru í fyrsta sinn til örorku vegna lífeyrstrygginga hér árið 1992.

Könnunin birtist í nýju

Læknablaði. Hún sýndi að 12 árum eftir að fólkíð var metið höfðu 434 úr hópnun fallið af örorkuskrá: 240 konur og 194 karlar. Langflestir höfðu fallið af skránni vegna þess að þeir höfðu sest í helgan stein eða látist.

Aðstandendur könnunarinnar telja að athuga þurfi hvað hægt sé að gera til að breyta þróuninni og auðvelda öryrkjum að komast aftur á vinnumarkað. Þar komi til greina starfsendurhæfing, aðgerðir til að örva vinnuveitendur til að ráða fólk með skerta starfsgetu og endurskoðun tekjutengingar örorkubóta.



ENDURHÆFING Endurhæfing og iðjuþjálfun eru stórir þættir í því að hjálpa öryrkjum aftur út á vinnumarkaðinn. Myndin er ótengt fréttinni.

LÖGREGLUFRÉTTIR

ÓK ÖLVAÐUR ÚTAF VID HREPPSLAUG

Karlmaður á þrítugsaldri var handtekinn vegna ölvunaraksturs í Borgarfirði aðfaranótt laugardags. Hann hafði ekið út af skammt frá Hreppslaug í Skorradal og reyndist ölvaður þegar lögregla kom á vettvang. Málið er í rannsókn.

PRETTÁN FÍKNIEFNAMÁL Í REYKJAVÍK

Óvenju mörg fíkniefnamál komu upp hjá lögreglunni í Reykjavík á aðfaranótt laugardags. Upp komu þrettán tilvik þar sem lögreglan lagði hald á fíkniefni. Í flestum tilvikum var um lítið magn af amfetamíni eða kannabísefnum að ræða.



LOKAD Ekki kom til mikilla tafa vegna lokunar Reykjanesbrautar framefnir degi í gær enda nóg af hjáleidum sem öikumenn nýttu sér.

Reykjanesbraut:

Lokun olli litlum töfum

SAMGÖNGUR Hluti Reykjanesbrautar var lokaður fram eftir degi í gær vegna framkvæmda en ekki urðu alvarlegar tafir hjá vegfarendum af þeim sökum enda margar hjáleidir í boði.

Sigurður Helgason hjá Umferðarstofu segir að þeir sem önnuðust framkvæmdina hafi haft hagsmuni vegfarenda að leiðarljósi og því hafi framkvæmdin hafist strax í fyrrið og henni verið lokið um miðjan dag í stað þess að hefja störf um morguninn og loka þessari mikilvægu samgönguæð allan daginn.

LÖGREGLUFRÉTTIR

RETTINDALAUS OG ÖLVAÐUR

Lögreglan á Ísafirði stöðvaði sextán ára dreng á bíl um þrjúleystið aðfaranótt laugardags og reyndist hann jafnframt vera ölvaður. Var hann sóttur af foreldrum sínum. Vinur drengsins, fæddur fyrir á sama ári, sem leyfði honum að prófa bíl sinn, verður að öllum líkindum sektaður.

Deila á Abbas vegna frestunar kosninga

Forystumenn Hamas eru reiðir Mahmoud Abbas fyrir að hafa einhliða frestað palestínsku þingkosningunum. Óvíst er hvenær þær verða haldnar. Abbas segir meiri tíma þurfa til að undirbúa breytingar á kosningalögum.

PALESTÍNA, AP Hamasliðar brugðust ókvæða við ákvörðum Mahmoud Abbas, forseta palestínsku heima-stjórnarinnar, um að fresta þingkosningum sem halda átti 17. júlí um ótiltekinn tíma. Þeir segja hann reyna að koma í veg fyrir sigur Hamas en hann segir nauðsynlegt að komast að samkomulagi um nýtt kosningakerfi áður en kosningar fara fram.

Abbas sagði í gær að ekki væri hægt að halda kosningar á fyrirhuguðum tíma. Hann nefndi máli sínu til stuðnings að meiri tíma þyrfti til að ræða nýja kosningalöggjöf. Abbas vill að Palestína verði öll eitt kjördæmi en sumir félagar í Fatah-hreyfingunni sem Abbas til-

heyrir vilja mörg kjördæmi.

„Tíminn er af skornum skammti. Frestun var nauðsynleg svo við gætum gengið frá laga-breytingum og samráði allra fylkinga,“ sagði Abbas þegar hann tilkynnti að hann hefði frestað kosningunum.

Sami Abu Zuhri, talsmaður Hamas á Gaza, var harðorður þegar hann mótmælti ákvörðuninni. „Þessi ákvörðun var tekin einhliða,“ sagði hann og bætti við að hún markaðist meira af því að Fatah væri í slæmum málum, eins og sveitarstjórnarkosningar hefðu sýnt fram á, fremur en að tekið væri tillit til þjóðarhagsmuna.

Hamasliðar ætla þrátt fyrir

þetta að virða vopnahléið við Ísraela sem þeir samþykktu vegna beiðna Abbas. Abu Zuhri sagði þó að ákvörðun Abbas græfi undan samskiptum hans við Hamas.

Hamasliðar hafa styrkt stöðu sína í palestínskum stjórnámum að undanfögnu, ekki síst vegna mikillar óánægju með spillingu sem lengi hefur viðgengist innan Fatah, hreyfingarinnar sem Yasser Arafat og Abbas eftirmaður hans, hafa sótt áhrif sín til. Hamashreyfingin vann sigur í sveitarstjórnarkosningum fyrr á árinu og virðist líkleg til að vinna þingsæti af Hamas í þingkosningunum, þeim fyrstu sem Hamas tekur þátt í.



Í RÆÐUÞULTI Rumsfeld kallaði eftir meira frelsi í Kína.

Donald Rumsfeld:

Gröfum ekki undan Kína

SINGAPÚR, AP Kröfur Bandaríkja-stjórnar um aukið frelsi í Kína eru ekki settar fram til að ögna jafnvægi í landinu eða grafa undan því með nokkrum hætti, sagði Donald Rumsfeld, varnarmálaráðgjafi Bandaríkjanna, í gær.

„Ég tel þá ályktun að frelsi jafngildi óstöðugleika vera ranga,“ sagði Rumsfeld á ráðstefnu um öryggismál í Singapúr. Hann sagðist einnig telja að Kínverjar myndu ekki fullnýta tækifæri sín til hagvaxtar og sóknar á alþjóðlegum mörkuðum ef þeir opnuðu ekki stjórnmalakerfi sitt.

SLYS

HESTUR SPARKAÐI Í MANN

Karlmaður frá Blönduhlíð meiddist illa á hné á föstudag þegar hestur sparkaði til hans. Hann var fluttur til Akureyrar þar sem gert var að meidslunum.

LÖGREGLUFRÉTTIR

BÍLVELTA VID HOFÓS

Stúlka á átjándra aldrarsári slasaðist illa í bílveltu rétt sunnan við Hofós á föstudagkvöldi. Hún var flutt burt í sjúkrahúsi en var ekki talin í lífshættu. Hún var ekki í bílbelti. Bíllinn er talinn ónýtur.



MÓTMÆLT Í MARDA Um svipað leyti og Abbas og Hamasliðar deildu um frestun þingkosninga safnaðist fjöldi fólks saman nærri Marda á Vesturbakkanum til að mótmæla byggingu múrsins sem Ísraelar segja vernda landsmenn sína fyrir árásum en Palestínurmenn kalla aðskilnaðarmúr.

Þekkir þú fuglinn?

HVIÞA HÚSÍÐ / SÍA

Einn af einkennisfuglum votlendis á láglandi. Gefur frá sér hátt kvak og hvelt nefhljóð á varptíma, annars þögull.

Svarið fæst í **Fuglavísínum**, frábær handbók, ómissandi í bílinn.


Edda
edda.is

VEÐRIÐ Í DAG


Á morgun fer að rigna...
...sem er gott fyrir sprettuna og er því kærkomið eftir þunviðri undanfarinna daga. En dagurinn í dag ætli að verða sóríkur víða og hitinn bærilægur sunnan- og vestanlands. Áfram er einhver hætt á síðdegisskúrum á víð og dreif. Hann er enn svalur fyrir norðan, en það ætli að hlýna þar næstu daga, sem og annarstaðar. Það er útlit fyrir talsverðan hita á austurlandi í vikunni og gæti hitinn farið í 20 gráður þar á þriðjudaginn ef fer sem horfir.




Í dag



Á morgun



Þriðjudagur



Veðrið úti í heimi í dag

Kaupmannahöfn	14°C heiðskirt	Algarve	28°C heiðskirt
Oslo	16°C heiðskirt	Palma	22°C heiðskirt
London	17°C heiðskirt	Krit/Chania	24°C heiðskirt
Paris	17°C heiðskirt	Barcelona	24°C heiðskirt

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrcoma er táknud með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

LONDON
GLASGOW
OSLÓ
KAUPMANNAHÖFN
STOKKHÓLMUR
HELSINKI
FRANKFURT
BERLÍN
MÜNCHEN
AMSTERDAM
PARÍS
BARCELONA
MADRÍD
MÍLANÓ

ISLENSKA AUGUSTINGASTOFANIN IS. ICE 2005. 04/2005

40% AFSLÁTTUR FYRIR BÖRN


AF NETSMELLUM TIL EVRÓPU*



* Gildir fyrir börn 11 ára og yngri í fylgd fullorðinna.
Sölu tímabil: Til 15. júlí 2005.
Ferðatímabil: Síðasta brottför 31. ágúst 2005.
Afsláttur reiknast af Netsmelli án flugvallarskatta,
við bætast barnaflugvallarskattar.

ICELANDAIR
www.icelandair.is





KJÖRKASSINN

Fær R/JF-hópurinn Aron Pálma Ágústsson lausan úr fangelsi í Texas?

Niðurstöður gærdagsins á [visir.is](http://www.visir.is)

Já	43,2%
Nei	56,8%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefurðu áhyggjur af stöðu efnahagsmála?

Farðu inn á fréttahluta [visir.is](http://www.visir.is) og segðu þína skoðun



Davíð Lúðvíksson, forstöðumaður Samtaka sprotafyrirtækja, um efnahagsástandið:

Sprotafyrirtækin berjast í bökkum

ÍÐNAÐUR Allt að 70 prósent þeirra sprotafyrirtækja, sem annars ættu góða lífsvon, berjast í bökkum við núverandi efnahagsástand og mörg þeirra eru við dauðans dyr. Þetta er mat Davíðs Lúðvíkssonar, forstöðu- manns Samtaka sprotafyrirtækja.

„Sprotafyrirtækin eru yfirleitt að nota meginhlutann af sínu fjármagni í þróunarstarf og eru oft fjárvana þannig að þau hafa varla borð fyrir báru. Flestir ættu að deyja við núverandi aðstæður en það ótrúlega er að einhver þessara fyrirtækja lifa. Hjá þeim sem lifa af er afleiðingin sú að þróunin verður hægari,“ segir hann.

Mikið innstreymi er af gjaldeyri sem skipta þarf fyrir íslenskar

krónur og spennir það upp verðið á íslensku krónunni, að sögn Davíðs. Þá er íslenska krónan hluti af litlu hagkerfi og því hefur svo mikið innstreymi af gjaldeyri þeim mun meiri áhrif en í stærra hagkerfi.

„Ef evran veiktist þá myndi kostnaðarhlíðin lækka en það gerist ekki við þessar aðstæður þegar kostnaðurinn er bundinn í íslenskri krónu en tekjurnar í erlendri mynt,“ segir hann.

DAVÍÐ LÚÐVÍKSSON „Sprotafyrirtækin eru yfirleitt að nota meginhlutann af sínu fjármagni í þróunarstarf og eru oft fjárvana þannig að þau hafa varla borð fyrir báru. Flestir ættu að deyja við núverandi aðstæður,“ segir Davíð Lúðvíksson, forstöðumaður hjá Samtökum iðnaðarins.



Breskir þjófar:

Vildu selja Harry Potter

BRETLAND. AP Tveir menn voru handteknir eftir að þeir reyndu að selja blaðamanni breska dagblaðsins The Sun eintak af nýju bókinni um Harry Potter sem kemur ekki í verslanir fyrr en 16. júlí. Annar maðurinn vann í vörumiðstöð sem sér um dreifingu bókarinnar.

Að sögn The Sun buðust mennirnir til að selja blaðinu eintak af bókinni sem þeir höfðu komist yfir. The Sun sendi blaðamann til að ræða við mennina en kallaði einnig á lögreglu. Sömu sögu er að segja af The Daily Mirror sem fékk sama tilboð og hafði líka samband við lögregluna. ■

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



LIFI TJÁNINGARFRELSDIÐ Líbanskir blaðamenn lyftu pennum sínum, tákni frjálsrar fjölmiðlunar, á minningarsamkomu um Samir Kassir í Beirút í gær.

Morð á blaðamanni:

Krefjast afsagnar

BEIRÚT. AP Morð líbansks blaðamanns í vikunni er þegar farið að draga pólitískan dilk á eftir sér, í miðjum þingkosningum. Stjórnarandstæðingar kenna Sýrlendingum og bandamönnum þeirra í Líbanon um tilræðið.

Samir Kassir var einkum þekktur fyrir hatrömm skrif sín gegn Sýrlendingum og bandamönnum þeirra í Líbanon en var jafnframt leiðtogi and-sýrlenskra samtaka. Því er víst að hann átti marga óvini. Nokkrir þeirra komu fyrir sprengju undir bílstjórasetinu í bifreið hans í fyrradag og þegar hann ræsti bílinn í fyrradag sprakk hún.

Sýrlensk stjórnvöld vísa því á bug að þau beri ábyrgð á tilræðinu. ■

Sjómanna dagsblað:

Liðin tíð rifjuð upp

SIJÓMANNADAGURINN

Sjómanna dagsblað Austurlands er komið út og eru efnistökblaðsins fjölbreytt. Þar er meðal annars að finna viðamikla umfjöllun um strand togarans Egils rauða og frækilega björgun 29 manna úr áhöfninni, viðtal við Önnu á Hesteyri og fjölmörg minningabrot frá liðinni tíð á Austurlandi. Einnig er birt brot úr óútgefnu æviminningum Vilhjálms Arnasonar hæstaréttarlögmanns, fæddum á Seyðisfirði, og fjallað um fiskveiðar Færeyinga við Ísland á 19. og 20 öld og margt fleira.

Ritstjóri Sjómanna dagsblaðs Austurlands er Kristján J. Kristjánsson frá Norðfirði. ■

FERÐALÖG

ÁTAK Í ÖRYGGISMÁLUM Félag hóperðaleyfishafa ætla á næstu mánuðum að hrinda af stað átaki í að efla öryggis-, umhverfis- og gæðamál greinarinnar í heild. Markmiðið er að reyna að fyrirbyggja óhöpp eins og hægt er samhliða því sem umhverfis- og gæðamál greinarinnar verða teknar í gegn af festu.



VEGAGERÐ Í BORGARFIRÐI Heilmikið efni þarf til að undirbúa jarðveginn fyrir nýja veginn á mýrlendinu í Borgarfirði. Framkvæmdirnar ganga afar vel og stefnir verktakinn á að klára verkið 10 mánuðum fyrr en áætlað hafði verið.

Hættulegasti kaflinn bættur og lagaður

Meiðsli og dauðsföll voru 130 prósent fleiri á vegakaflanum frá Borgarfjarðarbraut að Laxfossi en annars staðar á þjóðvegnum. Nú er reynt að stemma stigu við þessari vá með því að endurgera veginn á versta staðnum.

VEGAGERÐ Einn hættulegasti vegakaflinn á þjóðvegi eitt mun heyrast sögunni til eftir að vegafremkvæmdum lýkur á kaflanum frá veitingarstofunni Baulu við Gljúfurá að Litlu Gröf í Norðurárdal í Borgarfirði.

Samkvæmt upplýsingum frá Umferðarstofu og Vegagerðinni voru slys með meiðslum og dauðsföllum frá árinu 2000 til 2003 130% fleiri á vegakaflanum frá Borgarfjarðarbraut að Laxfossi en meðaltal slíkra slysa á öllum þjóðvegnum utan þéttbýlis. Ef eignatjón er talið með eru slysin helmingi fleiri, að meðaltali, en á öllum þjóðvegnum. Það er því ljóst að slys á þessum vegarkafli voru bæði tíð og alvarleg og voru langflest þeirra á þeim kafla sem nú er unnið að.

Að þessum framkvæmdum loknum á vegarkafli hans vegar að vera orðinn nokkuð öruggur, segir Einar Magnús Magnússon, upplýsingafulltrúi Umferðarstofu. „Vegurinn var afar mjór, þar voru miklar beygjur og á

mörgum stöðum hafði hann sigið þannig að í honum voru dældir og svo var þarna hættuleg blindbeygja þannig að það var löngu orðið tímabært að gera endurbætur á þessum vegarkafli,“ segir Einar.

Framkvæmdir hófust í fyrrahaust og voru áætluð verklok í júlí 2006. Að sögn Sigurðar Óskarssonar framkvæmdastjóra KNH ehf. gengur verkið svo vel að nú er stefnt að því að nýi kaflinn verði tilbúinn í september eða tíu mánuðum fyrr en áætlað var.

Hann segir svæðið nokkuð erfitt til vegagerðar þar sem þarna eru miklar mýrar og því þarf að fergja jarðveginn vel áður en vegurinn er malbikaður. „Á svæðum sem þessum er algengt að jarðvegurinn sígi þegar búið er að fergja og hér hefur hann sigið um einn og hálfan metra þar sem verst er. Þess vegna erum við nú að fergja á fullu og svo verðum við bara að bíða,“ segir Sigurður. Hann segir að sérstaklega sé verið að vanda



VEGARKAFLINN Öryggi eykst þegar framkvæmdum lýkur.

til þess að dældir myndist ekki í veginum líkt og gerðist á þeim gamla.

jse@frettabladid.is


Sumartilboð 9. og 16. júní



Costa del Sol

Glæsilegir gististaðir í boði

- **Sunset Beach Club** Mjög gott íbúðahótel við ströndina í Benalmadena Costa.
- **Amaragua** Eitt vinsælasta íbúðahótelid á staðnum.
- **Flatotel** Glæsilegur gististaður í Benalmadena.



Verðdæmi á Flatotel:

► **44.900*** kr.

á mann í íbúð m/1 svefnh. m.v. að 3 ferðist saman. Enginn barnaafsláttur. Verð á aukaviku skv. verðlista.

Inni: Flug, gisting í 7 nætur, akstur til og frá flugvelli erlendis, íslensk fararstjórn og fóst aukagjöld. Ef bókað er símlíðið eða á skrifstofu greiðist bókunar- og þjónustugjöld sem er 2.000 kr. á mann.

Fleiri eða færri?
Finndu verð á þinni ferð á www.urvalutsyn.is



Tryggðu þér bestu kjörin og bókaðu strax.

www.urvalutsyn.is

Talsmenn Eldhesta og Íshesta ánægðir með bókunarstöðuna fyrir sumarið

Svipuð ásókn í hestaferðir og í fyrra

FERÐIR Talsmenn fyrirtækjanna Eldhesta og Íshesta sem skipuleggja hestaferðir hér á landi segja allt útlit fyrir gott sumar í hestamennskunni.

Hróðmar Bjarnason framkvæmdastjóri Eldhesta segist ánægður með fjölda bókana í hestaferðir hjá fyrirtækinu fyrir sumarið. Hann telur að ekki sé um aukningu að ræða frá því í fyrra. Fullbókað er í margar ferðir á vegum fyrirtækisins en þó ekki allar. Hróðmar segir fólk í auknum mæli farið að sækja í meiri þægindi í hestaferðunum og bjóða Eldhestar við



HESTAMENNSKA Hestaferðir virðast njóta vinsælda bæði meðal Íslendinga og ferðamanna sem hingað koma.

skiptavinum sínum upp á gistingu á hóteli fyrirtækisins sem staðsett er á Völlum í Ölfusi.

Gitta Krichbaum hjá Íshestum segir bókunarstöðuna hjá fyrirtækinu vera góða og að erfitt sé að sjá einhvern mun á milli sumra. Nokkuð er um að útlendingar sækji í hestaferðir hér á landi að sögn Gittu og nefnir hún til sögunnar að fólk frá Póllandi og Lettlandi hafi bókað ferðir í sumar og því geti hestaferðirnar verið nokkuð fjölpjóllegar. Íshestar munu einnig bjóða upp á tvær hestaferðir sem eingöngu eru ætlaðar Íslendingum. - iv

GSM

HEIMASÍMI

INTERNET

Ég hringi heim, ég hringi í Gunna í London, ég hringi í konuna og sendi henni SMS.

Allt þetta á 0 kr.

0 kr.

Vinur í útlöndum

120 mínútur á mánuði úr **GSM** í heimasíma í einu af þeim 30 löndum sem Íslendingar eiga mest samskipti við.

0 kr.

GSM vinur

Þú heldur áfram að tala við **GSM vin** fyrir 0 kr. á mínútuna í 60 mín. á dag og senda honum **30 SMS fyrir 0 kr.** á dag.

0 kr.

Þegar þú hringir heim

Þú hringir heim úr **GSM** símanum þínum án þess að greiða mínútagjöld í allt að **60 mínútur** á dag.

Mánaðargjald **GSM** er 600 kr.

Og1 lækkar verulega kostnað heimila sem eru með **GSM** áskrift, **Heimasíma** og **Internet** hjá **Og Vodafone**.

Kynntu þér einnig ávinninginn fyrir Heimasíma og Internet.

og1

og

vodafone™

Komdu í verslun **Og Vodafone**, hringdu í **1414** eða smelltu þér á www.ogvodafone.is fyrir nánari upplýsingar og skráningu í **Og1**.

Heyrumst!

skoðun

SJÓNARMÍÐ
SIGURJÓN M. EGILSSON

Útflutningurinn er í erfiðri stöðu vegna þess hversu sterk krónan er.

Ruðningur og gjaldtaka

Getur verið að allir aðrir en ráðamenn þjóðarinnar hafi áhyggjur af stöðu útflutningsgreina? Meðan fjöldauppsagnir dynja yfir er ekki annað að heyra en byggðamálaráðherrann telji ástandið ágætt á landsbyggðinni. Þar er verið að reisa álver sem eflaust mun hafa jákvæð áhrif á atvinnulífið þar eystra. Reyndar ekki áfallalaust, því á Reyðarfirði hefur þegar þurft að loka fiskidjuveri þar sem hátt gengi krónunnar er að sliga sjávarútveginn. Verra er áfallið í þeim byggðum þar sem álver gagnast ekki, eins og á Bíldudal.

Mjög erfitt er að yfirgefa þorpið enda ómögulegt að taka húsið með sér.

„Þetta er reiðarslag,“ sagði Jón Páll Jakobsson, sjómaður á Bíldudal í samtali við Fréttablaðið. „Það hefur að sjálfsögðu slæma þýðingu fyrir byggðarlagið þegar svo margir missa vinnuna.“ Jón Páll sagði fólk almennt hætt að hugsa mikið um hvað taki við á Bíldudal. „Baráttuandinn er alveg horfinn,“ sagði hann. „Mjög erfitt er að yfirgefa þorpið enda ómögulegt að taka húsið með sér.“ Bílddælingar taka ekki undir með ráðherranum um að fólk á landsbyggðinni hafi það ágætt. Ruðningsáhrifin af álverinu og virkjuninni fyrir austan hafa aukið áhyggjur Bílddælinga, og fleiri.

„Fækkun starfa í innlendum samkeppnisiðnaði er af sömu rót- um runnin og viðleitni fyrirtækja til þess að flytja störf á erlenda grund. Það er hins vegar nefnt útrás,“ sagði Sveinn Hannesson framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins. „Það eru mörg önnur störf en í fiskiðnaði sem eru að tapast en gætu verið arðbær. Þetta gerist vegna firnasterkrar krónu. Ég sé eftir arðbærum störfum eins og til dæmis Marel er að skapa í Slóvakíu. Þetta eru hátækni- störf og Marel fjárfestir þar fremur en í Garðabæ.“

„Allir eru sammála um að orsakir ástandsins séu þrjár: Í fyrsta lagi stóriðjustefnan, í öðru lagi skattalækkanir stjórnvalda og í þriðja lagi ástandið á fasteignamarkaðinum. Stjórnvöld hafa möguleika á beinum aðgerðum varðandi stóriðjustefnuna. Skynsamlegast væri að lýsa því yfir að nú sé nóg komið í bili og hagarferfinu verði gefið svigrúm til kælingar,“ sagði Steingrímur J. Sigfússon formaður Vinstri grænna.

Sjávarútvegurinn er í vanda vegna þess hversu sterk krónan er. Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna, hefur bent á að það sé ekki bara krónan sem geri útgerðinni erfitt fyrir. Útvegurinn finnur mikið fyrir veiðileyfagjaldinu, einkum og sér í lagi rækjuvinnslan og rækjuveiðarnar. Þar mun vera mikið tap fyrir og þess vegna erfitt að eiga á sama tíma að borga veiðileyfagjald sem leggst ofan á það tap sem fyrir er. Óskum um að fresta innheimtu gjaldsins hefur verið synjað. Ástæðan er eflaust sú að fólk hefur það víst svo gott á landsbyggðinni, en ekki á Bíldudal og ekki á Stöðvarfirði og ef varnaðarorð margra ganga eftir á vandinn eftir að aukast, en ekki við byggingu álversins. Svo valdamenn geta áfram bent austur, en ekki vestur, og ekki suður og ekki norður, bara austur.

Taktu þátt... **visir**

Í kjöri um áhorfendaverðlaun ársins á visir.is og þú gætir farið frítt í leikhús - 20 miðar og 2 árskort í boði!

GRÍMAN

ÍSLENSKU LEIKLISTARVERÐLAUNIN

Verðlaunin verða afhent í Þjóðleikhúsinu 16. júní

Í samvinnu við: **BAUSUR GROUP** **actavis** **DAGUR GROUP**

FRÁ DEGI TIL DAGS

Arfleið Krumma

Eins og lesa má annars staðar í blaðinu hefur Sjónvarpið gripið til þess ráðs að fresta frumsýningu íslensks sjónvarps- efnis. Þetta mun gert til að koma kostnaði við þættina Allir litir haf- ins eru kaldir fyrir innan heimilda. Það skýrtna við þetta er þó að þegar er búið að greiða fyrir þættina en samkvæmt bókhalds- reglum verður greiðslan ekki bókfærð fyrr en þættirnir eru sýndir. Bókhaldið litur því mun betur út en ella. Kunnugir



segja að þessa reglu megi rekja til þeirra daga þegar Hrafn Gunnlaugsson var yfir dagskrárdeild Sjónvarpsins. Þá gastaði mjög um Krumma, eins og reyndar oft áður og síðar. Eitt sem hann gerði þá var víst að eyða mun meira fé til kaupa á dagskrárefni en sem nam fjárheimildum. Þá var brugðið á það ráð að breyta bókhaldsreglum þannig að þótt borgað væri fyrir þætti eitt árið væri það ekki bókfært fyrr en á næsta ári ef þættirnir væru ekki sýndir fyrr en þá.

Frægi nafnlausí maðurinn

Vestan hafs hafa menn rætt mikið um Mark Felt sem viðurkenndi á dögunum að hann hefði verið frægasti nafnlausí heimildarmaður blaðamanna í sög-

unni, sjálfur Deep Throat sem hefur orðið tilefni ófárra bóka, blaðagreina og sjónvarpsþátta – en heimildarmaðurinn var nefndur svo eftir kunnri klám- mynd þess tíma. Sitt sýnist hverjum um ágæti þeirrar ákvörðunar Felt að láta blaðamönnum Carl Bernstein og Bob Woodward í té upplýsingar sem áttu mikinn þátt í að Richard Nixon hrökklaðist af forsetastóli og nokkrir samstarfsmenn hans enduðu í fangelsi. Kemur þá í ljós að sumum er enn heitt í hamsi, þar á meðal stuð- ningsmönnum forsetans fyrrverandi, og kann það að staðfesta öðru fremur að rétt var af Felt að koma upplýsingunum á framfæri við fjölmiðla frekar en að hætta á að málið væri þaggð niður innan stjórnsýslunnar.

gm@frettabladid.is

Vansköpuð borgarmynd

Þegar flogið er yfir Reykjavík á heiðrikum degi verður ekki hjá því komist að hugsa um tvennt; gullfallegar eyjar standa auðar á sundunum við Kollafjörð og gam- all flugvöllur ristir í sundur verð- mætasta byggingarland borgar- innar. Reykjavík er að mörgu leyti vansköpuð borg, illa skipu- lögd og hefur líðið óskaplega fyrir það á allra síðustu árum að miðja borgarinnar hefur færst yfir í önnur sveitarfélög; miðborgin sit- ur eftir sem alræmt úthverfi, mannlau mestallan daginn en vaknar ófriðlega á kvöldin og ólmast fram eftir nóttu.

Vandi flestra miðborgar- samfélaga í Evrópu er að þau vantar bakland. Íbúarnir eru horfnir til pollrólegra úthverfa og eftir stendur óleystur bílastæðavandi framan við dimmgráar skrifstofubyggingar. Og þegar bankastofnunum sleppir, ásamt ráðuneytum og einstaka sérverslunum ... er ekkert meira að sækja í miðborgina annað en stöðu- mælasektir á daginn, pizzur og pilsner á kvöldin, lífs- háská að nóttu.

Skipulagsmál verða að öllum líkindum helsta kos- ningamál borgarstjórnar- kosninganna á næsta ári. Það er innan við ár til stefnu, svo sem eins og fimmtíu vikur í pólitík. Og þær líða hratt. Útspil sjálf- stæðismanna í síðustu viku þar sem áhersla var lögð á landfyllingar á milli Órfriseyjar og Akureyjar, ásamt íbúðabyggð í Engey, Viðey og Geldinganesi, hefur almennt hlotið jákvæðar undirtektir, þar á meðal í þessum dálki. Hugmyndir sjálfstæðismanna eru ekki síst þeirrar náttúru að kveikja í umræðunni um skipulagsmál í borginni, sem hefur verið stöðnuð og leiðinleg um langt árabíl – og yfirmáta embættismannaleg. Gallinn við þessa hugmyndavinnu sjálfstæðismanna er að þeir þorðu ekki að taka skrefið til fulls og skófla Reykjavíkurlugvelli burt úr Vatnsmýrinni og rýma með því móti fyrir byggð beggja vegna við miðborgina.

Reykjavíkurlugvöllur hefur verið helsta tabú umræðunnar um skipulagsmál í borginni um tveggja áratuga skeið. Athyglis- vert hefur verið að fylgjast með stjórnmálamönnum allra flokka hverfa ofan í hálsmálið þegar vik- ið hefur verið að framtíð vallar- ins. Í þeim efnunum hefur pólitískt þor verið af svo skornum skammti að líkja verður við póli- tíska fælni. Fyrir vikið hefur verið gripið til skammtímalækninga á landsvæðinu í kringum völlinn á síðustu misserum; lækninga sem líkjast munu alvarlegu meini eftir

TÍÐARANDINN SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON

„Skipulagsmál verða að öllum líkindum helsta kosningamál borgar- stjórnarkosninganna á næsta ári. Það er innan við ár til stefnu, svo sem eins og fimmtíu vikur í pólitík. Og þær líða hratt.“



nokkra áratugi þegar Reykvíkingar horfa á allar steypuskellurnar sem slett hefur verið á svæðið eins skjálfhentur múrari hafi stjórnað þar verki.

Íslendingar hafa efni á því að færa Reykjavíkurlugvöll. Og segja má reyndar með sanni að Íslendingar skuldi höfuðborginni það að flytja völlinn úr verð- mætasta byggingarlandi borgar- innar. Það eitt hefur vantað að sterkur stjórnmálamaður opnaði þverrifuna og talaði hreint og beint út um framtíð þessa svæðis.

Og loks hefur það gerst. Alfreð Þorsteinsson, oddviti framsóknar- manna í Reykjavík og eitt sterkasta límið í R-listasamstarf- inu, kveður sér hljóðs á forsiðu Fréttablaðsins á föstudag og tekur af skarið. Alfreð vill flugvöll- inn burt. Hann segir að landfyll- ing undir nýjan Reykjavíkurlug- völl á Lönguskerjum í Skerjafirði geti kostað 10 til 20 milljarða króna en menn megi ekki láta þann kostnað vaxa sér í augum;

sala lóða í Vatnsmýrinni geri gott betur en að hrökkva fyrir þeim kostnaði.

Alfreð telur ástæðu til að skoða nánar tillögur Sjálfstæðisflokks- ins um eyjabyggð á sundunum en bendir hins vegar á að þau mál séu „ekki næsta stóra viðfangs- efnið á sviði skipulagsmála í Reykjavík. Þar hlýtur Vatnsmýrin að koma á undan. Hvorki Sjálf- stæðisflokkurinn né R-listinn geta skotið sér undan því að taka af- stöðu um framtíð Reykjavíkurlug- flugvallar.“

Svo mörg voru þau orð.

Og mikið lifandi skelf- ing er þægilegt að vita til þess að alvarleg umræða er farin af stað um þetta efni. Hér fer saman skyn- samlegt og arðsamt verk- efni fyrir borgina og ríkið; sáttalaun sem íbúar Reykjavíkur og annarra byggðarlaga á landinu ættu að geta sætt sig fylli- lega við.

Stjórnmal á Íslandi snú- ast einna mest um þras. Táknmynd þeirra er tveggja manna tuð í sjón- varpsal; hnúttukast á síð- um dagblaðanna, fylukóst í opinskáum tímaritum.

Löngu er orðið tíma- bært að stjórnmálaöfl sem vilja láta taka sig alvar- lega taki höndum saman um framtíðarskipulag höf- uðborgar Íslands. Miklu betur fer á því að fulltrúar Reykjavíkurlistans viður- kenni að hugmyndir sjálf- stæðismanna um eyja- byggð eru bráðsnjallar en að muldra ofan í bringu sér einhvern öfögnuð um annarra manna frum- kvæði. Og þá fer ekki síð- ur vel á því að fulltrúar

minnihlutans í Reykjavík gripi hugmynd Alfreðs Þorsteinssonar á lofti og fylgi henni eftir; þessar tvær hugmyndir – eyjabyggð og skerjavöllur – fara einstaklega vel saman ... og hlúa betur að mið- borgarkjarnanum en nokkrar aðrar skipulagshugmyndir sem fram hafa komið á undanliðnum árum.

Reykjavíkurlugvöllur verður aldrei starfræktur í Keflavík – og hvorki í Svinahrauni né Kapellu- hrauni. Farþegaflug á milli byggð- arlaga úti á landi og Reykjavíkur verður aldrei arðvænlegt nema móðurvöllurinn verði sem næst stjórnsýslunni í höfuðborginni. Þetta er einföld sannindi sem hafa þvælst fyrir stjórnmála- mönnum í alltof langan tíma.

Það er tímabært að þetta byggðina allt í kringum miðborg- ina. Til þess þarf pólitískt þor og áreiði – og löngu tímabæra sam- stöðu. Sjálfstæðisflokkurinn og Alfreð Þorsteinsson hafa boðið upp í dans. Fleiri þurfa að finna taktinn. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTÖÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórnundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík **ADAL- SÍMI: 550 5000** SÍMBREF Á FRÉTTABLAÐI: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböðum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Ótrúlegt úrval

af sófasettum á vaxtalaus tilboði

Eingöngu fánlegt í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa
Óseyri 1 Akureyri

Allir sérsmíðaðir hornsófar*
á tilboði þessa viku

Sérsmíðum eftir þínum
þörfum.

Þú velur áklæði, stærð og gerð
og við smíðum fyrir þig.



**Vaxtalaus
verðsprengja!**

aðeins

8.325* kr

á mán. í 12 mánuði

Verð nú 99.900,-

Verð áður 149.900,-

*Stærð 2 sæti x horn x 2 sæti



Leðursófasett 3+1+1 3167



Hornsófi tau áklæði Paris



Hornsófi leður áklæði 3130



Leðursófasett 3+1+1 3002



Leðursófasett 3+1+1 3057



Leðursófasett 3+1+1 3171



Leðursófasett 3+1+1 3058



Leðursófasett 3+1+1 3166



Leðursófasett 3+1+1 3004



Bycast sófasett 3+1+1 Roma



Leðursófasett 3+1+1 Nice



Leðursófasett 3+1+1 Verona

Gildir til 13. júní eða á meðan birgðir endast.

*Stimpil-, seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

Eimskip hverfur nú tímabundið af hlutabréfamarkaði en stefnt er að skráningu félagsins fyrir lok janúar á næsta ári. Stefnt er að því að hluthafar Burðaráss, sem eru tæplega 20 þúsund fá þá bréf í Avion. Tæpir nú milljarðar af kaupverðinu eru borgaðir með bréfum í Avion og fer líklega hluti af þeim áfram sem arðgreiðsla til hluthafa Burðaráss.

Óskabarnið fer á flug

Stórt alhliða flutningafélag varð til með kaupum Avion Group á Eimskipum og stefnir félagið að skráningu á markað á næstunni. Margir hafa sýnt Eimskipum áhuga en Burðarás virðist hafa fengið tilboð sem það gat ekki hafnað. Burðarás fékk 21,6 milljarð fyrir 94 prósentu hlut sinn í Eimskipum, hluti var greiddur í peningum og hluti með bréfum í Avion Group.

Flutningafyrirtækið Eimskip hefur nú verið sameinað flugfélaginu Avion Group og verður fyrirtækið eitt af stærstu íslensku fyrirtækjunum. Stjórnendur Avion Group segja að með kaupum á Eimskipum skapist mikil tækifæri og hyggjast þeir nýta þau til frekari sóknar. Áætluð velta félagsins á þessu ári verður um 110 milljarðar og í fyrra var velta þess yfir 90 milljarðar króna. Hagnaður félagsins var í kringum 3,5 milljarða.

Stefnt er að því skrá félagið á markað fyrir lok janúar á næsta ári og fá þá hluthafar í Burðarási bréf í Avion. Verðið sem Avion borgaði fyrir Eimskip er talið sanngjarnt en aðrir fjárfestar höfðu sýnt félaginu áhuga en verðhugmyndir þeirra voru nokkru lægri en Burðaráss.

Sterkar stoðir

Kaup Avion á Eimskipum vekja upp þá spurningu að fyrst eigendur sjá tækifæri í því að reka saman skipafélag og flugfélag hvers vegna hafi þá ekki verið löngu búið að sameina Flugleið-



AVION GROUP VERÐUR EITT AF STÆRSTU FYRIRTÆKJUM LANDSINS
Magnús Þorsteinsson, Baldur Guðnason, forstjóri skipafélagsins og Halþór Hafsteinsson, forstjóri flugfélagsins.

ir og Eimskip. Eitt svarið er mjög einfalt, tímarnir hafa breyst og sameining er í tísku um þessar mundir.

Félögin hafa í gegnum tíðina

tengst sterkum eignatengslum og hefði því lítið staðið í vegi fyrir sameiningu. Fyrir nokkru höfðu Flugleiðir áhuga á að kaupa Eimskip fyrir um 20



VIÐ KJÓSUM ÞINN FLOKK, SAMA HVER HANN ER!

.....
Í BLÓÐBANKANN ERU ALLIR BLÓÐFLOKKAR VELKOMNIR. ÞAÐ ER NÆGILEGT MAGN AF BLÓÐI Í SAMFÉLAGINU, EN ÞVÍ MIÐUR ALLTOF FÁIR Í FRAMBODI. ÞAÐ VERÐUR AÐ BREYTAST. ERTU MEÐ ÞETTA Í BLÓÐINU?



Heyrumst!



milljarða en Burðarás vildi fá hærra verð. Stjórnendur félagsins hafa því greinilega séð tækifæri í sameiningu flutningafélags og flugfélags.

Kaupin komu dálítið á óvart vegna þess að í tilkynningu frá Burðarási frá því í febrúar sagði að ekki væri áformað að selja Eimskip að sinni, enda þótt fjölmargir aðilar hafi látið í ljós áhuga á að kaupa félagið.

En hvaða tækifæri sjá stjórnendur Avion og hvar liggja þau? Magnús Þorsteinsson, aðaleigandi og stjórnarformaður Avion og Eimskipa segir tækifærin liggja víða og bendir til dæmis á þrjú atriði sem víkja að kostnaði félaganna.

Í fyrsta lagi fái fyrirtækið ódýrari tryggingar vegna stærðar sinnar og betri samningsstöðu gagnvart tryggingafélögum. Kostnaður vegna trygginga er umtalsverður í rekstri félaganna. Í öðru lagi verði innkaup á olíu hagstæðari fyrir félögin vegna stærðarinnar en olíukostnaður er einnig umtalsverður í rekstri félaganna. Air Atlanta leigir vélar með olíu og viðskiptavinir félagsins bera kostnaðinn af olíunni en félagið ber sjálft kostnaðinn af eldsneyti á vélum Excel Airways. Excel Airways er leiguflugfélag og dótturfélag Avion. Í þriðja lagi verði fjármögnun félagsins ódýrari.

Magnús bendir einnig á að hægt verði að samtvinna starfsemi Eimskipa og Avion víða um heim en starfsstöðvar félagsins eru 80 um allan heim.

Hafþór Hafsteinsson, forstjóri flugrekstrar Avion segir sameininguna styrkja starfsemi eignarhaldsfélagsins. Sterkar stöði séu innan Eimskipa sem hægt sé að nýta fyrir hin félögin. Hann segir þó ekki stefnt að sameiningu allra stöðeilda en verði sé að skoða hvernig hægt sé að ná fram sem flestum tækifærum.

Magnús segir félagið geta boðið heildarlaunir í flutningum. Félögin hafa haft samstarf í flutningum en Atlanta flýgur fraktflug frá Íslandi undir eigin nafni.

Starfsemi félagsins verður fjölbreyttari en áður og því verða sveiflur í rekstrinum líklega minni.

Af markaði

Eimskip hverfur nú tímabundið af hlutabréfamarkaði en stefnt er að skráningu félagsins fyrir lok janúar á næsta ári. Stefnt er að því að hluthafar Burðaráss, sem eru tæplega 20 þúsund fái þá bréf í Avion. Tæpir nú milljarðar af kaupverðinu eru borgaðir með bréfum í Avion og segir Magnús líklega hluta af þeim fara áfram til hluthafa Burðaráss en eitthvað verði eftir í félaginu.

Áður var stefnt að því að skrá Eimskip á markað og á síðasta aðalfundi Burðaráss greindi Björgólfur Thor Björgólfsson frá því að til greina kæmi að greiða bréf í Eimskip út til hluthafa Burðaráss í formi nokkurs konar arðs. Sama virðist því eiga við nú með bréf í Avion. Ef ekki verður að skráningu hafa stærstu hluthafar Avion Group skuldbundið sig til að kaupa aðurnefnda hluti af Burðarási.

Talið er að það komi sér vel fyrir félagið að allir hluthafar Burðaráss fái bréf í félaginu og að það sé svo stórt því að þá verða viðskipti með félagið tíðari og verðmyndun á því betri.

Magnús Þorsteinsson er nú stærsti eigandi Avion Group en hann keypti hlut Þóru Guðmundsdóttur í félaginu og einnig keypti hann helming af hlut Arngríms. Aðrir eigendur eru Gunnar Björgvinsson, Ómar Benediktsson og eitthvað af fyrri eigendum Excel Airways.

Kaupin eru gerð með fyrirvara um að Avion Group fjármagni kaupin innan 14 daga og Magnús telur að það verði auðvelt. Tilboða verður leitað bæði hjá erlendum bönkum og innlendum. Hann sagði ekki sjálfgefið að Landsbankinn fjármagni kaupin en hann hefur

AFKOMA AVION GROUP SÍÐUSTU ÁR Í – MILLJÓNUM KRÓNA

Félag	Velta		Hagnaður	
	2004	2003	2004	2003
Air Atlanta	21.380	14.495	541	-910
Íslandsflug	8.526	5.510	178	102
Excel Airways	38.601	29.906	1.766	1.125
Samtals Avion Group:	68.507	49.911	2.485	317
Eimskip	24.063	23.284	991	536
Sameinað félag:	92.570	73.195	3.476	853

verið viðskiptabanki Avion, áður Air Atlanta um tíma.

Áður stefnt á markað

Avion hefur stefnt að skráningu í nokkurn tíma og var fyrst greint frá því fyrir rúmu ári síðan. Skráning hefur dregist nokkuð og búist var við skráningu nú í haust. Kaupin á Eimskip fresta því skráningunni nokkuð.

Kauphöllin hefur lengi freist-

að Avion, eignarhaldsfélags Air Atlanta, því árið 1999 var tilkynnt að Atlanta stefndi á markað innan 18 mánaða. Búnaðarbankinn Verðbréf keypti þá rúm 20 prósent í félaginu. Andri Sveinsson, starfsmaður Samson vann þá hjá fyrirtækjaráðgjöf Búnaðarbankans.

Ekkert varð þó af skráningu en félagið var þá í eigu Arngríms Jóhannssonar og Þóru

Guðmundsdóttur, stofnenda þess.

Um þessar mundir eru markaðsaðstæður hagstæðar fyrir nýskráningar og verða það eitthvað áfram.

Verðmæti félagsins gæti verið í kringum 50 milljarða króna.

Mikil veltuaukning

Velta Avion eykst hratt en hagnaðurinn virðist ekki vaxa jafn hratt. Hafþór segist vera mjög sáttur við afkomu ársins í fyrra. Stjórnendur félagsins hafi ekki átt von á svo hröðum viðsnúningi í fluggeiranum. Einnig bendir hann á að hátt eldsneytisverð hafi ekki komið jafn hart niður á flugfélögum og vænta mátti vegna þess að aukin eftirspurn hafi komið á móti, það sjáist í afkomutölum þeirra. Tap ársins 2003 segir Hafþór vera

vegna tiltektar í efnahagsreikningnum áður en félagið verður skráð. Aðallega var það afskrift viðskiptakrafna sem félagið taldi sig ekki fá greiddar sem skýrir tapið.

Rekstur Eimskipa hefur einnig verið bættur mikið að undanförunu og hefur félagið vaxið með kaupum á öðrum félögum. Ágætlega hefur tekist til þar og hefur afkoma rekstrarins batnað.

Vinna er framundan hjá stjórnendum félagsins við að koma auga á tækifærin sem felast í kaupum Avion á Eimskip og í að styrkja rekstur fyrirtækisins. Frekari kaup á félögum eru ekki útilokuð og fagna íslenskir fjárfestar komu félagsins á markað þrátt fyrir að einhverjir hefðu líklega viljað sjá tvö félög í stað eins.

dogg@frettabladid.is

SONY

Sumartilboð í Sony Center

Alvöru klippihugbúnaður og 3 spólur fylgja!



DSR-HC22

Stafræn myndavél

- 2,5 snertiskjár
- 20x optical Carl Zeiss linsa
- Tengistöð einfaldar allar tengingar

4.995 krónur á mánuði vaxtalaust*
59.940 krónur staðgreitt.



DSR-PC55

Stafræn myndavél

- 3" snertiskjár
- 12x optical Carl Zeiss linsa
- Tengistöð einfaldar allar tengingar

7.495 krónur á mánuði vaxtalaust*
89.940 krónur staðgreitt.

like.no.other™

Sony Center Kringlunni
588-7669 / 588-SONY
www.sonycenter.is

Sony Center

RONALD REAGAN (1911-2004) LÉST PENNAN DAG.

Ronald Reagan varð Bandaríkjaforseti 1981 og sat hann í tvö kjörtímabil. Hann var vinsæll kvikmyndaleikari áður en hann fór út í stjórnmál.



„Stjórnvöld eiga það til að leysa ekki vandamál, heldur hliðra þeim til.“

- Ronald Regan

tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST

Elvis veldur uppnámi

Þennan dag árið 1956 kynnti Elvis Presley smáskífu sína Hound Dog í sjónvarpsþætti Milton Berle í Bandaríkjunum. Elvis hneykslaði áhorfendur þegar hann dansaði með kynþokkafullum mjaðmahnykkjum. Þessi framkoma olli miklu fjölmiðlafári og aðrir spjallþáttastjórnendur, þar á meðal Ed Sullivan, formæltu henni. Sullivan sór þess dýran eidd að Elvis kæmi aldrei í þáttinn til sín. Um haustið fór það þó svo að Elvis var gestur hans í þrjú skipti. Elvis hafði þá verið að hljóðrita lög í tvö ár. Þegar hann vann í

raftækjabúð í Memphis fór hinn 18 ára Elvis í hádegishléi sínu og tók upp tvö lög í tilefni af afmæli móður sinnar. Afgreiðslumaður í stúdíóinu varð svo upprifinn að hann fór með upptökurnar til Sam Phillips sem gerði plötusamning við Elvis sama ár. Hinn umdeildi dans Elvísar með mjaðmahnykkjunum frægu vakti ugg foreldra en heillaði ungar stúlkur. Í upptökum á sjónvarpsþætti Eds Sullivan árið 1956 var ákveðið að mynda einungis efri hluta líkama Elvísar til að gæta allrar siðsemi.



5. JÚNÍ 1956 Til að gæta siðsemi var einungis efri hluti líkama Elvísar sýndur í sjónvarpsþætti Ed Sullivan.

MERKISATBURÐIR

- 1885 Bríet Bjarnhéðinsdóttir skrifar grein um menntun og réttindi kvenna í Fjallkonuna. Þetta er fyrsta grein sem íslensk kona skrifar í opinbert blað.
- 1967 Sex daga stríð hefst þegar Ísrael ræðst gegn Sýrlandi og Egyptalandi.
- 1968 Robert Kennedy, yngri bróðir John F. Kennedy, er skotin. Hann lætur lífið daginn eftir af sárum sínum.
- 1975 Íslendingar sigra Austur-Þjóðverja í landsleik í knattspyrnu.
- 1991 Hæstiréttur kveður upp dóm í Hafskipsmálinu. Flestir hinna ákærðu eru sýknaðir.

AFMÆLI

Vilhjálmur Einarsson frjálisþróttamaður á Egilsstöðum er 71 ára.

Hjörtur Pálsson rithöfundur er 64 ára.

Sigurður Rúnar Friðjónsson er 55 ára.

Kristín Arngrímsdóttir myndlistarkona er 52 ára.

Guðmundur Oddur Magnússon er 50 ára.

Sigrún Waage leikkona er 44 ára.

Drífa Snædal, fræðslu- og framkvæmdastjóri samtaka um Kvænnaathvarf, er 32 ára.

ANDLÁT

Rósa Magnúsdóttir frá Bíldudal, andaðist á Sjúkrahúsi Ísafjarðar mánudaginn 30. maí.

Sigurlín (Eva) Andrésdóttir, Skjólí, áður Furugerði 1, lést mánudaginn 30. maí.

Helgi Hallgrímsson húsgagna- og innanhússarkitekt, lést á hjúkrunarheimilinu Eir fimmtudaginn 2. júní.

Jófríður Ólafsdóttir, Staðarhrauni 3, Grindavík, lést á heimili sínu fimmtudaginn 2. júní.

Björgvin Bjarnason járnsmiður, Hlíðarvegi 57, Kópavogi, andaðist á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð, Kópavogi, fimmtudaginn 2. júní.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfari í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.



Talstöðin
FM 90,9



ÚTSKRIFTARHÓPUR Útskriftamemar ásamt skólameistara.

Austur-Skaftafellssýsla: Hundraðasti stúdentinn

Hundraðasti stúdent Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu var meðal þeirra sem voru útskrifaðir við þrettándu útskrift skólans í lok maí. Fyrstu nýstúdentarnir voru útskrifaðir árið 1992 og hafa alls 102 stúdentar sett upp hvíta kollinn í skólanum sem staðsettur er á Höfn í Hornafirði. Að þessu sinni útskrifuðust 8 stúdentar: 5 af skrifstofubraut og 16 af almennri braut. Dux Scolae að þessu sinni var Hulda Rós Sigurðardóttir. ■

Hjólavæn borg

Alþjóðlegi umhverfisdagurinn er í dag. Af því tilefni stendur Landvernd fyrir hjólalest í samvinnu við Landssamtök hjólréiðamanna. Hjólað er undir yfirskriftinni „Hjólavæn borg“ en lestin er í tengslum við afhendingu Bláfánans sem afhentur verður á ylströndinni í Nauthólsvík í lok ferðar. Þá býður Íþrótt- og tómstundaráð upp á hressingu. Lagt er af stað frá Eimreiðinni á miðbakka Reykjavíkurhafnar þegar klukkuna vantar tíu mínútur í tvö en formaður Landverndar, Björgólfur Thorsteinsson, umhverfisráðherra, Sigríður Anna Þórðardóttir og forseti borgarstjórnar Reykjavíkur, Stefán Jón Hafstein, verða í broddi fylkingar. ■



FÖLMENNI Á KAJANUM Hundruð manna söfnuðust saman á bryggjunni á Patreksfirði í gær og fylgdust með dorgveiði og kraftakeppni.

TIMAMÓT: SJÓMANNADEGI FAGNAÐ UM ALLT LAND

Verðskuldaður virðing-arvottur við sjómenn

Sjómannadegi er fagnað víðast hvar um landið í dag en fyrsti sunnudagur júnímánaðar hefur verið helgaður sjómönnum allar götur síðan 1938.

Það er óhætt að segja að óvída hefur myndast jafn sterk hefð fyrir deginum og á Patreksfirði. Þar hefur dagurinn undið upp á sig í gegnum tíðina og er í raun og veru orðinn sjómannadagshelgi því dagskráin er þéttskipuð frá fimmtudegi fram á sunnudag. Einar Jónsson og Árni Magnússon fara fremstir í flokki sjómannadagsráðs á Patreksfirði sem hefur veg og vanda að því að skipuleggja hátíðarhöldin. Þeir hafa verið í ráðinu í tæpa tvo áratugi og eru sammála um að sjómannadagurinn er stéttinni afar mikilvægur. „Þetta er dagurinn þar sem sjómenn koma saman og eiga ánægjulega stund og það skiptir menn miklu máli að finna fyrir þessari samkennd.“

Aðrir þurfa heldur ekki að láta sé leiðast enda nóg um að vera og fólk getur tekið þátt í knattspyrnu- og golfmóti, sjóstangaveiði, hlýtt á Álftagerðisbræður syngja, litíð á myndlistarsýningar og bryggjuball svo fátt eitt sé nefnt. Herlegheitunum lýkur svo með stórum dansleik á sunnudeginum og ekki er óalgent að samúðarfullir yfirmenn gefi starfsmönnum frið fram að hádegi á mánudeginum þar sem flestir hafa jú verið að dansa fram á nótt.

MYND/HAFSTEINN ORRI INGASON



EINAR JÓNSSON OG ÁRNI MAGNÚSSON Þeir félagar hafa komið að skipulagningu hátíðarhaldanna í næstum tvo áratugi.

Árni og Einar segja að það sé ekki vanþörf á að hafa þetta og fjölbreytta dagskrá þar sem fjölmargir gestir leggi leið sína í bæinn yfir helgina. „Ég geri ráð fyrir að íbúatalan tvöfaldist,“ segir Einar. „Það er mikið af brottfluttum Patreksfirðingum sem nota tækifærið og vitja heimahaganna en það kemur líka margt fólk hingað sem hefur heyrt af stemningunni og vill heimsækja okkur. Við tökum þeim auðvitað fagnandi.“

Einar og Árni eru þó hógvæðin uppmáluð og eigna sér ekki heiðurinn af velgengninni fyrir vestan. „Það er einvalalið manna sem stendur í þessu með okkur og gefur tíma sinn til að koma þessu í kring. Það fylgir þessu vissulega mikil vinna en það væri auðvitað ekki hægt að koma þessu í kring ef ekki væri fyrir fólkíð sem tekur þátt í þessu með okkur og vill með því sýna sjómönnum þann sóma sem þeir eiga skilið.“ ■



Ástkær maðurinn minn, faðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

Kristján Belló Gíslason,

fv. leigubílstjóri, Vogatungu 101, Kópavogi,

er andaðist á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð að kvöldi þriðjudagsins 31. maí, verður jarðsönginn frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 7. júní kl. 13. Þeim sem vildu minnst hans er vinsamlegast bent á að láta hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð njóta þess.

Halldóra Stefánsdóttir
Vera Kristjánsdóttir
Gísli P. Kristjánsson
Guðleif Kristjánsdóttir
Arnþrúður M. Kristjánsdóttir
Stefán R. Kristjánsson
barnabörn og barnabarnabörn

Oddný S. Gísladóttir
Helgi H. Eiríksson
Hafsteinn M. Guðmundsson
Aglá B. Róbertsdóttir

Kynnum **þrjú** af **fimm** nýju vörumerkjum okkar á árinu

HÚSGAGNASÝNING ALLA HELGINA



Gandia Blasco



Modiss



Ebanis



Modiss



Gandia Blasco



Gandia Blasco - motta



Modiss

Ebanis Hillusamstæður
Gandia Blasco Garðhúsgögn, útikerti og mottur
Modiss Ljós



Reykjavík - Oslo



Gandia Blasco



Gandia Blasco

Fákafen 9 - 108 Reykjavík - Sími: 568 2866 - www.exo.is

Opið sunnudag: 13 - 17



Sigurður Ólafsson, f. 1920
Var á sjó frá 1937 til 1985

Sigmann Tryggvason, f. 1917
Var á sjó frá 1930 til 1997



Sjómenn, til hamingju
með daginn.



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

Sigurður Kr. Árnason, f. 1925
Var á sjó frá 1943 til 1993

Haltur leiðir blindan

Eftir tvær vikur halda góðvinirnir **Bjarki Birgisson** og **Guðbrandur Einarsson** í göngutúr. Þetta verður enginn skottúr því þeir ætla að ganga 1.200 kílómetra – hringinn í kringum landið – á 46 dögum. Bjarki er haltur og Guðbrandur nærri blindur. *Björn Þór Sigbjörnsson* hitti þá í vikunni.

Þjóðvegur eitt er ekki árennilegasta gönguleið landsins enda liggur hann um heiðar og fjöll. Brekkurnar bíða Bjarka Birgissonar og Guðbrands Einarssonar. Meðal helstu fjallvega eru: Hellisheiði, Almannaskarð, Öxi, Möðrudalsöræfi, Mývatnsheiði, Öxnadalsheiði, Vatnsskarð og Holtavörðuheiði. Það eru þó ekki brekkurnar sem Guðbrandur óttast mest. „Ég kvíði helst fyrir því ef það gerir storm á Söndunum. Þá getum við bara pakkað saman á meðan. Svo held ég að það geti verið erfitt að ganga í mikilli umferð í grennd við stóru kaupstaðina.“

Annars telja þeir félagar að það verði erfiðast að byrja; að koma sér af stað. Og svo er rétta hugarfarið vitaskuld mikilvægt. „Við verðum að passa að verða ekki leiðir á þessu,“ segja þeir og bæta við hlæjandi að þeir hafi reynt að hittast sem minnst síðustu vikur til að verða síður leiðir hvor á öðrum meðan á göngunni stendur.

Þeir eru komnir í startholurnar og vildu helst að mánudagurinn 20. júní væri á morgun en ekki eftir tvær vikur. „Það væri gott ef svo væri, þá gætum við byrjað að ganga.“

Dorrit til verndar

Undirbúningur göngunnar hefur gengið vel en hann hefur staðið frá því í janúar. Bjarki og Guðbrandur hafa leitað stuðnings hjá fólki og fyrirtækjum og alls staðar hefur þeim verið vel tekið þó að framlögin hafi verið mishá og stundum engin. „Í upphafi tók fólk okkur meira í gríni en alvöru,“ segir Bjarki sem hlakkar til að vera laus við undirbúninginn.

Þeir hafa leitað eftir stuðningi til að standa straum af kostnaðinum við gönguna, sem helst felst í fæði og gistingu, en eru ekki í áheitasöfnun. „Markmið göngunnar er ekki að safna peningum. Við erum bara að reyna að komast kostnaðarlausir frá þessu,“ segir Guðbrandur en bankareikningur verður opnaður fyrir þá sem vilja liggja þeim fjárhagslegt lið.

Sjálfir hafa þeir að mestu undirbúið það sem að þeim snýr en gangan er skipulögð í samstarfi við Sjónarhól, Íþróttasamband fatlaðra og Íþrótt- og ólympíusamband Íslands.

Þeir félagar verða ekki einir í för, með þeim verður Tómas Birgir Magnússon íþróttakennari sem eltir á bíl og veitir þeim nauðsynlega aðstoð á leiðinni. Og verndari göngunnar miklu verður Dorrit Moussaieff forsetafrú.

Gengið gegn fordómum

Tilgangur hringgöngu Bjarka og Guðbrands er þrjúþættur en allt ber þó að sama brunn. Þeir vilja vekja athygli á málefnum barna með sérþarfir og sýna að hægt sé að yfirvinna hindranir með viðeigandi hjálpartækjum, þjálfun og stuðningi. Þá vilja þeir stuðla að mannvirðingu og manngretri reisn og heimi án aðgreiningar.

„Það verður að minnka fordómanna í þjóðfélaginu og skapa samstöðu meðal fólks,“ segir Bjarki og spyr: „Hvers vegna getur fólk verið haldið fordómum



HUGMYNDIN FÆDDIST Á NUDDBEKK

Það var á nuddbökk á Nuddstofu Guðbrands Einarssonar í Laugardalnum sem hugmyndin að göngunni kviknaði. Það var líka þar sem Guðbrandur og Bjarki kynntust fyrir nokkrum árum. „Ég hef nuddað fyrir Íþróttasamband fatlaðra og Bjarki kom fyrst til mín 2002 þegar hann var að búa sig undir heimsmeistaratótið í sundi ári síðar,“ segir Guðbrandur.

Með þeim tókst ágætur vinskapur og eins og gengur í samræðum manna fæddist hugmynd. „Við vorum bara að spjalla og allt í einu kom upp hugmyndin um að ganga hringinn,“ segir Bjarki og Guðbrandur bætir við: „Orðatiltækið haltur leiðir blindan kom þá upp í hugann og þá varð ekki aftur snúið.“

gegn einhverju sem það getur sjálft lent í á lífsleiðinni?“ Honum er málið hugleikið enda hefur hann fengið sinn skerf af fordómum í gegnum árin. „Þeir hafa birst mér þannig að fólk setur sama semmerki milli þess líkamlega og þess andlega.“

Með öðrum orðum hefur fólk litið svo á að eitthvað sé að í kollinum á Bjarka þar sem hann getur ekki gengið beint. Það er dæmi um hreina og klára fordóma.

Samfélagið gerir fólk fatlað

Bjarki er bjartstýnn og lífsglaður ungur maður sem strax á æskuárnum einsetti sér að sigrast á fötlun sinni. „Þegar slíkt tekst er maður sigurvegari og jafningi allra,“ segir hann og gagnrýnir hvaða augum almenningur lítur þá sem á einhvern hátt eru frábrugðnir öðrum. „Það er nú einu sinni þannig að manneskja í hjólastól er ekki fötlud. Það er samfélagið sem gerir hana fatlaða með öllum hindrununum. Á þetta viljum við benda og ef þjóðfélagið kæmi með okkur og lagaði þetta stæðu allir á jafnréttisgrundvelli.“

Bjarki vill að allir taki öllum eins og þeir eru og að allir taki virkan þátt í samfélaginu.

Og í tengslum við fordómanna rifjar hann upp að fyrir fimmtán árum var mönnum strítt fyrir að vera með gleraugu. „Nú þykir flott að vera með gleraugu og þau eru í tísku. Normið er miðað út frá tísku og tíðaranda og hver segir að ég geti ekki komist í tísku eftir tíu ár,“ spyr hann og hlær dátt. Hann brosir að lífinu og hefur einstaklega gaman af að vera til.



KLÁRIR Í SLAGINN Félagarnir Guðbrandur og Bjarki hafa búið sig vel undir göngu sína gegn fordómum, hringinn í kringum landið.



BJARKI

„Ég fæddist með spasma í fótum sem veldur því að ég get ekki gengið beint,“ segir Bjarki sem hefur ekki látið það aftra sér í lífinu. Hann stóð í markinu hjá HK, bæði í hand- og fótbolta og vann til verðlauna í báðum greinum. Þá vann hann fjölmörg afrek í sundiþróttinni, setti heimsmet, komst á verðlaunapalla á stórmótum og keppti á Ólympíumóti. Nú sinnir hann sundþjálfun hjá Fjölni. „Ég segi oft að eina hömlunin sé þegar lög-reglan stoppar mig á bílnum. Ég bið þá um að þurfa ekki að ganga eftir línu því það er öruggt að ég fell á slíku prófi.“ Bjarki er 23 ára Kópavogsbúi og heldur úti heimasíðunni bjarki.is.

GUÐBRANDUR

„Ég fékk sýkingu upp úr mislingum þegar ég var ellefu ára,“ segir Guðbrandur. „Sjónin var stöðug næstu fimmtán ár á eftir en hefur svo smá versnað síðan. Ég áttaði mig á þessu þegar við vorum að keyra inn að Hólmavík og ég sá ekki fiskihjallana sem þar stóðu.“ Guðbrandur er nuddari og kennari við Nuddskóla Íslands auk þess að vera formaður Nuddarfélagssins. Hann er frá Broddanesi á Ströndum og sinnir þar búskapnum með foreldrum sínum um flestar helgar. Þangað fer hann helgina fyrir gönguna til að veiða sel. Hann ætlar að hafa með sér bita og gefa Bjarka að smakka sem list heldur illa á. Guðbrandur er 42 ára, kvæntur og tveggja barna faðir.

Hlakka til hvers skrefs

Það krefst orku og úthalds að ganga hringinn í kringum landið og Bjarki og Guðbrandur hafa undirbúið sig ágætlega á síðustu mánuðum. Þeir hafa gengið reglulega, vanalega í tvo til þrjú klukkutíma á dag en Bjarki hefur lengst farið í átta tíma göngutúr. Þeir þurftu ekki að ráðast í sérstakt líkamsræktaráttak því báðir eru í góðu formi og til í glímuna við þjóðveginn.

Þeir búast við að leggja að jafnaði 24 kílómetra að baki dag hvern en það þýðir fimm til sex tíma daglega göngu. Þeir segja annars að þeim liggi á raun ekkert á og ætla því að taka lífinu með ró.

Bjarka og Guðbrandi er kunnugt um tvo Íslendinga sem áður hafa gengið hringinn í kringum landið. Tuttugu ár eru síðan Reynir Pétur Ingvarsson vakti þjóðarathygli með göngu sinni en skemmra er síðan Sverrir Þór Sverrisson – Sveppi – gekk sömu leið. Tvímenningarnir hafa ekki leitað ráða hjá forverum sínum á hringveginum en vonast til að geta heilsað upp á Reyni Pétur þegar þeir ganga í grennd við Sólheima strax á fyrstu kílómetrunum.

Og þrátt fyrir að einhverjar hindranir kunni að verða á vegi Bjarka og Guðbrands eru þeir hvergi bangnir. „Ég mun hlakka til að taka hvert skref, þannig komumst við á leiðarenda,“ segir Bjarki og Guðbrandur kinkar kolli til samþykkis. Svo er bara að vona að það blási ekki mikið á Söndunum.

Hægt verður að fylgjast með göngunni á gangan.is og í Fréttablaðinu.

Sala á húsbílum hér á landi margfaldast milli ára:

Sá dýrasti á þrettán milljónir

Hætt er við að þorri almennings þurfi að bæta við sig eins og tveimur störfum eða selja íbúð sína standi hugur til að fjárfesta í dýrustu tegund af húsbílum sem seldir eru hérlandis. Er þar um bíl af tegundinni Hymer að ræða sem Evró ehf. á Grensásvegi selur þessa dagana á tæpar

HELSTU SELJENDUR HÚSBÍLA:

- Netsalan Knarrarvogi 4 Húsbílar frá 4,1 – 6,2 milljóna Evró ehf. Grensásvegi
- Húsbílar frá 4,7 – 12,9 milljóna Seglagerðin Ægir Eyjaslóð 7 Húsbílar frá 3,9 – 7,9 milljóna
- Vikurverk Tangarhöfða 1 Húsbílar frá 4,4 – 8,1 milljónar

þrettán milljónir króna.

Hægt er að fá bílalan til 84 mánaða fyrir gripnum, sem gerir um 155 þúsund krónur á mánuði auk vaxta, en fyrir vikið þarf um engan að væsa sem ferðast í slíkum bíl. Sturtur inni og úti, fallett salerni, sjónvarpsflatskjár, stór kæli-skápur, öflugt hitakerfi og allt sem nokkurn mann getur vanhagað um.

Fer þeim fjölgandi hér á landi sem selja húsbíla enda vaxandi eftirspurn ár frá ári. Verð er æði mismunandi eftir gæðum og búnaði hvers bíls fyrir sig en almennt má fá góða almenna húsbíla frá fimm milljónum króna og upp úr. Er það ekki

ósvipuð upphæð og greiða þarf fyrir sémilegan sumarbústað en þá á eftir að taka tillit til eldsneytisnotkunar og þar sem flestir húsbílar nota dísilolíu er hætt við að mörgum bregði við í júlí þegar ný lög um olíugjald taka gildi. Mun þá lítri af dísilolíu verða á svipuðu verði og lítrinn af bensíni.

Svo virðist sem þetta sé ekki efst í huga þeirra sem hug hafa á að kaupa sér einn húsbíl enda er sömu sögu að segja frá öllum umboðunum; salan milli ára hefur margfaldast og nokkrar vinsælustu tegundir húsbíla eru þegar uppseldar.



LÆTUR EKKI MIKIÐ YFIR SÉR Dýrasti húsbíll landsins er þessi Hymer sem Evró sleur. Verðmiðinn hefur ekki komið í veg fyrir að fjölmargir hafa forvitnast og eru fleiri en eitt umboð að skoða innflutning á enn dýrari tegundum á næsta ári.



JACK WHITE hefur getið sér gott orð sem leikari og kom meðal annars fram í kvikmyndinni Coffee and Cigarettes.

White giftist Karen Elson

Söngvari hljómsveitarinnar White Stripes, Jack White, giftist unnustu sinni á kanó í Amazonfljóti í Brasilíu. Jack giftist bresku fyrirsætunni Karen Elson síðastliðinn miðvikudag og Meg White, fyrrverandi eiginkona Jacks var brúðarmeyja við athöfnina. Giftingin var framkvæmd af Shaman-tófrapresti en strax eftir brúðkaupið fóru þau og fengu blessun kaþólsks prests í kirkju sem kallast

Igreja Matric. Karen hefur verið kölluð „sú skrítna“ í fyrirsætubransanum vegna mjög sérstaks útlits og hin nýbökðu hjón eiga það sameiginlegt að vera mjög fól. Elson kemur fram í nýjasta myndbandi hljómsveitarinnar við lagið Blue Orchid en að öðru leyti hefur samband þeirra farið

KAREN ELSON var mikið strítt í skóla fyrir skrítið útlit sitt.

mjög leynt. Þessar fréttir koma aðeins nokkrum vikum á eftir fregnunum af brúðkaupi Renee Zellweger en hún og Jack voru þar og eru tilölulega nýhætt saman. Annars eru White Stripes að fara að gefa út sína fimmtu plötu 6. júní sem mun heita Get Behind Me Satan. ■



Googlað á netinu

Vinsæl veiki

Hermannaveiki hefur verið mikið í umræðunni undanfarið enda hafa greinst óvenju mörg tilvik hennar á þessu ári. Þegar hermannaveiki er slegið inn á Google þá koma 1.390 færslur. Hermannaveiki er ein tegund lungnabólgu og þegar því orði er googlað fást 562 færslur. Á ensku heitir hermannaveiki legionary disease og þá fást mun fleiri síður, eða 17.400. Það er hins vegar bakterían Legionella sem veldur hermannaveiki og um hana finnst langflestær færslur, því þær eru hvorki fleiri né færri en 754.000. ■

Mánaðaráskrift að DV og 5 eintök af Hér&nú á aðeins 2.400 krónur



á meðan 5 stk. af Séð og heyrt kosta 1995 krónur.*

Hvort er betri dill?

Við bendum þeim sem hafa áhuga á fólki og brennandi þjóðfélagsmálum góðfúslega á að með áskrift að DV fylgir nýja blaðið Hér & nú! Fylgstu með og fáðu dagblað og vikulegt tímarit á aðeins 2.400 kr. á mánuði.

Áskriftarsími
550 5000

Hér & nú DV

* Max. verð júní 2005



Borgin vestan Elliðaárósa

Reykjavík væri allt önnur hefðu öll íbúðasvæði borgarinnar þróast með sama hætti og svæðið innan Hringbrautar og Snorrabrautar sem alla jafna gengur undir heitinu 101 Reykjavík. Byggðin væri mun þéttari og kæmist öll fyrir innan Elliðaárósa. Kirkjugarðurinn í Fossvogi, flugvöllurinn í Vatnsmýri, útivistarsvæði í Laugardalnum og önnur atvinnu- og útivistarsvæði væru þó öll eins og þau eru í dag.

- Íbúðasvæði Reykjavíkur miðað við sama þéttleika byggðar og er innan Hringbrautar og Snorrabrautar.
 - Íbúðasvæði sem byggst hafa utan þess svæðis sem rúmaði borgarbyggðina miðað við sama þéttleika byggðar og er innan Hringbrautar og Snorrabrautar.
- Heimild: Kortid er byggt á gögnum frá skipulags- og byggingarsviði Reykjavíkurborgar.

Reykjavík hefði öll rúmast vestan Elliðaárósa

Árbær, Breiðholt, Grafarholt og Grafarvogur væru líklega ekki til ef Reykjavík hefði verið byggð upp í sama anda eftir 1940 og fyrir þann tíma þegar fyrirmyndirnar voru þéttbyggðar evrópskar borgir. Tugþúsundir Reykvíkinga sem nú búa austan Elliðaárósa byggju væntanlega í þéttbýlum hverfum vestan ársanna ef sú leið hefði verið valin. *Brynjólfur Þór Guðmundsson* leit á uppbyggingu Reykjavíkur og aðra hugsanlega leið sem ekki var farin.

Rúmlega 50 þúsund Reykvíkingar sem búa í efri hverfum borgarinnar kynnu að eiga heima í þéttbýlum hverfum vestan Elliðaárósa ef Reykjavík hefði þróast með öðrum hætti en hún hefur gert síðustu áratugi. Þetta er hátt í

hellingur þeirra einstaklinga sem byggja Reykjavík í dag.

Engar efri byggðir

Þetta kemur í ljós þegar skoðaðir eru útreikningar sem Fréttablaðið lét vinna fyrir sig um hvernig byggð í Reykjavík

48 prósent undir umferðarmannvirki:

Bílaborgin Reykjavík

Meira landsvæði fer undir samgöngumannvirki en byggð í Reykjavík, samkvæmt rannsóknnum Nielsar Einars Reynissonar, nema í landafræði við Háskólann í Reykjavík.

Níels komst að því að þriðjungur nýttis borgarlands færi undir götur og fimmtán prósent undir bílastæði. Samanlagt er þetta nær hellingur alls þess landsvæðis innan borgarinnar sem hefur verið nýtt með einhverjum skipulegum hætti. Þetta er meira en þau 42 prósent sem fara undir íbúðar- og atvinnubyggingar. Tíu prósentin sem upp á vantar fara undir opin svæði.

Rannsóknin sýndi jafnframt fram á að allt að áttfalt meira landsvæði fer undir samgöngu-

mannvirki á hverja íbúð í út- hverfum borgarinnar en miðbænum.



UMFERÐ Í BORGinni Sífellt meira landsvæði fer undir götur og bílastæði.



BYGGÐ VIÐ GRETTISGÖTU/NJÁLSGÖTU Grettisgata/Njálsgata er meðal þeirra gatna innan Hringbrautar og Snorrabrautar þar sem flestir búa, rúmlega 600 manns í þétri byggð. Hverfið er hið þéttbýlasta í Reykjavík.

kynni að hafa þróast hefði hún alls staðar orðið með sama hætti og í 101 Reykjavík, svæðinu sem afmarkast af Hringbraut í suðri og Snorrabraut í austri. Breiðholt, Árbær, Grafarvogur og Grafarholt hefðu öll verið óþörf hverfi þar sem landsvæðið vestan Elliðaárósa hefði annað allri eftirspurn eftir íbúðasvæði og reyndar meira til. Samkvæmt þessu væri enn pláss fyrir sex þúsund íbúðir vestan Elliðaár-

ósa sem gera má ráð fyrir að dygði allri eftirspurn næstu átta árin. Hefði þessi leið verið farin hefði því ekki þurft að reisa íbúðabyggð austan Elliðaárósa fyrr en nokkuð eftir árið 2010.

Reykjavík hefði getað byggst þetta þétt þrátt fyrir legu Reykjavíkurflugvallar í Vatnsmýrinni, kirkjugarðurinn í Fossvogi, atvinnusvæði með sjónum og útivistarsvæði hvort sem er í Laugardal, Öskjuhlíð eða

Nokkrar hugmyndir sem voru ekki framkvæmdar

1884: Luder bakari býðst til að fylla upp í Tjörnina fyrir sjö þúsund krónur

1951: Tillaga um niðurrif gömlu húsnanna við Tjörnina og byggingu háreiðra fjölbýlishúsa í staðinn.

1963: Rökréttast talið í vinnu við aðal skipulag að flytja flugvöllinn úr Vatnsmýrinni. Áltanes var talið besti flugvallarkostur á höfuðborgarsvæðinu, Vatnsmýrin sá versti.

1975: Tillaga á Alþingi um að skoða flugvallarstæði á Lönguskerjum í Skerjafirði felld.



198.800 kr.

Ármúla 23, sími: 568 4242



heimma
húsgagnaverslun



13.700 kr.



6700 kr.



79.800 kr.



heimma





ARON PÁLMI ÁGÚSTSSON „Það hefur ekkert upp á sig að líta til baka. Í dag veit ég að það sem ég gerði er rangt. Ég hugsa og bið til þess einstaklings sem ég braut gegn.“

ÉG VIL NÝTT LÍF Á ÍSLANDI

Aron Pálmi Ágústsson bíður eftir því að komast til Íslands. Hann hefur varið síðustu átta árum ævinnar bak við lás og slá í fangelsum Texas-ríkis í Bandaríkjunum. Hann er bjartsýnn á framtíðina, ætlar að sækja sér menntun og móta sér framtíð í öðru umhverfi. *Hjálmar Blöndal* átti samtalið við Aron Pálma sem sagði frá fangelsum í Texas, daglegu lífi og draumnum um að komast heim til Íslands.

Aron Pálmi Ágústsson situr í stofufangelsi í Beaumont í Texas í þrjátíu og fimm stiga hita. Hann var þrettán ára gamall þegar hann var dæmdur til tíu ára betrunarvistar af dómstóli í Texas í Bandaríkjunum. Hann hefur afplánað tæp átta ár af dómnum en fékk skilorðsbundna reynslulausn árið 2002. Hann þarf þó að lúta ýmsum reglum sem settar eru af fangelsisýfirvöldum og hefur takmarkað frelsi.

Þegar Aron Pálmi var þrettán ára gamall átti sér stað barnsleg yfirsjón hans í leik við annað barn. Yfirsjón sem flestir hefðu litið á sem mistök í leik barna en það háttaði svo til að líf Arons Pálma tók stefnu sem engan hefði órað fyrir. Dómari í Texas leit málið alvarlegri augum en tilheyrir þeim viðmiðum og gildum sem Íslendingar hafa vanist og dæmdi Aron Pálma til þungrar refsivistar.

„Ég gat ekki ímyndað mér að ég ætti eftir að verða dæmdur til tíu ára fangelsisvistar þegar ég

var í dómssalnum. Ég hélt kannski að ég yrði settur í útgöngubann eða eitthvað álíka. Ég vissi ekki að það sem ég gerði var rangt. Ég var bara barn. Þegar dómurinn var lesinn upp áttaði ég mig ekki heldur á alvarleika málsins. Það var ekki fyrr en ég sá fimmtán ára systur mína bresta í grát í dómssalnum að ég skildi að það var eitthvað óeðlilegt að gerast.“ segir Aron Pálmi. Hann hóf afplánun og bjó sig undir líf innan veggja fangelsa Texas-fylkis án gruns um hvað koma skyldi.

Niðurlæging og fangelsisgirðingar

Afplánun Arons Pálma hófst og fyrstu fjörutíu og fimm dagana var hann vistaður innan um fjörutíu einstaklinga sem svipað var ástætt um; þeir höfðu framið ýmis afbrot og hlotið dóm. Sumir höfðu framið morð en aðrir höfðu stolið bíl og tóku út sína refsingu.

„Á þessum stað var fólk brotið niður. Þarna vorum við saman um fjörutíu manns í einum sal. Þú

gerðir þarfar þínar fyrir framan alla aðra og fékkst úthlutað fimmtán salernisbréfum. Þú fórst líka í sturtu fyrir framan aðra fanga. Það var bannað að tala við aðra og ef þú gerðir það þá var þér refsað með því að láta þig standa úti í horni í klukkutíma. Þetta var upphafið á dvölinni og mér leist ekki á það sem koma skyldi.“ segir Aron.

Hann var svo fluttur í Giddings-fangelsið sem er í um fjörutíu mínútna keyrslu frá Austin í Texas. Þar eru vistaðir um 430 fangar af yngri kynslóðinni og er fangelsið skilgreint sem barnafangelsi með hámarks öryggisgæslu. Fangaverðir eru búnir tækjum og tólum til að bregðast við ástandi sem upp kann að koma en þar dvaldi Aron Pálmi næstu sjö árin.

„Þarna eru vistaðir harðsvirustu glæpamennirnir. Þetta er kallað skóli en svæðið er afmarkað með háum girðingum og er auðvitað ekkert nema fangelsi. Ég lauk ýmsum prófum þarna og lærði eins og aðrir. Ég lauk prófi í tölvufræði og hafði gaman af náminu. Ég hef gaman af því að læra og í framtíðinni langar mig að ná mér í meistaraþráðu í hegðunarsálfræði. Mér hefur alltaf fundist ég hafa skilning á því hvernig fólk líður og mig langar að koma fólk til hjálpar. Áhuginn er auðvitað líka til kominn út af minni eigin reynslu en mig hefur alltaf dreymt um að geta hjálpað öðrum.“ segir Aron. Hann segir lífið innan fangelsismúranna hafi verið blanda af vinnu og námi. Aron Pálmi hafði tvö störf með höndum. Annað í eldhúsinu og hitt í líkamsræktinni. Hann segir að störfin hafi gert það að verkum að tíminn leið hraðar en hann hafi þó oft bundið vonir við frelsi og tíminn liðið hægt á köflum.

Vonaðist eftir lausn
„Ég fékk heimsóknir og foreldrar mínir komu tvisvar í mánuði. Svo komu frænkur og frændur og meðal annars amma mín frá Íslandi sem er dáið í dag. Þegar foreldrar mínir komu máttum við fara af svæðinu í þrjár klukkustundir í hverri heimsókn en fyrst

eftir að ég hafði verið í fangelsinu í fimm ár. Það var mjög gaman að fá þau í heimsókn en þetta var erfitt fyrir þau eins og fyrir mig. Þau sáu mig í aðstöðu sem þau gátu ekkert gert í.“ segir Aron Pálmi. Foreldrar Arons Pálma eru íslenskir en stjúpfaðir hans er bandarískur en Aron flutti til Bandaríkjaanna tveggja ára gamall.

Hann segist oft hafa bundið vonir við frelsi þegar hann dvaldi í fangelsinu. Slíkt hafi verið

heldur en að fara í þessi fangelsi. En þau reyndu allt til að koma mér í fangelsið. Þau breyttu skjölum, lugu og eitt vitni þeirra var staðið að því að bera ljúgvitni. Það var sálfræðingur sem átti að vitna gegn sinni eigin sannfæringu og sagði lögmanni mínum frá því. En svo vildi hún ekkert viðurkenna en hún var eiðsvarin og dómariinn sá í gegnum hana. Ég skildi reyndar aldrei af hverju þeir voru að reyna fá mig færðan yfir í annað fangelsi. Hegðun mín var ekkert



Í BEAUMONT Í TEXAS Aron Pálmi á sér þann draum að flytjast til Íslands og hefja nýtt líf.

gefið í skyn af starfsmönnum fangelsisins en það hafi verið fölsk fyrirheit sem olli honum gremju.

„Þau lugu einfaldlega. Auðvitað trúði maður því sem manni var sagt. En svo var raunin önnur. Einn starfsmaður fangelsisins sagði við mig að hann byggist við því að mér yrði sleppt fljótlega. En ekkert gerðist. Ég sá svo hversu mikið hatun og illska var í þessu fólk þegar við fórum fyrir dóm og verið var að reyna fá mig færðan yfir í fangelsi fyrir fulloröna. Tilhugsunin um það var hræðileg enda hefur Texas orð á sér fyrir að hafa einhver hræðilegustu fangelsi í öllum Bandaríkjunum. Ofbeldið er ömurlegt og nauðganir eru dagleg uppákomu. Ég vildi frekar vera dauður

óeðlileg. Kannski fannst þeim íslensk yfirvöld vera of afskiptasöm af þeirra málum. Kannski fannst þeim einkennilegt að einhver skyldi dirfast að ráðast gegn sjálfu Texas.“ segir Aron Pálmi.

Með öklaband í stofufangelsi

Aron Pálmi hlaut reynslulausn í september 2002. Þá var hann færður á áfangaheimili þar sem heimilislausir einstaklingar á reynslulausn eru vistaðir þar til þeir hafa fundið sér heimili eða finna lausn á húsnæðivanda sínum sem fangelsisýfirvöld fallast á.

„Við vorum 30 manns í hverju hjólhýsi og ég var langyngstur af öllum föngunum þarna. Við fengum sama matinn í hverju hádegi sem var samloka með kjötafgöng-

Stökktu til Portúgal

8. eða 22. júní frá kr. 29.990

Síðustu sætin

Verð kr. **29.990** í viku
kr. 39.990 í 2 vikur

Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í íbúð í 1 eða 2 vikur. Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn. Stökktu tilboð 8. og 22. júní.

Verð kr. **39.990** í viku /
kr. 49.990 í 2 vikur

Netverð á mann, m.v. 2 í stúdíó/íbúð í 1 eða 2 vikur. Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn. Stökktu tilboð 8. og 22. júní.

Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á síðustu sætunum til Portúgal 8. og 22. júní. Njóttu lífsins á þessum vinsæla sumarleyfisstað. Þú bókar sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri
sími 461 1099 • www.heimsferdir.is



MEÐ TÆKI FAST VIÐ ÖKKLANN Tækið, sem bundið er við ökkla Arons, getur numið allar hreyfingar og hægt er að fylgjast með öllum ferðum hans.

um, sex kartöfluflogur, tvær smákökur og vatn. Þarna var ég í sex eða átta mánuði og þetta var auðvitað eins og annað ómurlegur tími," segir Aron.

Hann hefur nú komið sér fyrir í íbúð í bænum Beaumont í Texas. Faðir hans ber kostnað af íbúðinni en lætur Aroni Pálma í té verkefni sem hann vinnur á tölvu og fær af því tekjur. Endar ná þó vart saman en hann nýtur stuðnings for-eldra sinna. Lífið er betra í leigu-

húsnæði en innan veggja fangelsanna. Aron Pálmi nýtur lífsins með ýmsum hætti en er bundinn reglum sem settar eru af fangelsisvöldum og hefur hann tæki fast við ökkla sér svo hægt sé að fylgjast með ferðum hans.

„Ég má fara einu sinni í viku út í búð eða í kirkju. En ég þarf að láta vita með viku fyrirvara ef ég ætla mér að fara eitthvert annað svo sem í klippingu og má auðvitað bara fara ef tilefni er til að

mati skilorðseftirlitismanns. En ég hef ýmislegt fyrir stafni. Ég les bækur og var núna að enda við að lesa ævisögu Bills Clintons. Ég hlusta líka mikið á tónlist. Tónlist hjálpar mér að finna hvernig mér líður, hún hjálpar mér mikið.“

Ætla ekki að hata sjálfan mig

Aron Pálmi segist bjartsýnn á framtíðina. Hann vonast til að baráttu stuðningsmanna hans á Íslandi sem og ytra skili árangri og hann fái tækifæri til að verða fluttur til Íslands og ljúka afplánun sinni hér á landi. Hann segist hafa gengið í gegnum nóg og hann hugsar um framtíðina. Hann vilji komast til Íslands enda sé bandarískt samfélag ekki draumasamfélagið en Ísland hafi upp á margt að bjóða.

„Það hefur ekkert upp á sig að líta til baka. Í dag veit ég að það sem ég gerði er rangt. Ég hugsa og bið til þess einstaklings sem ég braut gegn. Ég veit ekkert hvernig er komið fyrir þeim einstaklingi í dag enda er mér bannað að hafa samband við hann. En ég bið til guðs að honum gangi vel. Ég ætla ekki að hata sjálfan mig fyrir það sem ég hef gert. Það skilar engum árangri, ég verð að halda áfram með mitt líf," segir Aron Pálmi.

Hann er bjartsýnn á lausn. Kaupsýslumaður í New Jersey hafði samband við hann á dögum og ætlaði að beita sér í máli hans og sama hefur RJF-hópurinn gert, svo og biskup Íslands og fleiri. Aron Pálmi segist þakklátur öllum þeim sem gera hvað þeir geta til að sýna honum stuðning. Allur stuðningur skipti máli og hann er þakklátur.

„Eitt lítið bréf frá fólki getur gert mig glaðan í marga daga. Það er svo nauðsynlegt fyrir mig að vita af stuðningi, það er það sem heldur mér gangandi. Einn góðan veðurdag vil ég geta þakkað öllum fyrir stuðninginn með einhverju móti en í dag geri ég það eitt að biða, biðja og vona að ég fái að fara til Íslands og takast á við nýtt líf.“

Heimilisfang Arons

Hægt er að senda Aroni Pálma bréf á eftirfarandi heimilisfang:
893 Alma Street
Beaumont
Texas 77705
USA

Kynning á tillögu að endurskoðun aðalskipulags Garðabæjar á Garðatorgi



Tillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi Garðabæjar 2004 – 2016 verður kynnt í göngugötunni á Garðatorgi dagana 9. - 22. júní nk. auk þess sem hægt verður að fá upplýsingar um tillöguna á heimasíðu Garðabæjar <http://www.gardabaer.is>.

Tillagan er á vinnslustigi.

Garðbæingar og aðrir eru hvattir til að kynna sér tillöguna á vinnslustigi, skila inn hugmyndum og ábendingum og taka þannig þátt í að móta endanlega tillögu.

Skipulagsráðgjafar, starfsmenn og/eða bæjarfulltrúar verða á staðnum dagana 9., 10., og 16. júní kl. 16-18, og veita upplýsingar og svara fyrirspurnum.

Hægt er að senda athugasemdir, ábendingar og hugmyndir með því að velja Samráð á vefsvæðinu Minn Garðabær eða skila þeim bréflaga á bæjarskrifstofur Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ og merkja þær skipulagsfulltrúa.

Skipulagsfulltrúi Garðabæjar

GARÐABÆR
www.gardabaer.is



Dagskráin í dag

Sunnudaginn 5. júní

10:00 Athöfn við Minningaröldur Sjómannadagsins við Fossvogskapellu í Fossvogskirkjugarði. Sr. Hjálmar Jónsson fer með ritningarorð og bæn.

11:00 Sjómannaguðsþjónusta í Dómkirkjunni. Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands predikar og minnst drukknæðra sjómanna. Sr. Hjálmar Jónsson þjónar fyrir altari. Meðan á guðsþjónustu stendur verður lagður blómsveigur á leiði óþekktu sjómannsins.

12:00 Hopp og skopp leiktæki: leikir, leiktæki, líf og fjör. Fitnesskeppni fyrir börn kl. 14:30 - 15:30. **Miðbakkinn.**

13:00 - 16:00 Tjaldíð - komdu og kynstu hafinu, iðnaði og íþróttum tengdu því. Háskólinn á Akureyri, Fiskistofa, Hafsúlan, Faxaflóahafnir, Fjöltækniskóli Íslands, Hampiðjan, Sjómennt, Kænu- og kappróðradeild Brokeyjar, Elding, Sportkafarafélag Íslands, Vaktstöð siglinga, Björgunarsveitin Ársæll, nýbakaðar vöflur og lifandi harmonikkutónlist.

13:00, 14:00 og 15:00 Skemmtisigling fjölskyldunnar: Skólaskipið Sæbjörg siglir um sundin blá. Ómetanlegt tækifæri fyrir Reykvikinga og gesti höfuðborgarinnar að sjá borgina frá allt öðru sjónarhorni en venjulega. **Aðgangur ókeypis.**

Handavinna, basar og kaffisala á Hrafnistuheimilunum í Reykjavík og Hafnarfirði.

13:00 - 16:00 Varðskipið Týr býður gestum um borð. Faxagarður.

13:30 Lúðrasveit Reykjavíkur leikur á Hafnarbakknum fyrir framan sirkustjaldíð.

13:50 Í tilefni af Hátíð hafsins og alþjóðlegum umhverfisdegi verður Bláfáninn afhentur Ylströndinni í Nauthólsvík fyrir gott umhverfisstarf. Hjólað verður með fánann frá Miðbakka kl. 13:50. **Allir velkomnir.**

14:00 - 15:00

Hátíðahöld Sjómannadagsins á Miðbakka

SETNING HÁTÍÐARINNAR:
Guðmundur Hallvarðsson, formaður Sjómannadagsráðs

ÁVÖRP:
Árni Mathiesen, sjávarútvegsráðherra.
Hjörtur Gíslason, formaður Útvegsmannafélags Reykjavíkur
Helgi Hjörvar, stjórnarformaður Faxaflóahafna.
Árni Sverrisson, skipstjóri

Sjómenn heiðraðir.

Kynnir: Guðjón Petersen.

Ath. Hátíðardagskrá Sjómannadagsins fer fram í sirkustjaldinu á Miðbakknum.

14:10 Sjófund á vegum Sjófundfélags Íslands. Synt verður frá Faxagarði yfir á Hafnsöguprammann í Suðurbugt.

15:00 Ráarslagur: Kappar björgunarsveitinni Ársæli takast á og reyna að fella andstæðing sinn í sjóinn.
Hafnsöguprammi í Suðurbugt.

Þyrta Landhelgisgæslunnar verður með björgunaræfingar yfir austurhluta Reykjavíkurhafnar.

Hin eina sanna sjómannasveifla. Félagar úr Harmonikkufélagi Reykjavíkur taka lagið í sirkustjaldinu.

Kappróður í innri höfninni. Frækin lið ræðara takast á. Vinna Færeyingar bikarinn aftur í ár eða verða reykviskir lögregluþjónar sigursælir?

Listflug yfir Reykjavíkurhöfn.

15:30 Hinir óviðjafnanlegu Gunni og Felix skemmta börnum og fullorðnum í sirkustjaldinu á Miðbakknum. Skyldu þeir nokkurn tíman hafa farið á sjóinn?

16:00 Verðlaunaafhending úr róðrarkeppni fer fram í sirkustjaldi.

20:00 Sagan um Gústa trúð. Synt í sirkustjaldinu á Miðbakknum. Sagan um Gústa trúð er samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Hátíðar hafsins með stuðningi Símans.
Miðasala síma 552 8588 og í Bankastræti 2.

Næg bilastæði í Faxaporti



Samstarfsaðilar:
Listahátíð í Reykjavík og Íþrótt- og tólmundaráð Reykjavíkur



Enginn viðbjóður



MARKAÐURINN

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins. Alla virka daga kl. 17:30

SMS-GÁTAN:

Hvað veist þú um Á móti sól?

Merktu við rétt svör. Stafirnir fyrir framan hvert rétt svar mynda lausnarorð sem þú sendir í þjónustunúmerið 1900.

Dæmi: Lausnarorðið er páfinn. Þú sendir skeytið JA MYND PAFINN í þjónustunúmerið 1900.

Leystu gátuna! Þú gætir unnið nýja geisladiskinn með Á móti sól.

Hvað heitir plata hljómsveitarinnar sem kom út árið 2003?
 a) Köngulær s) Fiðrildi f) Butterfly

Hvenær varð hljómsveitin fullgerð í þeirri mynd sem hún er nú?
 ó) 1999 e) 2001 b) 1997

Hvað hefur hljómsveitin komið oft fram á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum?
 s) 3 sinnum k) 2 sinnum l) 6 sinnum

Hvað er Magni söngvari gamall?
 j) 26 ó) 23 p) 31

Hvað eru liðsmenn Á Móti Sól margir?
 n) 5 m) 4 r) 6

Vinningshafar í SMS-leik síðustu viku voru:
 Börkur Heiðar Sigurðsson, Ragnheiður Sveinþórsdóttir og Unnur Einarsdóttir
 SMS skeytið kostar 99 krónur.

Saga af... heljarmenni

Í dag er sjómanna dagur og því ekki úr vegi að segja sögu af sjómönnum. Sagan gerist um borð í rúmlega þrjátíu tonna vertíðarbát. Þeir voru fimm á honum, skipstjórinn og vélstjórinn átta bátinn, vélstjórinn sá líka um matseldina. Þeir voru nokkru eldri en reyndasti hásetinn, sem var kallaður Tóti. Tóti átti tvær eða þrjár vertíðir að baki, var sæmilega reyndur. Síðan voru tveir unglingspiltar úr Reykjavík. Hvorugur hafði áður verið til sjós og reyndar ekki unnið mikið fram til þess að þeir réðu sig um borð.

Ekki er hægt að segja að þeir hafi fiskað mikið, en þeim

gekk samt alveg sæmilega. Það var gaman um borð, léttleiki og mátulega mikil vinna. Tóta þótti ekki mikið til unglínganna koma. Sagði þeim margar hetjusögur af sér, sagðist hafa rotað mann og annan. Til að styrkja enn frekar þá mynd sem hann vildi að nýliðar bæru af sér, sagðist hann vera kallaður Tóti sleggja. Tóti sleggja, það var ekkert annað og átti ekki að verða öðruvísi.

Hver dagur varð öðrum líkur. Þar til allt breyttist. Tóti kom fullur um borð. Það var sláttur á sleggjunni. Neitaði að nota útstímið til að leggja sig. Settist við borðið í lúkarnum og sagði ósanna sögu af sér og

kynnum sínum við konur. Hann var þreyttur og svefnvana. Vélstjórinn reyndi að fá Tóta til að fara í koju, en það gekk ekki. Tóti taldi sig ekkert hafa með það að gera, sleggjan sagðist tilbúin að takast á við verkefni dagsins. Báturinn valt á öldunum og nálgast fyrstu netin. Sögur Tóta sleggju báru þess merki að sögumaður missti þróttinn hægt en bítandi. Svo fór að hann tók að missa höfuð af og til, sofnaði sekúndu og sekúndu en rumskaði alltaf aftur og reyndi að halda athyglinni.

Það eyðist sem af er tekið, sama er með þrótt og úthald. Svo fór að í einni veltunni missti Tóti ekki bara höfuðið til hliðar, hann skall með ennið í borðið og reisti sig ekki við. Hann var greinilega fallinn í ölvunarsvefn. Þá varð vélstjóranum að orði þegar hann horfði á Tóta:

„Nú hefur sleggjan misst hausinn og hér eftir verður þú því kallaður Skapti,“ og svo varð.



NÝJAR ÍSLENSKAR ÞJÓÐSÖGUR með Sigurjóni

SIGURJÓN M. EGILSSON sigurjon@frettabladid.is

VERÐLAUNAKROSSGÁTAN NR. 10

	1	7	12	12		8	21	19	10	29	25	8	12	
8		1		28		5		21		10		9		10
1	18	21	8	19		14	4	8	25	20	19	25	31	14
21		5		8	21	26		9		12		8		32
3	31	19	8			8	26	20	25		1	25	13	8
20		8		24	22	25	8		8		23			
2	6	14	14	8			2		5	3	14	21	8	19
20		26		2	8	2	26	5	14	8		5		17
21	10	20	1	8	25		8			21	16	2	5	25
			13		8		12	28	3	26		2		5
11	32	13	21		25	13	8	25			8	5	9	12
22		3		27		14		20	9	8		21		19
21	8	5	14	8	3	8	12	12		14	26	10	21	8
30		12		15		9		19		2		19		25
	29	8	12	8	29	20	26	20		8	2	26	8	

A Á B D E É F G H I Í J K L M N O Ó P R S T U Ú V X Y Ý Þ Æ Ö

Í sunnudagskrossgátu Fréttablaðsins eru gefnir 4 bókstafir sem á að færa inn í númeraða reiti. Í dag er A til dæmis í reit merktum 8 og fer þá A í alla aðra reiti með því númeri. U er í reit númer 5 og fer í alla aðra reiti gátunnar númer 5 o.s.frv. Til þess að leysa gátuna þarf að finna út hvaða bókstafir eiga að standa í auðu reitunum (bókstafirnir c, z, q og w eru ekki notaðir). Þegar því verkefni er lokið er hægt að finna lausnarorð gátunnar, sem er í þetta sinn karlmannsnafn sett saman úr stöfum reita númer 1-21-22-14-20 (í þessari röð).*


Lausnarorð

1	21	22	14	20
---	----	----	----	----

Lausnarorðið er hægt að senda inn með SMS-skeyti í númerið 1900. Dæmi um það hvernig SMS gæti litit út ef lausnarorðið væri Jón: þá sendir þú SMS sem segir: **JA LAUSN JON** í númerið 1900.

*Ráðning gátunnar birtist í blaðinu eftir tvær vikur.

Dregið verður næstkomandi fimmtudag kl. 12.
 SMS-skeytið kostar 99 krónur.



Leystu krossgátuna!

Þú gætir unnið frábæru grínmyndina Sideways sem tilnefnd var til Óskarsverðlauna árið 2005.

Vinningshafi krossgátunnar í síðustu viku var:
 Hörður Pálmarsson

Lausn nr. 8

B	E	Y	G	E	I	T	U	R	G	A	S		
V	N	Æ	L	E	A	G	S						
A	N	D	A	R	D	Á	L	K	U	R	I	N	N
N	U	A	N	S	U	S	N	Æ					
D	Á	R	I	T	Á	R	A	S	N	Ý	R		
L	T	H	J	Ó	L	P	Æ						
Á	L	A	S	A	F	A	K	R	A	N	A		
T	K	K	O	K	K	A	Ð	I	U	K			
A	N	A	N	A	S	O	S	É	Ð	U	R		
		Ú	T	N	Á	M	A	S	A				
Ö	R	F	A	A	N	A	R	T	Ó	N	N		
X	Æ	P	Í	Á	T	A	T	E					
U	N	D	I	R	T	E	K	T	L	Ó	T	S	
L	D	E	L	T	L	U	I						
E	I	Ð	F	E	S	T	A	T	Ó	R	A		



Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
REYKJAVÍK 3.13	13.26	23.42
AKUREYRI 2.18	13.11	00.08

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er sunnudagur 5. júní, 156. dagur ársins 2005.

STÖRF Í BOÐI

- Deildarstjóri
- Móttaka
- Sölumenn
- Skólastjóri
- Kranamenn
- Rekstrarfulltrúi
- Afgreiðslufulltrúar
- Prentari
- Málmiðnaðarmenn
- Rennismiðir
- Afgreiðslustörf
- Sölufulltrúar
- Sálfræðingur
- Bílstjórar
- Vaktstjórar
- Aðstoðarmaður
- Þjónustufulltrúar
- Kórstjórar
- Leikskólakennarar
- Bókarar
- Tækjamenn
- Öryggisvörður
- Sumarstarf
- Flautukennarar
- Kennarar
- Félagsráðgjafi
- Oracle sérfræðingur

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á VISIR.IS

visir

allt - atvinna

atvinna .is

Breytt atvinnuumhverfi BLS. 2
Sjúkraþjálfaranám BLS. 2

Ertu illa liðinn á vinnustað? BLS. 2
Gaman að vinna við öryggismál BLS. 8

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR?

MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS



Finnur segir öryggismálum sjómanna hafa fleygt fram á síðustu árum.

Aldrei talað um lélegu túrana

Finnur Kristinsson er yfirvélstjóri á Arnari HU frá Skagaströnd. Hann hóf sjómennskuna 13 ára.

Finnur er að landa úthafskarfa úr Arnari í Hafnarfjarðarhöfn. Mestöll áhöfnin er farin frá borði enda eðlilega fegin að komast í land eftir 35 daga túr á Reykjaneshrygg. Finnur stendur vaktina en hlakkar til að komast heim og halda þar upp á sjómannaþinginn. Hann hefur verið í róðarsveit í 35 ár fyrir það skip sem hann hefur verið á hverju sinni. „Sjómannaþingurinn á Skagaströnd er nokkurs konar þjóðhátíð,“ segir hann brosand. „Ég byrjaði á 20 tonna pung og svo smástækkuðu skipin,“ segir hann. Aldrei kveðst hann hafa verið í beinum háska á sjó en minnst baráttu við ísingu á opnum bátum uppúr 1970. „Menn voru að sperrast við að fá sem mest og voru stundum of lengi að toga í vondum verðum,“ segir hann

og lýkur lofsorði á Slysavarnaskóla sjómanna sem hann segir hafa skipt sköpum hvað varðar öryggismál.

Skagstrendingur var stofnaður 1968 og þetta er fjórði og stærsti Arnarinn sem Finnur er á, 1.063 brúttótonn. „Ég hef verið á honum frá 1996 er við náðum í hann til Kóreu. Þetta hefur verið gott aflaskip.“ Kaupið segir hann þó ekki eins gríðarlega gott og margir haldi. „Tölur eftir einn og einn túr eru blásnar upp í fjölmöldum og svo er aldrei talað um þá lélegu,“ segir hann.

Á Arnari HU er 27 manna áhöfn, þar af þrjú vélstjórar og þeir hafa nóg að gera. „Ef eitthvað bilar, hvort sem það eru fólksku tennurnar eða aðalvélin þá er kallað í vélstjórana,“ segir Finnur brosand.

gun@frettabladid.is

LIGGUR Í LOFTINU

í atvinnu

Ljáu mér eyra Árleg Menningarhátíð BSRB í Munaðarnesi verður haldin laugardaginn 11. júní. Á hátíðinni verður opnuð myndlistarsýning Önnu Hrefnu-dóttur. Skagfirski söngsveitin mun syngja og Þorsteinn frá Hamri lesa upp. Ávarp flytur Ögmundur Jónasson formaður BSRB. Menningarhátíðin hefst kl. 14 og er aðgangur ókeypis.

Ekki erfiðara fyrir eldra fólk að fá vinnu Samkvæmt rannsókn dönsku vinnuálastofnunarinnar eru ívið meiri lík-

ur á því að fólk á aldrinum 50-59 ára fái vinnu í kjölfar atvinnuviðtals.

Ísland í fremstu röð Í nýjsta hefti Economist er birt yfirlit yfir árangur þjóða á sviði jafnréttismála og kemur fram að framlag kvenna til hagkerfa heimsins er mest á Norðurlöndunum, mest í Svíþjóð, Norvegur er í öðru sæti og Ísland er í því þriðja. Danmörk og Kanada fylgja síðan í kjölfarið en alls voru 58 lönd til athugunar.

atvinna@frettabladid.is

Móttökustarf

Framsækið fyrirtæki á prentmarkaði leitar að öflugum starfsmanni í móttöku.

Í starfinu felst m.a. símsvörun, móttaka og skráning pantana, skjölun, útprentun og innheimta reikninga en viðkomandi verður bókarar fyrirtækisins innan handar.

Leitað er að starfsmanni sem býr yfir:

- Þjónustulund
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Almennri tölvukunnáttu
- Almennri bókhaldskunnáttu

Viðkomandi þarf að geta hafið störf eigi síðar en 1. ágúst.

Vinnutími er frá 8:00 - 16:00.

Reyklaus vinnustaður

Umsjón með starfinu hefur Sigrún Edda Eðvarðsdóttir, sigrunedda@radning.is

www.radning.is



Háaleitisbraut 58-60 • Sími: 588 7700
www.radning.is • radning@radning.is

TÖLVULISTINN

Tölvulistinn er sérverslun með tölvur og búnað á verði sem hefur ávallt verið samkeppnishæft án þess að forna gæðum í vali á búnaði eða þjónustu við viðskiptavini.

Tölvulistinn var stofnaður árið 1993 og var í upphafi með smásölu á tölvum og leikjum til einstaklinga og hefur verið í örum vexti á þeim markaði frá upphafi. Fyrirtækið hefur síðan útvíkkað starfssemi sína mikið og má þar nefna útrás á fyrirtækjamarkaðinn, bæði í þjónustu sem og sölu á búnaði.

Hjá Tölvulistannum er í boði mikið úrval tölvuhluta og fyrirtækið er einnig með eigin framleiðslu á tölvum undir merkinu "ACE". Í boði hjá fyrirtækinu eru tölvur frá heimspækkum framleiðendum og er fyrirtækið meðal annars í samstarfi við Acer, Sony, HP, MSI og IBM. Á Íslandi er Tölvulistinn einn af stærstu innflytjendum og söluaðilum á tölvubúnaði eins og: Haródiskum, skjákortum, móðurborðum, vinnsluminni og öðrum sambærilegum búnaði. Tölvulistinn hefur fengið fjölda viðurkenninga frá þeim framleiðendum sem hann er í samvinnu við og sem dæmi má nefna að Tölvulistinn er "Acer Service Partner", "Select WD Western Digital Gold Partner", "Trend Micro Partner" og "Microsoft Certified Partner".

Tölvulistinn hefur á að skipa tækni-mönnum með fjölda gráða frá meðal annars Microsoft, Trend Micro og CompTIA. Starfsmenn eru í dag 50 talsins og búa yfir mikilli reynslu og þekkingu og hafa það markmið að selja hágæða vöru á samkeppnishæfu verði ásamt því að vera í forystu á sviði þjónustu.

Deildarstjóri móttökusviðs

Þjónustudeild Tölvulistans óskar eftir deildarstjóra móttökusviðs.

Um nýtt stöðugildi er að ræða og er leitað eftir metnaðarfullum og áhugasömum umsækjendum sem eru tilbúnir að taka virkann þátt í uppbyggingu nýrrar deildar.

Leitað er að þjónustulunduðum starfsmanni sem býr yfir:

- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynslu af mannaforráðum
- Almennri tölvukunnáttu

Vinnutími er frá 9:00-18:00 alla virka daga.

Umsóknarfrestur er til og með 11 júní. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsjón með starfinu hefur Sigrún Edda Eðvarðsdóttir, sigrunedda@radning.is og María Jónasdóttir, maria@radning.is




www.radning.is

Háaleitisbraut 58-60 • Sími: 588 7700
www.radning.is • radning@radning.is

Ferilskrá

Ferilskráin á að vera einföld og látlaus með vel læsilegu og fallegu letri. Mikilvægt er að missa sig ekki og ofskreyta því þá fer innihaldið fyrir lítið.



Hvernig verður maður

Sjúkraþjálfari?

Sjúkraþjálfarar vinna í nánu samstarfi við lækna og aðrar heilbrigðisstéttir og meðhöndla sjúklinga í samráði við lækna. Þeir sinna ráðgjöf, forvörnum og heilsuefingu en eru líka í nánum tengslum við sjúklinga og aðstoða þá við að ná heilsu á ný. Sjúkraþjálfarar þjálfa einnig oft þá sem hafa lent í slysum eða eru að jafna sig eftir sjúkdóma og eins leita margir til sjúkraþjálfara vegna ýmissa meiðsla eða verkja sem minnka má með réttri hreyfingu og þjálfun.

NÁMIÐ

Sjúkraþjálfun er kennd við Háskóla Íslands og komast færri að en vilja. Námið tekur 4 ár og er metið í heild til 120 eininga. Að þeim námstíma loknum er veitt BS gráða í sjúkraþjálfun en hyggi menn á framhaldsnám verða þeir að sækja út fyrir landsteinana. Þeir sem sækja um nám í sjúkraþjálfun þurfa að hafa lokið stúdentsprófi og verða auk þess að standast inntökupróf sem haldið er í júní ár hvert.

HELSTU NÁMSGREINAR

Nemendur í sjúkraþjálfun þurfa að sitja fjölbreytta áfanga. Má þar nefna námskeið í eðlisfræði, líffærafræði og lífeðlisfræði auk sérhæfðari áfanga á borð við sjúkraþjálfunarfræði, hreyfifræði og íþróttasjúkraþjálfun. Það er líka mikilvægt fyrir sjúkraþjálfara að vera góðir í mannlegum samskiptum og nemendur þurfa að taka námskeið í siðfræði og sálfræði. Hluti námsins er verklegur og fer fram inni á heilbrigðisstofnunum.

STARF AÐ LOKNU NÁMI

Starfsvettvangur sjúkraþjálfara er tvíþættur. Annars vegar starfa þeir inni á stofnunum eins og sjúkrahúsum eða heilsugæslustöðvum og hins vegar eru fjölmargir sjálfstætt starfandi og reka sínar eigin stofur. Sjúkraþjálfurum hefur fjölgað mikið undanfarin ár og starfsvettvangur þeirra hefur breikkað.

TIL FRÓÐLEIKS

Námsbraut í sjúkraþjálfun var stofnuð fyrir 29 árum vegna skorts á sjúkraþjálfurum og fyrstu sjúkraþjálfararnir menntaðir á Íslandi útskrifuðust 1980.



Sjúkraþjálfari að störfum í Sjúkraþjálfun Kópavogs.

Tíu ástæður af hverju ...

... vinnufélögum líkar ekki við þig

1. „Himinninn er ekki blár í alvörinni. Hann er lillablár.“

Af hverju þarftu alltaf að hafa rétt fyrir þér og pirra fólk með algjörlega óþarfa upplýsingum? Enginn furða að fólk þolir þig ekki.

2. Keðjuást.

Ertu aldrei við því þú ert alltaf að „fá þér frískt loft“? Fækkaðu pásunum og farðu bara þegar það er nauðsyn.

3. Ég vil vera vinnuallki!

Kemurðu seint inn, tekurðu afskaplega langan hádegismat og byrjarðu ekki að vinna fyrr en einhvern tímann um klukkan 14.00? Svo læturðu alla sjá að þú vinnur langt fram eftir klukkan 17.00? Þú ert ekki að ganga í augun á neinum – þú ert frekar að pirra fólk. Mættu á réttum tíma og reyndu að vinna eins og almennilegt fólk!

4. Gróa á Leiti.

Þú ert voðalega góður/ur í því að tala um alla á skrifstofunni í staðinn fyrir að geyma leyndarmál vel og lengi – þannig eignastu vini.

5. Þverhaus.

Þarftu alltaf að vera ósammála öllum og öllu bara til að hafa skoðun? Hættu því núna! Það er ekkert meira þreytandi fyrir samstarfsfélaga þína en að vita að þú ert alltaf á móti þeim.

6. Jadda, jadda, jadda.

Ryðstu inn í alla bása bara til að samkjafta ekki við annars almennilegt fólk? Ef einu svörin sem þú færð eru „Aha, aha, aha“ þá hefur þetta fólk engan áhuga á blaðrinu í þér. Farðu aftur að vinna!

7. Þú verður að sjá barnið mitt.

Það þolir enginn týpuna sem er alltaf blaðrandi um barnið sitt. Aðeins nán fjölskylda og vinir eiga að fá vita hvert einasta smáatriði um barnið þitt eins og fyrsta skrefið, magnið af kúk í bleiunni og fleira í þessum dúr. Það er frábært að þú elskar barnið þitt en ekki einskorða þig við það umræðuefni.

8. Herra og Frú Óhrein/n.

Ekkí skilja diska eftir í vaskinum, gamlan mat í ísskápnum, matarslettur í örbylgjuofninum eða mylsnu á matarborðinu. Það pirrar samstarfsfélagana aldeilis mikið! Reyndu að þrifa eftir þig.

9. Hvar er tungan þín?

Eltirðu yfirmanninn þinn út um allt, hlærð að brandaranum hans og nefnir hann í öllum samræðum við aðra? Hættu að vera svona mikil sleikja! Þú mátt alveg koma þér vel við yfirmanninn en ekki fara alveg með fólk með sleikjuháttum.

10. Hávaðaseggur.

Eru símtölin þín það hávær að þau gætu verið í hátalara en eru það samt ekki? Lækkaðu róminn til að halda friðinn.



Starfsumhverfi hefur mikið breyst

Ráðningarþjónustan býður upp á allhliða ráðningarþjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Mörg þúsund manns eru á skrá hjá fyrirtækinu.

María Jónasdóttir ráðgjafi, framkvæmdastjóri og nýr eigandi Ráðningarþjónustunnar, segir fyrirtæki hafa vaxið mikið og það færir í aukana að einstaklingar og fyrirtæki nýti sér slíka þjónustu. „Við bjóðum upp á persónulega og faglega þjónustu og búum yfir reynslu sem gerir okkur kleyft að finna rétt störf fyrir einstaklinga og rétta einstaklinga í ákveðin störf. Það er tímafrekt fyrir fyrirtæki að leita að hæfi starfsfólki og það hefur margsýnt sig að atvinnurekendur spara tíma, fyrirhöfn og fjármuni með því að nýta sér þjónustu af þessu tagi,“ segir María.

María segir að stjórnendur fyrirtækja séu duglegir að nýta sér Ráðningarþjónustuna enda átti

þeir sig á mikilvægi þess að finna hæft starfsfólk. „Starfsumhverfið hefur breyst undanfarin ár og það ríkjá ekki sömu lögmál og áður þegar leitað er að fólki til starfa. Að auki eru sífellt gerðar meiri kröfur til starfsmanna. Þekking og menntun einstaklinga er afar fjölbreytt og það er liðinn tími að hægt sé að setja alla með sama starfsheiti undir sama hatt. Það er ekki nóg að auglýsa bara eftir bókara því bókara geta verið gríðarlega ólíkir og haft ólíka menntun og reynslu.“

Þeir einstaklingar sem leggja inn umsókn hjá Ráðningarþjónustunni fara í gagnagrunn. Í þessum gagnagrunni eru mörg þúsund manns og í hann er sótt þegar fyrirtæki leita til Ráðningarþjónustunnar. „Við auglýsum laus störf á heimasíðu okkar og nýtum okkur líka blöðin, þannig fáum við fjölda umsækjenda til að velja úr. Þegar við höfum minnkað hópinn, boðum við umsækjendur í viðtöl og þá koma fyrirtækin oft inn í ferlið og

klára ráðningarferlið með okkur,“ segir María. „Þjónusta við einstaklinga er líka mjög góð. Til dæmis geta umsækjendur látið setja sig á póstlista og fá þá tölvupóst frá Ráðningarþjónustunni um leið og starf við þeirra hæfi dettur inn.“

Ráðningarþjónustan er í nánum tengslum við atvinnulífið og starfsmenn þar hafa glögga mynd af atvinnuástandinu hverju sinni. María segir að atvinnuleysi fari minnkandi og það sé töluvert í bði af störfum. „Það er eftirspurn eftir starfsfólki í öllum stéttum sem er gott. Undanfarið hefur helst verið skortur á verkfræðingum, lögfræðingum og góðu sölufólki. Það er líka mikil eftirspurn eftir vélvirkjum og svo vantar alltaf lagerstarfsfólk og skrifstofufólk. Þetta er því ansi breitt og því mikilvægt að hafa fólk úr öllum starfsstéttum í gagnagrunninum.“ segir María.

Allar upplýsingar um Ráðningarþjónustuna er að finna á heimasíðunni: www.radning.is. ■

Efnahagur í Japan blómstrar

ATVINNULEYSI MINNKAR MEÐ HVERJUM MÁNUÐINUM.

Atvinnuleysi í Japan hefur ekki verið minna í sex ár og blæs það landsmönnum von í brjóst um betri efnahag á næstu mánuðum.



Atvinnuleysi meðal ungs fólks hefur aukist síðustu mánuði í Japan.

Atvinnuleysi í apríl var 4,4 prósent í Japan og minnkaði aðeins frá fyrri mánuði en það var 4,5 prósent í mars. Þetta eru lægstu tölur síðan í október árið 1998. Atvinnuleysi meðal ungs fólks á aldrinum 25 til 34 ára jókst hins vegar og var 5,6 prósent í apríl miðað við 5,2 prósent í apríl á síðasta ári. Ástæða þess er líklegast vegna þess að á þessum tíma er margt ungt fólk að hætta í vinnu sinni til að finna betri stöður vegna batnandi efnahags í landinu. Fjöldi fólks sem var sagt upp í apríl var 740 þúsund eða 160 þúsund minna en í mánuðinum á undan.



Í dag vinna um tíu þúsund manns hjá kjarnorkuverinu í Sellafeld.

Uppsagnir hjá Sellafeld

KJARNORKUVERIÐ VERÐUR TEKID ÚR NOTKUN Á NÆSTU TÍU ÁRUM.

Um það bil fimm hundruð manns verður sagt upp í Sellafeld kjarnorkuverinu í Cumbria í Bretlandi á næstu tveimur árum. Þetta er liður í því að Sellafeld verði verður tekið úr notkun á næstu tíu árum en í dag starfa um tíu þúsund manns hjá verinu. Fyrir mánuðinum uppgötvaðist leki í Thorpe endurvinnslubyggingunni í Sellafeld en sá leki hafði staðið yfir í þrjá mánuði. Rúmlega tuttugu tonn af úrani og 160 kíló af plútóni sulaðist á gólf þegar rör brotnaði í janúar.

Of mikil vinna í Bretlandi

STARFSMENN KENNA AUKNUM HRAÐA Í VIÐSKIPTALÍFINU UM MEDAL ANNARS.

Meira en helmingur breskra starfsmanna segist hafa fundið fyrir einkennum af of mikilli vinnu síðustu sex mánuði samkvæmt nýrri rannsókn sem greint er frá á fréttasíðu BBC, bbc.co.uk.

Einn þriðji aðspurðra sagðist þjást af örmögnun á meðan 26 prósent sögðust oft vera svefnvana eða veik vegna áhyggja sem tengdust vinnu.

92 prósent starfsmanna vissu af starfsmönnum sem höfðu algjörlega farið yfir um af vinnu en aðeins 35 prósent sögðust hafa séð það á sínum vinnustað. Í rannsókninni voru 1.006 starfsmenn og mannauðsstjórnendur spurðir og nánast helmingur starfsmanna sagði að ástandið hefði versnað á síðustu fimm árum. Þeir



Margir ná ekki að sofa rótt í Bretlandi vegna vinnuálags.

kenndu auknum hraða í viðskiptalífinu, aukinni samkeppni og kröfu um fækkun starfsfólks. Sex af hverjum tíu yfirmönnum sögðust ekki vera með kerfi til taks fyrir starfsmenn sem brenna út í vinnu.



Akureyrarbær

Fjölskyldudeild

Fjölskyldudeild auglýsir eftirfarandi störf laus til umsóknar.

Sálfræðingur

Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar óskar eftir að ráða sálfræðing til starfa. Um er að ræða starf á sviði einstaklingsþjónustu við leik- og grunnskóla. Á verkswiði sálfræðings við skólaþjónustu á Fjölskyldudeild eru greiningar einstakra nemenda ásamt ráðgjöf/meðferð. Gerð er krafa um að viðkomandi hafi réttindi til að starfa sem sálfræðingur á Íslandi. Auk þess er gerð krafa um haldgóða þekkingu og reynslu á greiningu, ráðgjöf og meðferð barna. Reynsla af starfi skólasálfræðings er nauðsynleg. Æskilegur ráðningartími er frá 1. ágúst 2005. Launakjör vegna starfs sálfræðings eru samkvæmt kjarasamningi Sálfræðingafélags Íslands og Launaneftdar sveitarfélaga.

Félagsráðgjafi

Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar óskar eftir að ráða félagsráðgjafa til starfa. Um er að ræða starf í barnavernd. Á verkswiði félagsráðgjafa í barnavernd er móttaka og vinnsla barnaverndarmála. Gerð er krafa um að viðkomandi hafi starfsréttindi sem félagsráðgjafi á Íslandi. Reynsla af barnaverndarvinnu er nauðsynleg. Æskilegur ráðningartími er frá 1. ágúst 2005. Launakjör vegna starfs félagsráðgjafa eru samkvæmt kjarasamningi Stéttarfélags Íslenskra félagsráðgjafa og Launaneftdar sveitarfélaga.

Akureyrarbær hefur sameinað hefðbundna félagsþjónustu, barnavernd, þjónustu við fatlaða og þjónustu við leik og grunnskóla í einni deild. Unnið er markvisst þróunarstarf og þátttaka í þverfaglegu starfi er mikilvæg. Tekið verður tillit til samþykktar bæjarstjórnar Akureyrarbæjar um jafnréttismál við ráðningu í störf.

Upplýsingar um starfið veitir Guðrún Sigrúardóttir, deildarstjóri í síma 4601420 og netfang: gudruns@akureyri.is

Umsóknareyðublöð fást í þjónustuaudryri Akureyrarbæjar, Geislagötu 9 og á heimasíðu Akureyrarbæjar www.akureyri.is, jafnframt er hægt að sækja um á heimasíðu Akureyrarbæjar. **Umsóknarfrestur er til 10. júní 2005.**

Bókhalds- og launavinna

Verkfræðistofa á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir starfsmanni í bókhalds- og launavinnslu ásamt því að sinna símsvörum, almennum ritarastörfum og útréttingum.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf í byrjun ágúst en um 75% starf er að ræða.

Leitað er að reglusömum starfsmanni sem býr yfir þjónustulund og vandvirkni.

Vinnutími er frá 8:00-14:00 eða frá 9:00-15:00.

Umsjón með starfinu hafa Sigrún Edda Eðvarðsdóttir ráðgjafi, sigrunedda@radning.is og Þórunn Dögg Árnadóttir ráðgjafi, thorunn@radning.is

www.radning.is



Háaleitisbraut 58-60 • Sími: 588 7700
www.radning.is • radning@radning.is



Z-brautir og Gluggatjöld

Afgreiðsla 472036

Z-brautir og gluggatjöld óska eftir að ráða starfsmann í afgreiðslu, sölu og ráðgjöf til viðskiptavina. Vinnutími er frá kl. 9:00-18:00 virka daga auk annars hvers laugardags frá kl. 10:00-14:00. Viðkomandi þarf að vera eldri en 35 ára, snyrtilegur, stundvís, jákvæður og hafa ríka þjónustulund. Áhugi eða þekking á saumaskap er kostur, ekki skilyrði. Einungis reyklusir einstaklingar koma til greina.

Saumaskapur - verktakavinna 487902

Z-brautir og gluggatjöld óska einnig eftir að ráða starfsmann í saumaskap. Um verktakavinnu er að ræða og er aðallega verið í gluggatjaldasaumi.

UPPLÝSINGAR EINGÖNGU VEITTAHJÁ VINNA.IS

Skráning og upplýsingar á www.vinna.is

Vinna.is
Sími 511-1144
Fax 511-1145
www.vinna.is



Vélrás

Bifreiða- og vélaverkstæði

Óskum eftir vönum mönnum til viðgerða á glussakerfum og vinnuvélarafmagni.

Vélrás er þjónustuaðili fyrir:
New Holland – OK – HAMM vinnuvélum.
Sími 555-6670

Oracle sérfræðingur

Við leitum að tæknifólki sem nýtur þess að leysa krefjandi verkefni, er óhrætt við að sýna frumkvæði og skilur hvað það þýðir að veita framúrskarandi þjónustu.

Starfsvið: Þjónusta við Oracle hugbúnað. Við gerum kröfu um viðtæka reynslu og þekkingu á rekstri tölvukerfa. Reynsla í hönnun á vörhúsum gagna og hugbúnaðargerð er kostur.

Umsóknarfrestur er til 20. júní.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að senda inn umsókn sína til okkar í Ármúla 2 eða í tölvupósti á sisso@teymi.is og láta starfsferilskrá fylgja með.

Nánari upplýsingar gefur Sigbór Samúelsson í síma 864 7104 eða sisso@teymi.is.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ráðið hefur verið í stöðuna.



Teymi ehf // Ármúla 2 // 108 Reykjavík // Sími 550 2500 // www.teymi.is

Meðal öflugustu lausna Oracle er Oracle Warehouse Builder. Eitt auðveldasta og skemmtilegasta verkfæri sem völ er á í hönnun vörhúsalausna á markaðinum.



Eignakaup óskar eftir sölufulltrúa fasteigna

Reynsla æskilega þó ekki skilyrði. Góð laun í boði fyrir rétta aðila.

Mjög góð vinnuaðstaða og liflegur markaður.

Allir áhugasamir hafi sendi inn umsókn á olafur@eignakaup.is



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



Vaktstjóri óskast

Hentar þér að vinna á kvöldin og um helgar? Vilt þú starfa í liflegu vinnu-umhverfi á nýja veitingastaðnum okkar í Fellsmúlanum? Um er að ræða *framliðarstarf* hjá traustu fyrirtæki. Æskilegir eiginleikar: hæfni í mannlegum samskiptum, geta unnið vel undir álagi, þjónustulipurð, jákvæðni og dugnaður. Æskilegur aldur: 20-40 ára. Góð laun í boði. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Upplýsingar veittar alla daga milli kl. 9 og 15 í síma: 892 0274 (Herwig)

Umsóknareyðublöð á veitingastöðum Aktu Taktu og www.aktutaktu.is

FoodCo ehf • Bolholti 4 • 105 Reykjavík • www.aktutaktu.is



Hlutastarf á Select

Select stöðvarnar óska eftir áreiðanlegum, duglegum og þjónustuliprum starfsmönnum til starfa. Um er að ræða hlutastörf til framtíðar.

Störfin henta vel t.d. með annarri vinnu eða með skóla.

Lágmarksaldur umsækjenda er 18 ár en sérstaklega er óskað eftir eldri en 30 ára í störfin.

Umsóknum skal skila inn á vefnum www.10-11.is, eða á Select stöðvunum sjálfum.

Ráðið verður í störfin sem fyrst.



PRENTARI

- við leitum að fagmanni með reynslu

Viðkomandi þarf að geta séð um prentun á offset- og stafrænum prentvélum, auk lokafrágangs. Einnig að geta unnið í algengustu forritum, t.d. Illustrator, Freehand og Photoshop.

Um er að ræða skemmtilegt, fjölbreytt starf hjá litlu og öflugri fyrirtæki, sem er með nýjan og fullkominn tækjabúnað.

Góð vinnuástaða í boði á skemmtilegum vinnustað.

Umsóknir sendist á netfangið: prent@smidjan.is eða í pósti á neðangreint heimilisfang fyrir 11. júní 2005. Öllum umsóknum verður svarað.

STAFRÆNA | PRENTSMÍÐJAN

BÆJARHRAUNI 22 - 220 HAFNARFIRDI - Sími 544 2100 - FAX 544 2102

LEIÐSÖGUR
www.smidjan.is

STAFRÆNA | PRENTSMÍÐJAN



ISF ehf óskar eftir að ráða starfsfólk

í móttökur og Kroppakot (barnagæslu) húsanna frá og með ágúst mánuði.

Leitað er eftir jákvæðu og frísklegu fólki sem hefur áhuga á að starfa hjá kraftmiklu fyrirtæki.

Viðkomandi verður hafa frumkvæði og eiga auðvelt með mannleg samskipti.

Lágmarksaldur 20 ára.

Umsóknarfrestur er til 13. júní 2005.

Umsóknir skulu berast á anna@isf.is

Baðhúsið - Betrunarhúsið - Sporthúsið - Þrekhúsið.

TÖLVULISTINN

Tölvulistinn er sérverslun með tölvur og búnað á verði sem hefur ávallt verið samkeppnishæft án þess að fórn gæðum í vali á búnaði eða þjónustu við viðskiptavini.

Tölvulistinn var stofnaður árið 1993 og var í upphafi með smásölu á tölvum og leikjum til einstaklinga og hefur verið í örum vexti á þeim markaði frá upphafi. Fyrirtækið hefur síðan útvíkkað starfssemi sína mikið og má þar nefna útrás á fyrirtækjamarkaðinn, bæði í þjónustu sem og sölu á búnaði.

Hjá Tölvulistannum er í boði mikið úrval tölvuhluta og fyrirtækið er einnig með eigin framleiðslu á tölvum undir merkinu "ACE". Í boði hjá fyrirtækinu eru tölvur frá heimsþekktum framleiðendum og er fyrirtækið meðal annars í samstarfi við Acer, Sony, HP, MSI og IBM. Á Íslandi er Tölvulistinn einn af stærstu innflytjendum og söluaðilum á tölvubúnaði eins og: Harðdiskum, skjákortum, móðurbörðum, vinnsluminni og öðrum sambærilegum búnaði. Tölvulistinn hefur fengið fjölda viðurkenninga frá þeim framleiðendum sem hann er í samvinnu við og sem dæmi má nefna að Tölvulistinn er "Acer Service Partner", "Select WD Western Digital Gold Partner", "Trend Micro Partner" og "Microsoft Certified Partner".

Tölvulistinn hefur á að skipa tækni-mönnum með fjölda gráða frá meðal annars Microsoft, Trend Micro og CompTIA. Starfsmenn eru í dag 50 talsins og búa yfir mikilli reynslu og þekkingu og hafa það markmið að selja hágæða vöru á samkeppnishæfu verði ásamt því að vera í forystu á sviði þjónustu.

Deildarstjóri móttökusviðs

Þjónustudeild Tölvulistans óskar eftir deildarstjóra móttökusviðs.

Um nýtt stöðugildi er að ræða og er leitað eftir metnaðarfullum og áhugasömum umsækjendum sem eru tilbúnir að taka virkann þátt í uppbyggingu nýrrar deildar.

Leitað er að þjónustulunduðum starfsmanni sem býr yfir:

- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynslu af mannaforráðum
- Almennri tölvukunnáttu

Vinnutími er frá 9:00-18:00 alla virka daga.

Umsóknarfrestur er til og með 11 júní. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsjón með starfinu hefur Sigrún Edda Eðvarðsdóttir, sigrunedda@radning.is og María Jónasdóttir, maria@radning.is



RÁÐNINGAR
ÞJÓNUSTAN
...framtíðin er ráðin

www.radning.is
Háaleitisbraut 58-60 • Sími: 588 7700
www.radning.is • radning@radning.is



Leikskólar Ísafjarðarbæjar auglýsa eftir leikskólakennuru

Leikskólinn Sólborg Ísafirði: auglýsir eftir sérkennslustjóra í 87,5% stöðu og leikskólakennurum í 50% stöðu e.h.. Nánari upplýsingar gefur leikskólastjóri: Sonja Elín Thompson, s: 456-3185, netfang: solborg@isafjordur.is Sólborg er fjöggra deilda leikskóli, með börn á aldrinum 1-6 ára, einkunnarorð skólans eru: virðing – gleði – sköpun

Leikskólinn Eyrarskjól Ísafirði: auglýsir stöðu matræðs. Nánari upplýsingar gefur leikskólastjóri: Jóna Lind Karlsdóttir, s: 456-3685, netfang: eyrarskjol@isafjordur.is Eyrarskjól er þriggja deilda leikskóli með börn á aldrinum 1-6 ára og vinnur eftir Hjallastefnunni.

Leikskólinn Bakkaskjól Hnífsdal: auglýsir eftir deildarstjóra í 100% stöðu. Nánari upplýsingar gefur leikskólastjóri: Berglind Grétarsdóttir, s: 456-3565, netfang: bakkaskjol@isafjordur.is Bakkaskjól er einnar deildar leikskóli með börn á aldrinum 1-6 ára

Leikskólinn Laufás Þingeyri: auglýsir eftir deildarstjóra í 100% stöðu og matræð í 65% stöðu. Eldað er fyrir leikskólann og grunnskólann. Nánari upplýsingar gefur leikskólastjóri: Elsa María Thompson, s: 456-8318, netfang: laufas@isafjordur.is Laufás er einnar deildar leikskóli með börn á aldrinum 1-6 ára

Leikskólinn Grænigarður Flateyri: auglýsir eftir leikskólakennara í 50% stöðu. Nánari upplýsingar gefur leikskólastjóri: Barbara Ferster, s: 456-7775, netfang: gruenigardur1@isafjordur.is Leikskólinn Grænigarður er einnar deildar leikskóli með börn á aldrinum 1-6 ára og vinnur eftir Hjallastefnunni.

Leikskólinn Tjarnarbær Suðureyri: auglýsir eftir leikskólakennurum. Nánari upplýsingar gefur leikskólastjóri: Svava Rán Valgeirsdóttir, s: 456-6128, netfang: tjarnarbær@isafjordur.is Tjarnarbær er tveggja deilda leikskóli með börn á aldrinum 1-6 ára. Leikskólinn vinnur eftir kenningum John Dewey og einkunnarorð skólans eru virðing – gleði – sköpun.

Umsóknarfrestur er til: 5. júlí 2005

LEIKSKÓLINN KRAKKABORG

Í Þingborg, Hraungerðishreppi auglýsir eftir leikskólakennara til starfa. Um er að ræða afleysingu í fæðingarorlofi í 80% deildar-stjórastöðu frá og með ágúst 2005. Leikskólinn er þriggja deilda leikskóli með börnum frá 9 mánaða til 6 ára.

Leikskólinn er í mótun og stefnan er að hafa góðan náttúruleikskóla þar sem börnin geta verið í góðum tengslum við náttúruna og dýrin í umhverfinu.

Áhugasamir hafi samband við Þórdísi leikskólastjóra í sínum: 482-3085/661-2923 eða á netfangið: leikskoli@simnet.is fyrir 25. júlí 2005.



Vegna aukinna umsvifa óskar Marel hf að ráða fleiri rafvirkja, málmíðnaðarmenn og rennismiði



Rafvirkjar

Rafvirkjar vinna við frágang rafbúnaðar og stillingu og prófun tækja.

Málmíðnaðarmenn

Málmíðnaðarmenn vinna við smíði og samsetningu íhluta úr ryðfríu stáli, samsetningu tækja, stillingu og prófun.

Rennismiðir

Rennismiðir vinna á vöktum á fullkomnu renniverkstæði við forritun og keyrslu CNC tækja.

Í framleiðslu Marel hf er unnið í sellum eða litlum, sjálfstæðum liðum. Sellan er samábyrg fyrir að uppfylla kröfur og væntingar viðskiptavina um gæðavöru, þökkun og útskipun búnaðar á afhendingardegi. Áhersla er lögð á liðsanda, sjálfstæði, samvinnu, góða vinnuaðstöðu og símenntun.

Umsóknarfrestur er til 13. júní n.k. Vinsamlegast sækjið um störfin á heimasíðu Marel (www.marel.is). Nánari upplýsingar veitir Magnús Þór Ásmundsson, framkvæmdastjóri framleiðslu, í síma 563 8000 eða á magnus@marel.is.

Marel er alþjóðlegt hátækniyrirtæki í fararbroddi á sviði þróunar og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaíðnað. Hjá fyrirtækinu starfa um 800 starfsmenn í 5 heimsálfum.

Marel hf. | Austurhrauni 9 | 210 Garðabæ
Sími: 563 8000 | www.marel.is



Frá Grunnskóla Djúpavogs



Skólastjóri

Við Grunnskóla Djúpavogs vantar skólastjóra fyrir næsta skólaár.

Hæfniskröfur:

Framhaldsmenntun í stjórnun og/eða reynsla af stjórnun æskileg. Færni í mannlegum samskiptum, metnaður, frumkvæði og skipulagshæfni. Góð tölvukunnátta.

Kennarar

Smíðakennara og kennara til almennrar bekkjarkennslu vantar á miðstigi og unglíngastigi næsta skólaár.

Við Grunnskóla Djúpavogs starfar metnaðarfullur og samhentur hópur fólks. Skólinn er einsetinn með rúmlega 50 nemendum. Mjög gott íþróttahús er á staðnum og ný sundlaug.

Umsóknarfrestur er til 17. júní 2005. Allar nánari upplýsingar veitir skólastjóri, Gauti Jóhannesson í síma: 478 – 8246 netfang: skolastjori@djupivogur.is. Frekari upplýsingar um skólann má finna á heimasíðu hans: <http://www.djupivogur.is/grunnskoli>.



Viltu vinna hjá flottu fyrirtæki?

Samskip eru framsækið og kraftmikið fyrirtæki þar sem öll aðstaða fyrir starfsmenn er til fyrirmyndar. M.a er boðið upp á góða líkamsræktaraðstöðu í tveimur sölum á 120m² svæði starfsmönnum að kostnaðarlausu. Á staðnum er fullkomið mótuneyti sem framreiðir fjölbreytt fæði á sanngjörnu verði. Hjá Samskipum er kraftmikið starfsmannafélag með fjölbreytta starfsemi, s.s. golfklúbb, siglingaklúbb og aðgang að 8 tonna skemmtibát, fimm sumarhústaði að Bifröst og margt fleira skemmtilegt. Hjá Samskipum á Íslandi vinna 650 skemmtilegir starfsmenn.

Viltu ekki slást í hópinn?

Tækjamenn á gámavöll óskast

Við leitum að dugmiklum og samviskusömum starfsmönnum til starfa sem tækjamenn á gámavöll Samskipa. Um er að ræða akstur tækja innan athafnasvæðis fyrirtækisins. Einnig þarf viðkomandi að skrá í tölvukerfi og hafa samskipti við aðrar verkstöðvar.

Vinnutími

Í boði eru störf á dagvakt og störf í vaktavinnu. Dag- og kvöldvaktir eru á tímabilinu 07:55-16:00 og 16:00-24:00.

Hæfniskröfur

Vinnuvélaréttindi eru æskileg en ekki skilyrði. Frumkvæði, nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð. Umsækjandi skal hafa fagaða framkomu, geta unnið undir álagi, vera lipur í mannlegum samskiptum og þjónustulundaður. Umsækjandi skal hafa hreinan sakaferil.

Áhugasamir

Vinsamlegast fyllið út umsókn á vef Samskipa www.samskip.is. (veljið „Tækjamenn á gámavöll – auglýst staða 05.06.05“) fyrir 10. júní 2005. Atli Jarl Martin, rekstrarstjóri, veitir allar nánari upplýsingar í síma 858 8530.

Um er að ræða sumarafleysingastörf með möguleika á fastráðningu.

SAMSKIP

Kjalarvogi • 104 Reykjavík • Sími 458 8000 • Fax 458 8100 • samskip.is

Holtakaffi Grafarholti

Vantar starfsfólk til afgreiðslustarfa á kaffihús / bakarí. Vaktarvinna. Æskilegt aldur umsækjenda 25 ára og eldri. **Upplýsingar gefur Brynhildur í síma 660 1789.**

VÉLRÁS

Bifreiða- og vélaverkstæði

Óskum eftir vönum mönnum til viðgerða á þungavinnuvélum og vörumbílum. Einnig vantar járnsmiði.

Mikil vinna framundan. **Upplýsingar í síma 555-6670**



Ljósinn í bænum

Afgreiðslustörf

Óskum eftir að ráða starfsfólk til afgreiðslustarfa. Sumarafleysing. Vinnutími 10-18 alla virka daga. Ekki yngri en 18 ára. Upplýsingar gefur Unnur í síma 897-2245. Umsóknir sendist á rafvirkjameistarinn@rafvirkjameistarinn.is

Leikskólinn Sjáland

Við leitum að leikskólakennurum til starfa í nýjum leikskóla, Leikskólanum Sjálandi í Garðabæ. Frekari upplýsingar veitir Ída Jensdóttir Leikskólustjóri í síma 690 1237 eða á netfangið ida@nysir.is. Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð hjá Nýsi hf, Flatathrauni 5a í Hafnarfirði.

Umsóknarfrestur er til 16 júní.

Þjónustufulltrúi Reykjavík og Akureyri



Vegna aukinna verkefna eru í boði:

Starf þjónustufulltrúa á matvælasviði með aðsetur á höfuðborgarsvæðinu
Tvö störf þjónustufulltrúa, annað á Akureyri og hitt í Reykjavík

Starf þjónustufulltrúa felst m.a. í eftirfarandi:

Ráðning starfsmanna
Kennsla og þjálfun
Umsjón með verkgaðum
Sala
Gerð verklýsinga
Samskipti við viðskiptavinum

Kröfur:

Reynsla af stjórnun
Frumkvæði
Góð tölvukunnátta
Skipulögð vinnubrögð
Þjónustuvilja og samskiptahæfni

Þjónustufulltrúi vinnur mjög sjálfstætt og hefur frjálsan vinnutíma sem er verkefnatengdur.
Starfinu fylgja heimsóknir í fyrirtæki og hefur hann bifreið og síma til umráða.



Umsóknum fyrir störf in í Reykjavík sé skilað til skrifstofu ISS Ísland ehf.,
Ármúla 40, 108 Reykjavík, merkt "þjónustufulltrúi".
Umsóknum fyrir starfið á Akureyri sé skilað til skrifstofu ISS Ísland ehf.,
Strandgötu 1, 600 Akureyri, merkt "þjónustufulltrúi".
Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu ISS Ísland, www.iss.is
Umsóknarfrestur rennur út föstudaginn 10. júní.

ISS Ísland ehf. er stærsta fyrirtæki landsins á sviði fasteignaumsjónar, s.s. ræstinga, þrifa í matvælaíðnaði og viðhaldi/hreinsun loftræstikerfa, fyrirtækið hefur starfið í yfir 24 ár. Hjá ISS starfa yfir 630 manns á aldrinum 17 - 80 ára um allt land. Starfsmenn fá kennslu, þjálfun, bestu áhöld sem völ er á. Einnig fá starfsmenn stuðning frá þjónustufulltrúum og flokkstjórum.



Kennarar

Viltu breyta til?

Hvernig væri að skoða búsetu í Skagafirði?

Við í Árskóla á Sauðárkróki getum bætt við okkur áhugasömum kennurum næsta skólaár sem eru tilbúnir að taka þátt í því metnaðarfulla skólstarfi sem fram fer hjá okkur.

Um er að ræða m.a. kennslu í smíðum, sérkennslu, almennri kennslu á yngsta stigi og kennslu í skólaseli í Háholti.

Nánari upplýsingar veita skólastjórnendur í síma: 8221141 / 8221142

Heimasíða skólans: <http://www.arskoli.is>



Steypustöðin ehf

**er framsækið þjónustu og
framleiðslufyrirtæki sem skapar
ásamt viðskiptavinum sínum
verðmætar gæðalausnir.**

Sumarstarf

Steypustöðin ehf. óskar eftir að ráða til sín starfskraft til sumarafleysinga á skrifstofu. Starfið felst í almennum skrifstofustörfum auk símvörslu og móttöku viðskiptavina. Við leitum að: Jákvæðum og duglegum einstaklingi, sem getur hafið störf 15. júní. Reynsla ekki skilyrði.

Umsóknum skal skila til:
bjorg@steypustodin.is

LAUST STARF

Á UMHVERFIS- OG TÆKNISVIÐI

Umhverfis- og tæknisvið óskar að ráða sérfræðing á sviði byggingarmála. Um er að ræða fullt starf.

Helstu verkefni eru svör við ýmsum erindum sem varða byggingarleyfi o.fl., kostnaðareftirlit, innri áætlanagerð og eftirfylgni með stöðu verkefna á sviðinu, auk ýmissa samskipta við viðskiptavinum og aðila innan og utan stjórnkerfis Hafnarfjarðarbæjar.

Gerð er krafa um starfsreynslu og menntun á háskólastigi (eða sambærilega menntun) á sviði byggingarmála. Reynsla af stjórnun og lipurð í mannlegum samskiptum eru æskileg.

Um kaup og kjör fer samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Hafnarfjarðar og Launanevndar sveitarfélaga eða viðkomandi stéttarfélags.

Upplýsingar um starfið veitir Bjarki Jóhannesson, sviðsstjóri umhverfis- og tæknisviðs.

Umsóknum skal skila til umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, eigi síðar en 27. júní n.k.



VELKOMIN TIL HAFNARFJARDAR!
Hafðu samband og láðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjodur.is

Söngsveitin Filharmónía auglýsir eftir kórstjóra

næsta starfsár með möguleika á framlengingu. Starfsár kórsins er að jafnaði frá september og fram í maí. Æfingar eru mánudags- og miðvikudagskvöld. Aðrir starfsmenn kórsins eru píanóleikari og raddþjálfari.

Leitað er eftir hæfileikaríkum og metnaðarfullum einstaklingi með góða þekkingu á innlendra og erlendra kórtónlist. Umsækjandi skal búa yfir reynslu af kórstjórn og þarf að geta tekist á við styttri kórverk sem og stærri fyrir kór og hljómsveit.

Söngsveitin Filharmónía var stofnuð árið 1959 í því skyni að flytja stór kórverk með símfónu- hljómsveit. Upplýsingar um kórin, störf hans og verk sem hann hefur flutt er að finna á heimasíðu hans www.filharmonia.mi.is. Jafnframt er hægt að afla upplýsinga í sínum 898 5290 (Lilja) og 892 2613 (Einar Karl).

Umsóknir með upplýsingum um menntun, reynslu og fyrri störf skal senda til:
Söngsveitarinnar Filharmóníu
Álftamýri 15, 108 Reykjavík
fyrir 20. júní 2005.

Holtakaffi Grafarholti

Vantar starfsfólk til afgreiðslustarfa á kaffihús / bakarí. Vaktarvinna. Æskilegt aldur umsækjenda 25 ára og eldri.

Upplýsingar gefur Brynhildur í síma 660 1789.

Kranamenn



**Vanir og áhugasamir kranamenn
óskast á Liebherr 15-ECH turnkrana,
góð laun í boði fyrir menn með
reynslu.**

PG-Verk leggur metnað sinn í fyrsta flokks vinnuáætlun og búnað. Hjá fyrirtækinu er öflugt starfsmannafélag og góður starfsandi ríkir.

Allar umsóknir berist skriflega á skrifstofu PG-Verks, Fossaleyni 16, 112 Rvk, á heimasíðu félagsins www.tgverk.is, eins er hægt að fá upplýsingar í síma 534 8400 á skrifstofutíma.



www.tgverk.is



**Sendiráð Bandaríkjanna
óskar eftir að ráða
aðstoðarmann
viðskiptafulltrúa.**

Atvinnuauklýsingu og starfslýsingu er að finna á heimasíðu sendiráðsins www.usa.is.

Síðasti umsóknardagur er 16. júní 2005.

Rekstrarfulltrúi

Félagsþjónustan í Hafnarfirði auglýsir eftir rekstrarfulltrúa í 50% starf.

Rekstrarfulltrúi sér um að taka við umsóknum og reikna út húsaleigubætur og yfirleitt að annast öll útgjöld og skrá þau. Tölvukunnátta nauðsynleg, stúdentspróf eða sambærileg menntun æskileg. Laun eru skv. kjarasamningi Hafnarfjarðarbæjar og Starfsmannafélags Hafnarfjarðar. Umsækjandi þyrfti að geta hafið störf 1. ágúst eða sem fyrst. Umsóknarfrestur er til 19. júní og má nálgast umsóknareyðublöð á skrifstofu Félagsþjónustunnar Strandgötu 33 eða á heimasíðu bæjarins, hafnarfjordur.is.

Nánari upplýsingar um starfið veita Guðríður Guðmundsdóttir, lögfræðingur, eða Ingibjörg Jónsdóttir, rekstrarstjóri, í síma 585 5700.

Afgreiðslufulltrúar

Félagsþjónustan í Hafnarfirði auglýsir eftir þremur starfsmönnum til starfa í afgreiðslu stofnunarinnar.

Starfið felst aðallega í símsvörum og almennri afgreiðslu, móttöku umsókna og almennum skrifstofustörfum. Um er að ræða 50% starfshlutfall. Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst. Laun eru skv. kjarasamningi Hafnarfjarðarbæjar og Starfsmannafélags Hafnarfjarðar. Umsóknarfrestur er til 19. júní og má nálgast umsóknareyðublöð á skrifstofu Félagsþjónustunnar Strandgötu 33 eða á heimasíðu bæjarins, hafnarfjordur.is.

Nánari upplýsingar um starfið veita Guðríður Guðmundsdóttir, lögfræðingur, eða Ingibjörg Jónsdóttir, rekstrarstjóri, í síma 585 5700.



VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
 Halðu samband og faðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is



Viltu vinna hjá flottu fyrirtæki?

Samskip hf. er ört vaxandi flutningafyrirtæki sem býður viðskiptavinum sínum upp á alhliða flutninga og tengda þjónustu hvert sem er og hvaðan sem er í heiminum. Samskip starfrækja skrifstofur og dótturfyrirtæki beggja vegna Atlantshafsins og starfa þannig á alþjóðlegum flutningamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa nú 1300 manns á 49 skrifstofum í 21 landi. Markmið Samskipa er að vera í fararbroddi í uppbyggingu og þróun flutningastarfsemi og að veita viðskiptavinum sínum bestu mögulega þjónustu og ráðgjöf.

Viltu ekki slást í hópinn?

Kranamenn óskast

Við leitum að dugmiklum og samviskusömum starfsmönnum til starfa sem kranamenn hjá Samskipum. Um er að ræða störf á nýjum hafnarkrana félagsins á Reyðarfirði en hann er af gerðinni Liebherr LHM 400. Kostur er að viðkomandi hafi búsetu á Austurlandi en það er ekki skilyrði.

Hæfniskröfur

Tilskilin réttindi, þ.e. stóra vinnuvélaprófið. Haldgöð reynsla af kranavinnu skilyrði og reynsla af hafnarvinnu æskileg. Viðkomandi þarf að vera stundvís, nákvæmur, samviskusamur, geta unnið undir álagi og lipur í mannlegum samskiptum.

Áhugasamir

Vinsamlegast fyllið út umsókn á vef Samskipa www.samskip.is (veljið „Kranamaður á Reyðarfirði – auglýst staða 05.06.05“) fyrir 8. júní 2005. Skriflegar umsóknir berist til Landflutninga - Samskipa á Egilsstöðum, Kaupvangi 25 eða til Samskipa í Reykjavík, Kjalarvogi. Umsóknin skal þá vera merkt „Kranamaður – Reyðarfirði“. Guðmundur Óskarsson deildarstjóri veitir allar nánari upplýsingar í síma 858 8520.

SAMSKIP

Kjalarvogi • 104 Reykjavík • Sími 458 8000 • Fax 458 8100 • samskip.is

SÖLUFÓLK

„Þegar ég var hættur í fótboltanum og kominn í svo langt frí, eins og enn tíðkast, fannst mér ekki hægt að hanga iðjulaus í rúma þrjá mánuði. Mig langaði að kynnast sjómennsku og lífinu um borð, og ekki var verra að maður gat drýgt tekjur sínar því þingfararkaup var ekki hátt á þeim árum,“ segir Ellert. Hann hafði samband við Bæjarútgerðina, sem kippti þingmanninum strax um borð í togarann Bjarna Benediktsson.

„Þetta var 1978 og næstu þrjú sumur var ég háseti um borð, fór fjóra túra á hverju sumri. Sjóveiki hrjáði mig fyrstu dagana en mér var ekkert hlíft og það ekki um það. Ekki bætti úr skák að kójan var beint undir vélarúminu þar sem gnýrinn er verstur, en ég vandist því fljótt. Eftir þrjá daga fann ég ekki fyrir sjóveiki og fannst yndislegt að finna ölduna,“ segir Ellert, sem aðallega veiddi úti á Halamiðum og Reykjanesgrunni með Bjarna Benediktssyni.

„Við veiddum ágætlega alla túrana og ég fékk jafn mikið fyrir hálfsmánaðar tús og heilan mánuð á þinginu. Eitt sinn vorum við á karfa og vorum búnir að fylla, en köstuðum einu sinni enn. Þá lágu fimmtán tonn í halinu svo skipstjórinn hringdi í land og spurði hvað hann ætti að gera, því kvóta-reglur takmörkuðu afla. Þegar við sigldum inn Faxaflóann með nótna úti þurftum við að skera á, en þá var karfinn eins og rauður dregill aftan úr skipinu og mikið fannst mér sorglegt að sjá hvernig farið var með aflann.“

Ellert segir sjóferðir sínar hafa mælst vel fyrir hjá þjóðinni. „Fólki fannst þetta sérstakt



FRÉTTABLAÐIÐ/TÓBIAS SVEINBJÖRNSSON

ELLERT B. SCHRAM, FORSETI ÍSÍ þótti sumarfrí þingmannanna heldur langt og ákvað að sækja um á togara til að drýja þingfararkaupið og svala ævintýraráhranninn í kringum 1980.

þótt sjálfsagt hafi einhverjir talið mig snobba niður á við. Mest fann ég fyrir að fólk kunni að meta að þingmaður vildi kynna sér aðalvinnuveg þjóðarinnar og reyna sjálfur. Þetta var lengst af mikill þrældómur, sex tíma vaktir allan sólarhringinn og þótt ég væri ungur var ég dauðþreyttur og sofnaði á augabragði eftir matinn, eða þar til kallið kom aftur. Um borð var skemmtilegur félagsskapur, bæði ungir menn og galvaskir, sem og eldri og reyndari sjómenn sem höfðu marga fjöruna sopið. Þetta var góður þverskurður og ég eignaðist marga góða vini þeirra á meðal,“ segir Ellert, sem sér sjómennskuna í fögrum ljóma.

„Þetta er rómantískur þrældómur. Sjórinn togaði lengi í mig, en ég var á þingi og menntaður lögfræðingur, og ætlaði mér aldrei að vera lengi. Því er þó ekki að neita að þegar ég gaf eftir sæti á þingi 1979, datt út af þingi og stóð í þeirri krísu að vera atvinnulaus var ég kominn langleiðina með að fara aftur til sjós. Töfrarnir eru miklir og ljúfasta minningin að koma aftur til baka. Sigla inn stilltan Faxaflóann og leggja að eldsnemma morguns, eftir að hafa þrifið klósettinn og káeturnar. Þá var notalegt að sigla inn og koma heim. Mér fannst það sjómanna lífið í hnotskurn.“

Draumur hins djarfa manns

Sjómanslíf! Sjómanslíf! Ástir og ævintýr! segir í rómantísku sjómannaalagi sem í senn er lífseig og kitlandi hvatning til íslensku þjóðarsálinnar sem átt hefur allt sitt undir silfri hafsins og þeim gula. *Pórdís Lilja Gunnarsdóttir* reri á slóðir fyrrverandi sjómanna sem þekktir eru fyrir allt annað en fiskerí og sjómennsku en hafa enn blik sjávar í augunum og ævintýraþrá í brjóstunum.

Pröstur Leó Gunnarsson, leikari og fyrrum kokkur á Höfrungi:

Fiskur illa séður í matinn

„Ég man hvað ég var ógeðslega sjóveikur í fyrstu sjóferðinni minni til Hull. Við vorum þrír á svipuðu reki í okkar fyrstu ferð og strákarnir um borð mikið að stríða okkur þar sem við stóðum veikir að beita. Einn sem var stundum sjóveikur en búinn að vera lengur en við um borð, gerði að gamni sínu með því að æla ofan í bala eins okkar þremmenninganna. Í sama mund stóð gusan út úr okkur öllum,“ minnst hlátur-mildur leikarinn Pröstur Leó Gunnarsson, sem frá sextán ára aldri hefur eytt öllum sumrum á sjó; allt þar til fyrir þremur árum.

„Fyrsta skiptið var fiskerí og sigling á línubátum Frigg frá Tálknafirði og auðvitað því líkt ævintýri að komast í. Þá hljómuðu auglýsingarnar svona: „Háseta vantar á bát sem siglir með aflann.“ Og þannig var reynt að fá menn um borð með gulrót um siglingu sem sjaldnast var farin. Eg fór þó tvisvar, í seinna skiptið með Birgi frá Patreksfirði. Þá bilaði vélin þar sem við vorum að fiska, en gert var við hana til bráðabirgða og gekk hún svo hægt að við vorum fimm daga til Hull. Þar urðum við svo strandaglópar í þrjár vikur því útgerðin var farin á hausinn, eða þar til ég húkkaði far með togara frá Raufarhöfn heim til Íslands,“ segir Pröstur Leó, sem oftast hefur ver-

ið á bátum frá Bíldudal, enda upp-alinn í því fagra sjávarþorpi.

„Sjómennska er hörkupúl og miklar vökur á dragnótabátunum þar sem oft er vakað samfleytt í tvo og þrjá sólarhringa. Þá er maður orðinn ansi ruglaður og ætlar aldrei að sofna þegar í land er komið. Ég hef lengst af verið á dragnótabátunum Höfrungi, en stundum hoppað á milli báta í afleysingum. Fór einu sinni á togara og líkaði illa. Fannst það einhæf færibandavinna, en á línu og dragnót gerir maður allt,“ segir Pröstur Leó, sem oftast hefur verið kokkurinn um borð.

„Þá stekkur maður niður og hendir einhverju í pottana, fer aftur upp á dekk til að beita eða ísa niðri í lest. Skýst svo niður til að taka upp úr pottunum og gefa mannskapnum að éta, og fær fyrir einn og kvart-hlut, örliðið meira en hásetinn. Eitt sinn vorum við á hörpuskel í heilan mánuð og ég ákvað að hafa aldrei sama réttinn á boðstólum. Það kostaði miklar pælingar og útsjónarsemi, en heppnaðist vel og sennilega þyki ég þokkalegasti kokkur, sem veit að fiskur í matinn er illa séður til sjós.“

Pröstur Leó segir ákaflega sérstakt að vera einn með náttúrunni, lengst úti á hafi, en það sé heillandi lífsreynsla.

„Þó fer það alveg eftir mórall-



PRÖSTUR LEÓ GUNNARSSON, LEIKARI Alinn upp við sjóinn á Bíldudal og fór sextán ára til sjós og í siglingu til Hull, þar sem sjóveikin var að gera út af við hann yfir beitingunni.

um um borð. Ég hef verið á bátum með lélegum mórall og þá biður maður þess að komast í land, en

oftast er mikið um að vera og gaman. Sjómennskan gaf auk þess ágætlega af sér, en undir það síð-

asta þurftum við að sætta okkur við að kaupa kvóta til að hafa einhverja vinnu.“

Bessi Bjarnason, leikari og fyrrum háseti á síldarbáti:

Sjómenn betur innréttað fólk

„Ég fór til sjós þegar ég var á sextánda árinu, fyrst með Hafnafirðingnum og síðar Guðmundi Þorláki frá Reykjavík,“ segir stórleikarinn Bessi Bjarnason, sem vildi kynna síldarævintýrinu af eigin raun eftir barnaskólann, sumarið áður en hann hóf nám í Verzlunarskóla Íslands.

„Sennilega hef ég nú verið undir lögaldri og ekki litið vel út hefði eitthvað komið upp á, en þetta var spennandi og atvinnuástand erfitt á þessum árum. Þetta var tveggja mánaða úthald og við sigldum beinustu leið norður því síldinni var landað á Siglufirði og Raufarhöfn. Mér þótti ógurlega gaman á sjónum en þetta var á köflum hörkuprældómur og ég orðinn vel hraustur eftir sjómennskuna um haustið,“ segir Bessi, sem oftast en ekki fannst fullröleg yfir veiðinni.

„Við biðum langtímu saman eftir útkalli þegar einhver varð var við síldartorfu og einn blíóviðrisdag, þegar við vorum kyrrir á sundinu milli Grímseyjar og lands, stungum við okkur í sjóinn og syntum í kringum bátinn til að drepa tímann. Ég fann aldrei fyrir sjóveiki, en kitlaði stundum hressilega í magann þegar veðrið versnaði.“

Bessi landaði alls fimm sinnum síld frá Guðmundi Þorláki á Sigló.

„Og einu sinni fylltum við bátinn og var hörkupúl að tæma hann. Hásetahluturinn var rýr, því þótt við fylltum skipið einu sinni fór svo mikill tími í ekki neitt að aurinn dugði skammt. Síldin snerist um að detta í lukkupottinn og sumum tókst það oftast en öðrum,“ segir Bessi og minnst ekki síður skemmtilegra kvöldstunda í landi.

„Þegar var bræla fóru menn í land og beint á ball. Eflaust var ég undir lögaldri þar líka en maður varð að kynna lífinu. Mikil rómantik lá í loftinu en svo þurfti líka snör handtök ef kallað var í bátana, og skipti þá engu hvað klukk-an var eða hvort maður var í miðjum dansi.“

Bessi segir sjómennskuna vafalaust hafa átt vel við sig sem ævistarf, en hann hafi ekki beinlínis langað aftur á fiskiskip.

„En ég kann vel við mig á sjó og þykir alltaf jafn gaman að fylgjast með aflabroðum og mannlífinu um borð. Sjómenn eru einfaldlega miklu betur innréttaðir en fólk í landi.“



BESSI BJARNASON LEIKARI Böllin á síldarplaninu á Siglufirði og sund í sjónum úti fyrir Grímsey standa upp úr minningunni um sjómennsku unglingsáranna.

BJARTIR DAGAR

Í HAFNARFIRÐI

Í dag ...

SJÓMANNADAGURINN 5. júní

10:00 LÚÐRASVEIT HAFNARFJARÐAR leikur við Hrafnistu

10:45 BLÓMSVEIGUR LAGÐUR AÐ MINNISVARÐA um horfna sjómenn

11:00 SJÓMANNAMESSA Í VÍÐIÐAÐAKIRKJU Prestur séra Bragi Ingbergsson

13:00 SKEMMTISIGLING FYRIR BÖRN Farið verður frá Suðurhöfninni

13:00 OPIÐ HÚS hjá Siglingaklúbbum byti, Strandgötu 88.

14:00 HÁTÍÐARDAGSKRÁ VIÐ SMÁBÁTAHÖFNINA Lúðrasveit Hafnarfjarðar, Englakórinn, Hattur og Fattur, Kristbjörg Kari, kappróður, koddaslagur, kararóður, kassaklífur, listflug með Birni Thoroddsen, fiskisúpa í boði Iceland Seafood, Björgunarsveit Hafnarfjarðar sviðsetur björgunaraðgerð, hoppukastalar, hringekjur og fleira skemmtilegt.

15:00 HESTAMIÐSTÖÐ ÍSHESTA við Kaldárselsveg býður upp á hestaferðir á tilboði í tilefni sjómannadagsins. Verð kr. 1.500 og teymt frítt undir börnum á milli kl. 15 og 16.

20:00 MÓÐIR MÍN DÓTTIR MÍN. Nýtt íslenskt leikverk eftir Ingibjörgu Reynisdóttur í Listaklúbbi Hafnarfjarðarleik- hússins, Strandgötu 50. Miðasala er í síma 555 2222 alla virka daga frá kl. 16-19 og 16-20 sjóningardaga.

Bjartir dagar

  Allar nánari upplýsingar í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 - Sími 585 5500 - www.hafnarfjordur.is



COLDPLAY Hljómsveitin var stofnuð fyrir sjö árum og er um þessar mundir að gefa út sína þriðju plötu.

Hljómurinn þróaður áfram

Þriðja plata bresku hljómsveitarinnar Coldplay, X&Y, kemur í búðir á mánudag. Tónlistarunnendur hafa beðið spennir eftir plötunni og þá þyrstir í einn eitt stórvirkid frá sveitinni. *Freyr Bjarnason* hitaði upp fyrir plötuna.

Þriðja plata bresku hljómsveitarinnar Coldplay, X&Y, kemur út á mánudag. Plötunnar hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu, enda hafa þær tvær síðustu, Parachutes og A Rush of Blood Through the Head, notið gríðarlegar hylli bæði á meðal gagnrýnenda og almennings.

Tilfinningaprungur og grípandi
Coldplay var stofnuð árið 1998 í London og strax ári eftir gerði sveitin útgáfusamning við Parlophone. Frumburðurinn Parachutes kom út 2000 og með tilfinningaprungnum lögum á borð við Yellow og Trouble sló Coldplay umsvifalaust í gegn. Tveimur árum síðar kom A Rush of Blood Through the Head út og vakti ekki síður athygli fyrir innihaldsríkar og grípandi lagasmíðar. Þessar tvær plötur hafa selst í yfir 16 milljónum eintaka og gert Coldplay að einni af allra stærstu hljómsveitum heimsins. Hér á landi hafa báðar plöturnar náð gullsölu; Parachutes hefur selst í 8.500 eintökum og A Rush of Blood to the Head í 6.000 eintökum. Liðsmenn Coldplay eru líka vel kunnugir landi og þjóð því þeir hafa þegar haldið tvenna tónleika fyrir fullu húsi í Laugardalshöll.

Útgáfudeginum frestað

Þeir félagar, Chris Martin, Jonny Buckland, Guy Berryman og Will Champion, tóku sér langan tíma í gerð nýju plötunnar og frestuðu útgáfudegi nokkrum sinnum vegna þess að þeir voru ekki fullkomlega ánægðir með útkomuna. „Það sem við vorum að gera var bara ekki nógu gott,“ segir gítarleikarinn Buckland. „Lögin hljómuðu eins og við hefðum ekkert unnið að þeim saman. Það er alltaf hættu á að leiðast út í fullkomunarárættu og gleyma hvað það er sem skiptir mestu máli.“ Söngvarinn Martin er sammála Buckland. „Það vantaði alla sál í þetta hjá okkur,“ segir hann. „Þannig að við ákváðum að hlaða batteríin á nýjan leik, fara í gamla æfingarherbergið okkar með bjórslettum á gólfinu og hljómsveitarnöfn krotuð á veggina og bara spila saman.“



CHRIS MARTIN Söngvarinn Chris Martin hefur tvisvar sinnum haldið tónleika hér á landi.

Átján mánaða upptökum lýkur

Eftir þetta fóru hlutirnir að smella saman. Þeir sögðu skilið við upptökustjóra sinn til langs tíma, Ken Nelson, og tóku upp nokkur lög með Danton Supple sem hljóðblandaði síðustu plötu þeirra. Hljómurinn var hrár og orkuríkur og svo virtist sem hjartað og sálin væru komin aftur í sveitina. Eftir átján mánaða upptökumaráðun í átta hljóðverum í Chicago, New York, Los Angeles, Liverpool og London er gripurinn loksins á leiðinni í búðir og virðast þeir félagar vera yfir sig hrifnir. Martin hefur þegar lýst því yfir að það verði erfitt að toppa þessa plötu og Buckland virðist vera á svipuðu máli. „Við vildum prófa

nýja hluti og þróa hljóminn okkar áfram en við einbeitem okkur ennþá að lögunum sjálfum og svo hljómar röðin í Chris frábærlega,“ segir Buckland. „Allir eru að standa sig betur en nokkru sinni fyrr.“

Stærsta tónleikaferðin til þessa

Til að fylgja eftir nýju plötunni, sem fékk nýverið fullt hús stiga í tímaritinu Q, ætlar Coldplay í stærstu tónleikaferð sína um heiminn til þessa. Hún byrjar í Hamborg í Þýskalandi 15. júní og heldur síðan áfram fram eftir ári. Á meðal þeirra sem munu hita upp fyrir sveitina í Evrópu eru Interpol, Supergrass, Doves, Elbow og Morning Runner.

Ný mynd eftir Dag Kára

leikstjóra Nóa albinóa

★★★★★
PÖLITINEN

★★★★★
BERLINGSCHE TAGEBLATT

VAKSNE
MENNESKER

★★★★★ "FULLT AF STJØRNUM!!" "Deni, Erika og Ijðran
H.L. MBL S.P. VÍÐSJÁ Class Christensen - Information

★★★★★ "Hellið af þessari mynd. Í sínu orði sagt stórkostleg"
Ó.H.T. RÁS 2 Þórhildur Ólafsdóttir - Valstöðin Ó.H. DV

"Dagur Kára stjornar sig inn sem hann stöðugt þessi trúvænlega þetta ferðalagið."
Sveininn Christensen - Fréttablaðið

!
90,9

MARKAÐURINN

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins. Alla virka daga kl. 17:30

LUKE SKYWALKER MÆTIR ARAGORN

STAR WARS

Kvikmyndanirðir úti um allan heim metast nú um hvorum hafi tekist betur upp, Peter Jackson eða George Lucas. Þessi metingur fer vítt og breitt, nær frá tæknibrellum niður í mistök. Fréttablaðið hefur ákveðið að taka virkan þátt í þessu og *Freyr Gígja Gunnarsson* gerði hlutlausa úttekt á því hvor bálkurinn hefði „svalari“ persónur.

THE LORD OF THE RINGS



Keisarinn er vissulega illmenni en engu að síður hálf-gamall og krumpaður. Hann er veiklulegur að sjá enda þurfti Svarthöfði ekki að hafa meira fyrir því að drepa hann en svo að hann hrinti honum fram af bjargi.

Keisarinn
GEGN
Sauron

Sauron er hins vegar illskan holdi klædd. Ekki ein-göngu tókst honum að plata álfana til þess að búa til hring sem innihélt illskuna heldur þurfti hann enga klóna né Dauðastjörnur til þess að hrista aðeins upp í Miðgarði.



Niðurstaða: Þeir eru ekki svo ólíkir, Keisarinn og Sauron. Þeir tældu menn til þess að tala sínu máli og reyndu eftir fremsta megni að útrýma öllu góðu. Engu að síður fær Sauron stigið fyrir að vera mun sterkari og flottari karakter.



Svarthöfði er eitt af bestu illmennum sögunnar. Hann er gjörsamlega miskunnarlaus en sýnir þó á sér mannlegar hliðar í lok síðustu myndarinnar (nr. 6) og viðurkennir að hann sé faðir Luke Skywalker. Þegar allt kemur til alls eru fáir sem ná honum að illsku.

Svarthöfði
GEGN
Saruman

Saruman var vissulega góður talsmaður fyrir Sauron en kemst ekki í hálfkvisti við Svarthöfða. Þá ber einnig að hafa það í huga að Saruman tapaði fyrir gangandi trjám.



Niðurstaða: Þrátt fyrir að vera handbendi illskunnar eru Svarthöfði og Saruman nánast ekki sambærilegir hvað varðar illsku. Svarthöfði vinnur yfirburðasigur.



Obi-Wan lét sig hverfa þegar sist skyldi. Þar að auki kemur hann bara fram sem andi og rödd í höfði Luke. Engu að síður skiluðu Alec Guinness og Ewan McGregor hlutverkinu svo snilldarlega að Obi-Wan er sennilega einhver besta lærimeistarinn.

Obi-Wan
GEGN
Gandálfi

Gandálfur hefur allt sem góða gamla manninn þarf að þrýða. Hann er ótrúlega klár, pínulítið stríðinn en umfram allt ráðagóður. Hann fórnaði sér fyrir málstaðinn þegar hann elti Balrog niður í dýpsta svartholið.



Niðurstaða: Gandálfur hefur sigur vegna þess að hann snýr aftur, öflugur sem aldrei fyrr, til þess að ljúka við verkefnið sitt.



Leia prinsessa var vissulega hörkutól sem stóð uppi í hárinu á karlebunni Han Solo. Þar að auki var Carrie Fisher með eindæmum falleg á þessum tíma og heilladi karlkynið upp úr skónum með töffarastælum sínum.

Leia
GEGN
Arwen

Arwen var ódauðleg en fórnaði því fyrir ástina, voða rómantískt. Engu að síður stóð hún sig eins og hetja í bardögum og hver man ekki eftir því þegar hún drekkir riddurunum sem voru að elta Fróða?



Niðurstaða: Það er mjótt á muninum hér, en Arwen hefur sigur vegna fórnarinnar. Þar að auki giftist Leia smyglara en Arwen kóngi.



Lando var mikill kvennamaður og skaust „óvænnt“ upp á stjörnuhimininn meðal uppreisnarmanna. Hann líður engu að síður fyrir að hafa sviðið besta vin sinn.

Lando
GEGN
Legolas

Legolas fékk marga til þess að stökkva fram af sætinu og hvetja hann áfram. Hver skýtur eiginlega þremur örvum úr einum boga. Hann er maðurinn sem væri gott að hafa við hlið sér í bardaga.



Niðurstaða: Lando líður fyrir svik sín þrátt fyrir að það hafi verið Svarthöfði sem ógnaði honum. Legolas hefur sigur með nokkrum yfirburðum.



Han Solo fékk alla stráka til þess að vilja fljúga. Hann var hnyttinn en lenti oft í pínulitlu veseni vegna þrjósku sinnar og spilafíknar. Engu að síður bjargar hann deginum og fær fallegu prinsessuna.

Han Solo
GEGN
Aragorn

Aragorn á erfitt með að sætta sig við hlutskipti sitt. Þegar hann loks horfist í augu við það verður hann ósigrandi. Hann er kannski ekki eins svalur og Han Solo en vinnur það upp með því að vera leiðtogi Föruneytinu. Hann fær líka fallegu prinsessuna.




Niðurstaða: Það er ekki hægt að gera upp á milli þeirra. Niðurstaðan er jafntefli.



Luke Skywalker var í fyrstu armur vélvirki sem dreymdi um að verða Jedi-riðari. Sá draumur rættist heldur betur og var Luke enginn eftirbátur föður síns, Anakin, þegar hann var í liði með þeim góðu. Hann gafst aldrei upp í baráttunni og forðaðist allt hið illa.

Luke
GEGN
Fróða

Fróði Baggins fékk erfiðasta hlutskipti kvikmyndanna, að eyða hinu illa. Hann var þó oft á tíðum veikur fyrir mætti hringins og oft mátti ekki tæpara standa. Honum tókst þó að leysa verkefnið en „dó“ við skyldustörf.



Niðurstaða: Luke hefur sigur í þessum samanburði. Hann fékk geislasverð og missti höndina. Þar að auki gafst hann aldrei upp heldur bætti í ef eitthvað var.



R2-D2 og **C-3PO** eru tvímælalaust eitt skemmtilegasta tvíeyki síðan Steini og Olli voru og hétu. R2-D2 var alltaf tilbúinn til þess að aðstoða Luke Skywalker og var með eindæmum húsbóndahöllur.

R2 D2/C3Po
GEGN
Káti, Píppin og Sámi

Hobbitarnir Kátur, Píppin og Sámur voru allir mjög skemmtilegir, fyndnir og alltaf í stuði. Þeir eru nautnaseggir sem elska konur, vín og góðan mat í bland við prakkarastrik.



Niðurstaða: Þessar persónur settu skemmtilegan svip á myndirnar og það væri hálfgerð synd að taka eina fram yfir aðra. Úrskurðurinn er engu að síður vélmenninum í hag.



SJÓNVARPIÐ KEMUR Göngumenn virtust í engum vafa um hvað væri hápunktur sjöunda áratugar síðustu aldar. Sjónvarpið var þar fremst í flokki en þar á eftir fólk í fötum sem einkenndu klæðaburð landsmanna milli 1960 og 1970.



Á ÖRUGGUM STAÐ Stundum er affaraselast að koma sér fyrir á háum stöðum og láta aðra um að þramma áfram.



Hann á afmæli...

Núverandi og fyrrverandi nemendur auk starfsmanna Austurbæjarskóla fögnuðu í gær 75 ára afmæli skólans. Nemendur túlkuðu tískusveiflur og tíðaranda með því að klæðast gömlum klæðnaði í skruðgöngu um miðbæ Reykjavíkur.

Mikið var um dýrðir þegar haldið var upp á 75 ára afmæli Austurbæjarskóla í gær.

Hátíðahöldin hófust þegar farin var skruðganga frá skólanum niður á Laugaveg, þaðan upp Klappartíg og Skólavörðustíg og framhjá Hallgrímskirkju að skólanum aftur. Göngumenn rifjuðu upp tíðarandann í kringum skólann á hinum ýmsu tímum í sögu hans. Þannig klæddust nemendur fötum sem lýstu tískusveiflum hvers áratugar frá því skólinn tók til starfa til dagsins í dag. Í fararbroddi var þó slag-

verkssveit, fánaberar og fólk í þjóðbúningum.

Þegar skruðgöngunni lauk hófst skemmtidagskrá í skólalportinu. Þar var þess meðal annars minnst að hundrað ár eru liðin frá fæðingu Stefáns Jónssonar rithöfundar sem lengi kenndi við skólann við góðan orðstír. Var gamla kennslustofan hans opin af því tilfni fyrir gesti og gangandi. Þá sagði Vilborg Dagbjartsdóttir skáld frá kynnum sínum af Stefáni.

Hátíðardagskránni lauk með rokktónleikum í skólalportinu. ■

Ársfundur Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf.

Ársfundur Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. verður haldinn þriðjudaginn 14. júní nk. kl. 17:15 í höfuðstöðvum KB banka að Borgartúni 19, 4. hæð. Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Fundarsetning.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Ársreikningur fyrir liðið starfsár lagður fram.
4. Tryggingafræðileg úttekt.
5. Fjárfestingarstefna sjóðsins.
6. Kosning tveggja stjórnarmanna og tveggja til vara.
7. Kosning skoðunarmanns.
8. Önnur mál.

Stjórn sjóðsins vill hvetja sjóðfélaga til að mæta á fundinn.



GÓÐ STEMNING Stúlkurnar virtust skemmta sér hið besta á afmælishátíð Austurbæjarskóla.





LOFTIÐ FYLLIST SÁPUKÚLUM Þessir ungu nemar flögguðu íslenska fánanum og blésu sápukúlum fyrir framan Austurbæjarskóla.



Marabon á Kínamúrnum

Kynningarfundur fyrir ferðina Marabon á Kínamúrnum 2006 verður haldinn í húsnæði Ferðafélag Íslands í Mörkinni 6, 5. júní kl. 20.00.

Allir velkomnir!

ferðapjónusta bænda
BÆNDAFERDIR
www.baendaferdir.is



TIL Í ROKKIÐ Þessi virtist með fyrirmyndina á hreinu, Gene Simmons bassaleikara þungarokksveitarinnar Kiss sem einhverjir nemendur skólans hafa væntanlega farið að hlusta á upp úr 1970. Enn ku mega heyra tóna hljómsveitarinnar í og við skólann.

Kraftmikill Getz

Stóri smábíllinn frá Hyundai

Kr. 14.900 á mánuði

Maður situr hátt í þessum. Það skiptir miklu máli. Þá er hann frábær í akstri, svínlíggur alveg á veginum og er góður í beygjum. Hann er ekki með þennan dósafíling eins og maður finnur svo oft í smábílum. Það kom jafnframt á óvart hvað hann er kraftmikill. Aðalatriðið er þó hvað hann er með mikið pláss. Það þarf enginn að engjast í aftursætunum á þessum bíl.

Í sportútfærslu lúkkar hann jafnframt hrikalega vel. Alveg geggjáður bíll!



» **Hyundai Getz**
Verð frá kr. 1.270.000

Hyundai Getz, 5 dyra beinskiptur.
1600 cc vél, 104 hestöfl.

Verð kr. 1.440.000

Bílasamningur kr. **14.900** á mánuði.
m.v. 30% útborgun. Við staðgreiðum þann gamla*.



HYUNDAI
hefur gæðin



Með bílinni handa þér



Forföll gegn Möltu

... Íslenska landsliðið missir hugsanlega fjóra byrjunarliðsmenn út úr leiknum gegn Möltu á miðvikudaginn. Ólafur Örn Bjarnason og Indriði Sigurðsson verða í banni og Pétur Marteinsson og Gylfi Einarsson eru meiddir.

sport
sport@frettabladid.is



60 MEÐ HERMANNI HREIÐARSSYNI

SEKÚNDUR

Hvernig tilfinning er að vera kallaður *The Herminator*? Mér finnst það frekar fyndið. Það er meira jákvætt en neikvætt.

Hvernig er að falla? Ég man það ekki. Það er svo langt síðan.

Tryggvi Guðmunds er... Kojak.

Eyjar eða London? Eyjar.

Eiður Smári er...
... næstbestur í backgammon.
Bakvörður eða miðvörður?
Alveg sama.

Hermann Hreiðarsson er?

Hinn hvíti Michael Jordan.

Stórmót með landsliði eða bikar með Charlton? Stórmót með landsliði.

Fyrirmynd? Það var alltaf Bryan Robson en hélt síðar upp á Cantona.

Erfiðasti andstæðingur? Tryggvi Guðmundsson í handbolta.

Hvort er Henry eða Nistelrooy auðveldari? Eignum við ekki að segja að Nistelrooy sé auðveldari.

Besti samherjinn? Davíð Pálsson í körfubolta.

> Við finnum til með ...

Pétur Marteinssyni sem er væntanlega ökklabrotinn eftir slæma byltu í landsleiknum gegn Ungverjum. Pétur hefur verið að spila lykkihlutverk með Hammarby í sænsku úrvalsdeildinni en missir nú líklega af tímabilinu.

> Við dáumst af ...

... Eiður Smári Guðjohnsen, sem átti frábæran leik gegn Ungverjum og sýndi af hverju hann er að spila stórt hlutverk í einu besta liði heims. Eiður Smári jafnaði föður sinn í öðru sæti yfir markahæstu landsliðsmenn Íslands frá upphafi. Aðeins óheppni kom í veg fyrir að við bættum fleiri mörkum við.



FRAMMISTAÐAN

MARKIÐ:

ÁRNI GAUTUR ARASON 4
Reyndi ekkert á hann í leiknum. Einu skotin sem komu á markið fóru inn.

VÖRNIN:

KRISTJÁN ÖRN SIGURÐSSON 7
Skoraði fallegt mark og var skynsamur. Vel meðvitaður um sín takmörk.

PÉTUR MARTEINSSON 5
Gerðist lítið þær mínútur sem hann lék. (25., Haraldur Freyr Guðmundsson, 6): Skilaði ágætu starfi í sínum fyrsta leik.

ÓLAFUR ÖRN BJARNASON 7
Spilaði eins og hann gerir best – skynsamlega og án allrar áhættu. Steig vart feilspor og var óheppinn að fá rautt spjald.

INDRIÐI SIGURÐSSON 6
Átti mjög góðan fyrri hálfleik. Kom með mikinn kraft, sjálfstraust og finar sendingar. Hvarf sjónum í síðari hálfleik.

MIÐJAN:

BRYNJAR BJÖRN GUNNARSSON 5
Barðist vel og skilaði sínu varnarlega. Skilaði boltanum illa frá sér og tapaði boltanum á slæmum stað í sigurmarkinu.

STEFÁN GÍSLASON 6
Lítill nýliðabragur á Stefáni sem virkaði rólegur og yfirvegaður. Skilaði bolta ágætlega en skilaði varnarskyldunum ekki vel.

GRÉTAR RAFN STEINSSON 7
Kom með fitnskraft í liðið og fór með góðu fordæmi sem smitaði aðra. Skilaði bolta vel og var verulegur missir af honum í seinni hálfleik. (46., Kári Árnason, 6): Var alls óhræddur og gaf allt sem hann átti. Var nálægt því að skora. Yfir litlu að kvarta hjá honum.

GYLFI EINARSSON 3
Komst aldrei í neinn takt við leikinn og var slakur. (50., Gunnar Heiðar Þorvaldsson, 6): Kom með kraft í framlínu Íslands. Var óþreytandi og lagði upp færi fyrir Eið sem hann átti að nýta.

ARNAR ÞÓR VIÐARSSON 3
Mjög dapur. Var spyrnumaður liðsins í leiknum en sást annars ekkert. Ógnaði aldrei og var fjarþegi í 90 mínútur.

SÓKNIN:

EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN 9
Mörgum klössum fyrir ofan aðra leikmenn á vellinum. Það sást best þegar hann kom á miðjuna og Ísland var manni færri. Þá tók hann leikinn í sínar hendur og mataði félagi sína trekk í trekk. Hélt bolta vel og fiskaði aukaspjrnur sem leyfðu Íslendingum að komast upp völlinn.

Sorglegt tap gegn slökum Ungverjum

Íslenska landsliðið í knattspyrnu er enn án sigurs í undakeppni HM eftir grátlegt tap gegn Ungverjum á Laugardalsvelli, 2-3. Ungverjar fengu tvö víti og Ísland missti þrjá menn meidda af velli.

	2-3	
Ísland		Ungverjaland
Laugardalsvöllur		Batista, Portúgal (4)

1-0 Eiður Smári Guðjohnsen (18.)
1-1 Zoltan Gera, víti (45.)
1-2 Zoltan Gera, víti (56.)
2-2 Kristján Örn Sigurðsson (68.)
2-3 Huzsti Szaboics (73.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	10-6 (6-3)
Varin skot	Árni Gautur 0 - Kiraly 3
Horn	3-5
Aukaspjrnur fengnar	24-24
Rangstöður	1-2

FÓTBOLTI Leikurinn fór mjög rólega af stað og bæði lið fóruðu fáum mörkum í sóknina. Það var í raun lítið sem ekkert að gerast þegar Eiður Smári kom Íslandi yfir. Ólítil heppnisstimpill var á markinu en boltinn féll óvænt fyrir fætur Eiðs í teignum sem gat vart annað en skorað.

Markið virkaði eins og vítamínssprautu á íslenska liðið sem óx verulega ásmegin í kjölfarið. Næstu 15 mínútur voru þær bestu hjá íslenska liðinu í undankeppninni. Þær spilaði liðið af áður óséðu sjálfstrausti. Leikmenn voru óragir við að taka andstæðinginn á og pressan að marki Ungverja þyngdist með hverri mínútu. Þrátt fyrir það sáust engin færi.

Það var síðan eins og vænt kjaftshögg þegar Ungverjar jöfnuðu rétt fyrir hlé og íslenska liðið varð að sætta sig við jafna stöðu í leikhléi þrátt fyrir að hafa verið mun betri aðilinn í leiknum. Vendi-

punktur leiksins kom á 56. mínútu þegar Ungverjar fengu aðra vítaspjrnur. Haraldur Freyr virtist brjóta á einum Ungverjanum en portúgalski dómari skraði brotið á Ólaf Örn sem fékk fyrir vikið sitt annað gula spjald í leiknum og þar með það rauða. Gera skoraði úr vítinu og Ungverjar mjög óverðskuldað komnir með öll tók á leiknum.

Íslenska liðið neyddist til að gera taktískar breytingar á leik sínum. Stefán fór í stöðu Ólafs og Eiður bakkaði inn á miðjuna til Brynjars. Ísland hefði átt að fá víti á 65. mínútu en dómari lét sér nægja að dæma aukaspjrnur rétt fyrir utan teig. Hana tók Eiður Smári og skot hans endaði í stönginni. Betur gekk fjórum mínútum síðar þegar Kristján Örn Sigurðsson afgreiddi sendingu Eiðs Smára á snilldarlegan hátt í netið. Ísland búið að jafna manni færri og þar að auki miklu betri aðilinn í leiknum.

Ungverjar skoruðu síðan enn eina ferðina gegn gangi leiksins á 73. mínútu. Brynjar Björn tapaði boltanum á slæmum stað, Ungverjar keyrðu hratt upp og Huszti renndi boltanum í netið. Þetta var þriðja skot Ungverja sem fór á markið og það fyrsta í venjulegum leik. Öll þessi skot enduðu því miður í íslenska markinu. Grátleg niðurstaða.

Það var algjör óþarfi að tapa þessum leik enda eru Ungverjar ekki með sérstakt lið og það bauð upp á lítið sem ekkert í Dalnum í gær. Samt gekk það af velli með öll stigin. Það segir meira en mörg



EIÐUR SMÁRI Á FULLRI FERÐ Eiður Smári Guðjohnsen var mörgum klössum fyrir ofan aðra leikmenn á Laugardalsvöllum. Hér fer hann illa með Ungverja en Eiður Smári skoraði í gær í fjórða leiknum í röð í Laugardalnum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

orð um íslenska liðið sem var á köflum klaufalegt í vörninni og það vantaði oftast en ekki herslumuninn og vel það í sóknarleiknum.

Það var frábært að sjá til íslenska liðsins eftir að Eiður Smári fór á miðjuna og það er með ólíkindum að landsliðsþjálfararnir hafi ekki látið hann byrja leikinn á miðjunni. Þar hefur hann farið á kostum með Chelsea og leikur ís-

enska liðsins var bestur eftir að hann kom á miðjuna, og það þrátt fyrir að Ísland væri manni færri. Það segir líka meira en mörg orð um stöðu, og spilmennsku, íslenska landsliðsins í dag að þrátt fyrir tapið var þetta besti leikur liðsins í háa herrans tíð. Það verður fróðlegt að sjá hvernig leikmenn bregðast við þessu tapi gegn Möltu á miðvikudag.

henry@frettabladid.is

Almenn braut matvælagreina

Innritun á almenna braut matvælagreina stendur yfir.

Nám og kennsla

Námið er tvær annir og er markmiðið að kynna fyrir nemendum störf í hótél- og matvælagreinum. Áhersla er lögð á bóklega og verklega þætti. Námið fer að mestu fram í skólanum en einnig fara nemendur í starfskynningu á vinnustöðum.

Innritun lýkur 15. júní.

Nánari upplýsingar hjá áfangastjóra og námsráðgjöfum skólans í síma 594 4000



HÓTEL- OG MATVÆLAGREININ
HOSPITALITY AND CULINARY SCHOOL OF ICELAND

Menntaskólinn í Kópavogi v. Digranesveg, 200 Kópavogur, sími 594 4000, www.mk.is

Eiður Smári Guðjohnsen, fyrirlíði íslenska landsliðsins, átti stórleik í gær:

Það var mikið mótlæti í þessum leik

FÓTBOLTI „Það er alltaf sárt að tapa, sérstaklega þegar maður hefur vanist því að vinna. Spilmennska okkar var engu að síður mjög góð og mun betri en í síðustu leikjum.

Andinn í liðinu var mjög góður og oft var mjög góður fótbolti á köflum. Mótlætið var þó mikið, til dæmis hvað varðar dómara. Við misstum mann útaf en létum ekki deigan síga og náðum að jafna, svo kom smá einbeitingarleysi undir lokin þegar við fengum á okkur þriðja markið. Ég var alls ekki sáttur við dómara í þessum leik og hef ekki meira um það að segja.“ sagði Eiður Smári fljótlega eftir leikinn en hann fékk að líta gult spjald í síðari hálfleik fyrir mótmæli.

Þrátt fyrir langt og strangt tímabil með Chelsea var Eiður mjög frískur í leiknum, skoraði gott mark og hefði getað sett fleiri með smá heppni. „Ég var óheppinn að ná ekki að setja fleiri mörk, átti þarna aukaspjrnur sem hafnaði í samskeytnum og svo fékk ég færi sem ég hefði kannski



DEILT VIÐ DÓMARANN Eiður Smári Guðjohnsen fékk gult spjald fyrir að deila við dómara í gær. Ein af mörgum furðulegum ákvörðum dómarsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

átt að klára betur en boltinn skoppaði svólítið asnalega akkúrat í skrefinu hjá mér.“ sagði Eiður og var skiljanlega fúll á svip yfir því að ekkert stig hafi skilað sér í hús í þessum leik.

„Nú þurfum við bara að ná

okkur strax eftir þetta svekkelsi og koma vel stemmdir í næsta leik, með þessari spilamennsku ættum við ekki að verða í teljandi erfiðleikum gegn Möltu en huga farið þarf að vera rétt.“ sagði Eiður Smári Guðjohnsen.

-egm

 **event**

Forsala

hefst á mánudaginn
kl. 10:00 á event.is

*Almenn miðasala hefst á þriðjudaginn
kl. 10:00 á öllum sölustöðum.*

**EUROPEAN
TOUR 2005**
EGILSHÖLL 17. JÚLÍ

500 kr. afsláttur fyrir Námufélaga Landsbankans

 **Landsbankinn**



Miðasala í verslunum Skífunnar, BT á Akureyri og Selfossi,
á www.event.is og í síma 575 1522. Miðaverð aðeins 5.900.
ATH: Mjög takmarkað miðamagn!



ÓRÉTTLÆTI Indriði Sigurðsson var ekki ánægður með dómarrátrið í gær.

Indriði Sigurðsson eftir leik:

Mikið óréttlæti í þessu

FÓTBOLTI „Eftir þennan leik er orðið óréttlæti það sem fyrst kemur upp í hugann. Við vorum að spila þetta vel og börðumst allan tímann, vorum miklu betri. Svo má setja stórt spurningamerki við það að gefa gul spjöld í báðum vítaspyrnudómum.“ sagði Indriði Sigurðsson að leik loknum.

„Ég er langt frá ánægður með þetta dómarrátrið á þessum leik. Strax í byrjun er annar línuvörðurinn búinn að hóta mér gulu spjaldi fyrir eitthvað sem ég veit ekki hvað var. Svo nær hann að gefa mér það, ég fékk þarna gult spjald fyrir ekki neitt. Ég sagði kannski eitthvað upphátt með mér en ekkert sem beint var til hans, hann hefur bara tekið það til sín. Þetta var samt ekkert sem verðskuldaði gult spjald.“ sagði Indriði. „Völlurinn var nokkuð erfiður en þrátt fyrir það náðum við góðu samspili, þetta var besti leikur okkar í langan tíma. Við náðum að jafna og það var ansi súrt að missa það síðan niður, það var ennþá mikill sigurvilji í okkur og við vorum líklegri til að skora ef eitthvað var.“

-egm

Vináttulandsleikur í gær:

Fjögur þýsk

FÓTBOLTI Þjóðverjar skorðu fjögur mörk í sigri á Norður Írum í vináttulandsleik í Belfast í gær. Michael Ballack skoraði tvö mörkanna, annað þeirra úr víti, en mörkin skorðu þeir Gerald Asamoah og Lukas Podolski. Þjóðverjar léku manni færri frá 15. mínútu þegar Robert Huth, leikmanni Chelsea, var víkið af velli fyrir að verja með hendi á marklinu.

-óój

Mikið varið í ungu strákana

Ásgeir Sigurvinsson landsliðsþjálfari var mjög ánægður með spilamennsku íslenska liðsins í gær þrátt fyrir tap. Hann hrósar ungu leikmönnum sérstaklega.

FÓTBOLTI „Við spilðum glimrandi leik og meira get ég ekki krafist, ég hef ekkert yfir leikmönnum að kvarta. Grétar Rafn, Gunnar Heiðar, Halli og Kári eru allt drengir sem gefa sig alveg hundrað prósent í þetta og stimpluðu sig vel inn. Svo áttum við langbesta manninn á vellinum, Eið Smára, sem sýndi hvað eftir annað frábær tilþrif.“ sagði Ásgeir Sigurvinsson, annar þjálfara íslenska landsliðsins að leik loknum.

Mjög sáttur við leik liðsins

„Ég er mjög sáttur við leik okkar manna en því miður voru engin stig skilin eftir handa okkur. Við áttum svo sannarlega skilið að fá allavega eitt ef ekki fleiri stig úr þessum leik. Við komumst yfir en fengum síðan á okkur vafasamt víti, þetta var erfitt þar sem við misstum nánast þrjá af velli í fyrri hálfleik vegna meiðsla.“

Eiður fékk dauðafæri til að koma okkur yfir en við vorum óheppnir þar. Svo missum við Ólaf Örn af velli þegar hann fær sitt annað gula spjald í ódýrari kantinum og aftur fengum við á okkur víti en ég sá það ekki nægilega vel af bekknum. Það var samt gaman að sjá okkur komast inn í leikinn einum manni færri og jafna, það

var mjög ánægjulegt hvað þessir drengir sýndu í dag og ég sé enga ástæðu til að vera eitthvað að örventa með það. Það var virkilega súrt að fá þetta mark síðan á okkur sem tryggði þeim sigurinn, það var af ódýrari gerðinni.“ sagði Ásgeir.

Ásgeir vildi lítið setja út á dómara. „Það vill oft vera svona með þessa dómara að sunnan, súrt að fá spjöld fyrir mótmæli, ég spurði til dæmis Indriða hvað hann hefði sagt en hann sjálfur sagðist bara ekki vita það. Svo fær Ólafur gult spjald þegar það er skotið í hann og svo kemur annað gult í seinna vítinu, er það ekki nógu mikil refsing að fá á sig vítaspyrnu?“

Mikið um forföll

Það verður mikið um forföll í leiknum á miðvikudaginn og sagði Ásgeir að það þyrfti eflaust að bæta eitthvað í hópinn fyrir þann leik. „Við höfum unga og efnilega leikmenn sem sýndu að mikið er varið í þá. Ég hef ekki trú á að Pétur Marteinsson og Gylfi Einarsson geti leikið á miðvikudag. Svo er spurning hvort Grétar Rafn Steinsson verði leikmaður en hann stimplaði sig vel inn í leikinn.“

elvar @frettablidid.is



SÁRT AÐ FÁ EKKERT STIG Landsliðsþjálfari Ásgeir Sigurvinsson var ánægður með spilamennsku íslenska liðsins en liðið átti skilið að fá öll þrjú stig í gær. Íslend hefur því ekki náð að vinna enn þrátt fyrir að sex leikjum sé lokið.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Lothar Matthaus, þjálfari ungverska landsliðsins:

Bað Íslendinga afsökunar

FÓTBOLTI „Ég er afar ósáttur við leik minna manna í dag og þó við höfum fengið þrjú stig, var þetta ekki knattspyrna sem við vorum að spila þarna úti. Ég er afar vonsvikinn og ég verð eiginlega að biðja Íslendinga afsökunar, því þið voruð með stærra hjarta en við, þetta hugarfar og betri knattspyrnu. Ég er því afar hissa á því að við skulum hafa unnið þennan leik.“ sagði Lothar Matthaus, þjálfari Ungverja eftir leikinn í gær. Við spurðum hann hvað honum hefði fundist við um vítaspyrnudómna tvo.

„Því miður var ég staðsettur

svo langt frá atvikunum að ég er ekki dómbær á það. Mér skilst að um hendi og brot hafi verið að ræða, en ég verð að sjá það í sjónvarpinu áður en ég get dæmt um það að fullu. Það var heppni að við skyldum fá þessi víti og ná að stela sigrinum hérna, því við vorum að leika skelfilega og ég þarf greinilega að lesa hraustlega yfir hausamótunum á mínum mönnum. Við þurfum að fara yfir af hverju menn virkuðu svona latir, þreyttir og áhugalausir inni á vellinum. Ég hef skamman tíma til að vinna með liðið í þessum landsleikjum og því verðum við



MARK Í UPPSIGLINGU Eiður Smári er hér um það bil að skora fyrsta mark íslenska liðsins í gær eftir að Gylfi Einarsson vann tæklingu í teignum.

FRÉTTABLAÐIÐ/PALLI

að bregðast skjótt við og laga þessa hluti. Ungverjar hafa stóra drauma og miklar væntingar til liðs síns og við verðum svo sann-

arlega að bregðast skjótt við ef við eigum að standa undir þessum væntingum.“ sagði þjálfarinn.

baldur@frettablidid.is

Eggert Magnússon, formaður KSÍ, var svekktur:

Samt stoltur af strákunum

FÓTBOLTI Eggert Magnússon var ekki síður svekktur en aðrir með tapið gegn Ungverjum í gær.

„Þetta var mjög óverðskuldað tap í dag, liðið var að spila vel og því var mjög svekkjandi að tapa þessu. Eins og strákarnir lýsa þessu atviki þegar fyrra vitið er dæmt, er mér sagt að það hafi verið metri í höndina á honum og hann hefði því líklega þurft að saga hana af sér til að forðast spjaldi. Svo fer auðvitað jafnvægið dálítið úr liðinu þegar við missum mann út af, eftir að hafa verið miklu betri aðilinn á vellinum. Ég var að tala við Matthaus

áðan og hann sagðist aldrei hafa verið eins heppinn í knattspyrnuleik eins og hér í dag og sagði sína menn hafa verið að leika skelfilega.“

Ég er engu að síður mjög stoltur af strákunum og fannst þeir spila mjög vel. Ég get ekki ætlast til meira af þeim, en auðvitað verður að vera einhver smá heppni með okkur í þessu líka, en í dag var það bara óheppnin sem elti okkur og ef ég á að vera alveg heiðarlegur man ég nú ekki eftir annarri eins óheppni í landsleik og hér í dag.“ sagði Eggert Magnússon, formaður KSÍ

-bb



VEL VAFINN Grétar Rafn Steinsson sést hér með óvenjulegt höfuðfat.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Grétar Rafn Steinsson: Svekkjandi

FÓTBOLTI Við spurðum Grétar Rafn Steinsson fyrst hvernig hann væri í höfðinu eftir höggið þunga sem hann fékk í leiknum. „Ætli það hafi ekki bara gert mér gott, þá lagast maður kannski eitthvað þarna uppi.“ sagði Grétar í kaldhæðnum tón, greinilega hundsvekktur yfir tapinu.

„Þetta eru einhver fjögur til sex spor sem þarf að sauma í þetta á eftir. Það er ómurlaga svekkjandi að þurfa að vera út af meira og minna allan fyrri hálfleikinn út af einhverju rugli, þegar er verið að gera að sárum manns og þurfa svo að vera inni í klefa í síðari hálfleiknum. Ég er búinn að vera lengi að biða eftir tækifærinu mínu og það er leiðinlegt að það skuli fara svona.“ sagði Grétar, sem var með höfuðið vel vafið inn í sárabindi eftir leikinn eftir samstuði á vellinum.

-bb



ÞAKKAÐ FYRIR LEIKINN Kollegi Eggerts hjá ungverska knattspyrnusambandinu gat ekki annað en hugað Eggert eftir þennan ósanngjarna sigur sinna manna.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

VILTU SKJÓL Á VERÖNDINA?



MARKISUR



www.markisur.com

Firem Fjárfesting ehf

REX

Dalbaut 3, 105 Reykjavík · Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

LEIKIR GÆRDAGSINS

Undankeppni HM í knattspyrnu:

1. RIÐILL

ARMENÍA--MAKEDÓNÍA	1-2
0-1 Goran Pandev, víti (29.), 0-2 Goran Pandev (46.), 1-2 Edgar Manucharian (54.).	
TÉKKLAND--ANDORRA	8-1
1-0 Vratislav Lokvenc (13.), 2-0 Jan Koller (29.), 2-1 Gabi Riera (35.), 3-1 Vladimír Smicer (38.), 4-1 Tomas Galasek, víti (52.), 5-1 Milan Baros (80.), 6-1 Tomas Rosicky, víti (86.), 7-1 Jan Polak (87.), 8-1 Vratislav Lokvenc (90.).	
HOLLAND--RÚMENÍA	2-0
1-0 Arjen Robben (26.), 2-0 Dirk Kuyt (46.).	

Staðan: Holland 19 stig (7 leikir), Tékkland 18 (7), Rúmenía 13 (8), Finnland 9 (7), Makedónía 8 (8), Armenía 4 (8), Andorra 4 (8).

2. RIÐILL

ALBANÍA--GEORGÍA	3-2
1-0 Igle Tare (6.), 2-0 Ervin Skela (33.), 3-0 Igle Tare (55.), 3-1 Vladimír Burduli (85.), 3-2 Levan Kobiasvili (90.).	
TYRKLAND--GRIKKLAND	0-0

ÚKRAÍNA--KAZAKSTAN	2-0
1-0 Andrei Shevchenko (18.), 2-0 sjálfsm. (83.).	

Staðan: Úkraína 20 stig (8 leikir), Grikkland 15 (8), Tyrkland 13 (8), Danmörk 9 (7), Albanía 9 (8), Georgía 5 (7), Kazakstan 0 (6).

3. RIÐILL

EISTLAND--LIECHTENSTEIN	2-0
1-0 Andrei Stepanov (27.), 2-0 Andres Oper (57.).	
PORTÚGAL--SLÓVAKÍA	2-0
1-0 Fernando Meira (21.), 2-0 Cristiano Ronaldo (42.).	
RÚSSLAND--LETTLAND	2-0
1-0 Andrei Arshavin (56.), 2-0 Dmitri Loskov, víti (78.).	

Staðan: Portúgal 17 stig (7 leikir), Slóvakía 14 (7), Rússland 14 (7), Eistland 11 (8), Lettland 10 (7), Liechtenstein 4 (7), Lúxemborg 0 (7).

4. RIÐILL

FÆREYJAR--SVISS	1-3
0-1 Raphael Wicky (25.), 1-1 Rógvi Jacobsen (70.), 1-2 Alexander Frei (73.), 1-2 Frei (86.).	
ÍRLAND--ÍSRAEL	2-2
1-0 Ian Harte (6.), 2-0 Robbie Keane (11.), 2-1 Avi Yehiel (39.), 2-2 Avi Nimni, víti (45.).	

Staðan: Sviss 12 stig (6 leikir), Ísrael 12 (8), Írland 11 (7), Frakkland 10 (6), Kýpur 1 (6), Færeyjar 1 (5).

5. RIÐILL

HVÍTA RÚSSLAND--SLÓVENÍA	1-1
0-1 Nastja Ceh (16.), 1-1 Valentin Belkevich (19.).	
NÖREGUR--ÍTALÍA	0-0
18.30	
SKOTLAND--MOLDAVÍA	2-0
1-0 Christian Dailly (53.), 2-0 James McFadden (89.).	

Staðan: Ítalía 13 stig (6 leikir), Noregur 9 (6), Slóvenía 9 (6), Hvíta Rússland 6 (5), Skotland 5 (5), Moldavía 2 (6).

6. RIÐILL

AZERBADJAN--PÓLLAND	0-3
0-1 Tomasz Frankowski (28.), 0-2 Tomasz Klos (57.), 0-3 Maciej Zurawski (79.).	

STAÐAN:

PÓLLAND	7	6	0	1	22-5	18
ENGLAND	6	5	1	0	13-3	16
AUSTURRÍKI	6	3	2	1	11-8	11
N-ÍRLAND	6	0	3	3	5-13	3
WALES	6	0	2	4	5-11	2
ASERBADJAN	7	0	2	5	1-17	2

7. RIÐILL

SAN MARÍNÓ--BOSNÍA	1-3
0-1 Hasan Salihamdzic (17.), 0-2 Hasan Salihamdzic (39.), 1-2 Andy Selva (40.), 1-3 Sergei Barabaz (75.).	
SERBÍA--BELGÍA	0-0

SPÁNN--LITHÁEN	1-0
1-0 Albert Luque (68.).	

Staðan: Serbía 12 stig (6 leikir), Spánn 12 (6), Litháen 9 (6), Belgía 9 (6), Bosnía 6 (5), San Marínó 0 (7).

8. RIÐILL

BÚLGARÍA--KRÓATÍA	1-3
0-1 Babic (18.), 0-2 Tudor (58.), 1-2 Petrov (72.), 1-3 Kranjcar (80.).	
ÍSLAND--UNGVERJALAND	2-3
1-0 Eišur Smári GUðjohnsen (18.), 1-1 Zoltan Gera, víti (45.), 1-2 Zoltan Gera, víti (56.), 2-2 Kristján Örn Sigurðsson (69.), 2-3 Szabolcs Huszti (73.).	
SVÍPÍJÓÐ--MALTA	6-0
1-0 Jonson (6.), 2-0 Svansson (18.), 3-0 Wilhelmsson (30.), 4-0 Ibrahimovic (40.), 5-0 Ljungberg (57.), 6-0 Elmander (81.).	

STAÐAN:

KRÓATÍA	6	5	1	0	16-3	16
SVÍPÍJÓÐ	6	5	0	1	23-2	15
UNGVERJAL.	6	3	1	2	9-11	10
BÚLGARÍA	6	2	2	2	11-11	8
ÍSLAND	6	0	1	5	6-17	1
MALTA	6	0	1	5	1-22	1

Króatar og Svíar stungnir af í riðli okkar Íslendinga

Svíar hafa unnið fjóra síðustu leiki með markatölunni 16-1. Króatar hafa unnið x leiki í röð. Tékkar skoruðu 8 mörk gegn Andorra

FÓTBOLTI Svíþjóð og Króatía unnu bæði góða sigra og eru að stinga af í okkar riðli. Króatar eru á toppnum með 16 stig eftir 1-3 úti-sigur á Búlgörum en Svíar unnu sinn fjórða sigur í röð þegar þeir fóru illa með Möltubúa og unnu þá 6-0 á heimavelli. Svíar hafa unnið fjóra síðustu leiki sína í riðlinum með markatölunni 16-1 en eru samt einu stigi á eftir Króötum. Það er langt í næstu lið, Ungverjar koma næstir með 10 stig eftir sigurinn á Íslandi.

Anders Svensson átti frábæran leik með Svíum, skoraði eitt mark og lagði upp önnur fjögur. Svíar skoruðu því 13 mörk í leikjunum tveimur gegn Möltu í undankeppninni en Möltubúar eru einmitt á leiðinni til Íslands þar sem þeir mæta okkur á Laugar-dalsvöllinum á miðvikudaginn.

Arjen Robben skoraði fyrra mark Hollendinga sem unnu 2-0 sigur á Rúmeníu og eru á toppnum með 19 stig einu meira en Tékkar sem unnu Andorra 8-1.

Andriy Shevchenko gat tekið gleði sína að nýju eftir að hann skoraði fyrra mark Úkraínu í 2-0 sigri á Kazakstan. Úkraína er komið með 20 stig og ef liðið vinnur Grikkí á miðvikudaginn þá vantar liðið bara einn sigur til þess að tryggja sig inn á HM í fyrsta sinn.

Ítalir halda áfram fjögurra stiga forustu á toppi síns riðils eftir markalaust jafntefli gegn Norðmönnum í Osló. „Við erum ekki ánægðir með 0-0 jafntefli.



SKORUÐU SEX Á MÓTI MÖLTU Svíar unnu 6-0 sigur á Möltu í undankeppni HM og hér fagnar Zlatan Ibrahimovic marki sínu í leiknum. Möltubúar fengu því á sig 13 mörk í leikjum tveimur og Zlatan skoraði fimm þeirra.

Við spilum vel í dag og áttum skilið að fá öll þrjú stig, „ sagði Norðmaðurinn John Carew sem átti besta færi Norðmanna í leiknum.

Portúgalir eru líka í góðum málum eftir 2-0 sigur á Slóvökum í fyrsta landsleik Luis Figo eftir að hann gaf aftur kost á sér eftir 11 mánaða fjarveru. Cristiano Ronaldo skoraði seinna markið beint úr aukaspyrnu og Portúgal er með 3 stiga forskot á toppnum.

Svisslendingar unnu mikilvægan 3-1 sigur á Færeyjum þar sem Alexander Frei skoraði tvö mörk.

Rógvi Jacobsen, leikmaður KR, skoraði fyrir Færeyjar. Ísrael náði jafntefli gegn Írlandi á sama tíma og staðan í riðlinum er þannig að Sviss hefur 12 stig á toppnum, Ísrael er stigi á eftir og svo koma Írland og Frakkland með 10 stig.

Serbía og Svartfjallaland gerði markalaust jafntefli við Belgíu og Spánverjar náðu þeim að stigum með því að leggja Litháen 1-0. Alberto Luque skoraði eina mark leiksins, Serbar og Spánverjar hafa 12 stig á toppnum í sjöunda riðli.

Lokadagur keppni elleftu Smáþjóðaleikanna fór fram í Andorra í gær:

Ásdís fullkomnaði frábæra viku hjá sér

SMÁÞJÓÐALEIKAR Ásdís Hjálmsdóttir, tvítug frjálsíþróttakona úr Ármanni, fullkomnaði frábæra viku hjá sér á Smáþjóðaleikunum í Andorra í gær þegar hún tryggði sér gullverðlaun í kringlukasti. Þetta voru þriðju verðlaun Ásdísar á leikunum.

Vikan hófst á því að Ásdís tvíbætti Íslandsmetið í spjótkesti á sjöunda Vormóti FÍRR (Frjálsíþróttaráðs Reykjavíkur) á Laugar-dalsvelli á laugar-dalsmorgninum, útskrifaðist sem stúdent og dúx frá Menntaskólanum við Hamrahlíð seinna um daginn, flaug síðan til Andorra á sunnudagsmorgunin þar sem hún vann þrjú verðlaun í þeim þremur greinum sem hún tók þátt í. Ásdís vann brons í kúluvarpi á þriðju-deginu, gull í spjótkesti á fimmtu-deginu þar sem hún var aðeins fimm sentimetrum frá nýsettu Íslandsmeti sínu og setti auk þess Smáþjóðaleikamet og vann loks gull í kringlukastinu í gær.

Það komu alls sex verðlaun á síðasta degi frjálsra íþróttanna, fyrir utan fyrrnefnt gull Ásdísar þá unnu þeir Jón Arnar Magnússon (silfur) og Ólafur Guðmundsson (brons) báðir verðlaun í 110 metra grindarhlaupi, Þorsteinn Ingvarsson vann brons í þristökki og loks

vann Friða Rún Þórðadóttir sín önnur bronsverðlaun á leikunum þegar hún kom þriðja í mark í 10000 metra hlaup en hún var einnig þriðja í 5000 metra hlaupi. Að lokum vann boðhlaupsveit karla brons í 4 x 100 metra hlaupi. Sveitina skipuðu þeir Þorsteinn Ingvarsson, Ólafur Guðmundsson, Halldór Lárusson og Jónas Hlynur Hallgrímsson. Stelpurnar enduðu í öðru sæti í heildarkeppninni en strákarnir þrúftu að sætta sig við 3. sætið.

Ísland fékk einnig verðlaun. Sigrún Nanna Karlsdóttir vann þriðju gullverðlaun tækvondóflók í gær þegar hún bar sigur úr býtum í -57 kg flokki en Ísland vann tvö gull á fyrri keppnisdeginum. Þórir Birgir Þorsteinsson komst í úrslitaleikinn í sama flokki hjá strákunum en varð að sætta sig við silfur. Guðmundur Stephensen varð síðan í þriðja sæti í einliðaleik karla í borðtennis en þetta voru þriðju verðlaun Guðmundar á leikunum, hann vann brons í liðakeppni og gull í tvíliðaleik.

Ísland vann alls 73 verðlaun í Andorra og endaði í öðru sæti á eftir Kýpur sem vann 88 verðlaun og þar af 37 gull. Ísland vann 25 gull, 21 silfur og 27 bronsverðlaun á leikunum.



FRÁBÆR VÍKA HJÁ ÁSDÍSI Ásdís Hjálmsdóttir, tvítugur kastari úr Ármanni vann sín þriðju verðlaun á Smáþjóðaleikunum í Andorra í gær þegar hún vann kringlukast.

MYNDIR TEKNAR AF HEIMASÍÐU ÁSDÍSAR.



TVÖ BRONS Arnar Sigurðsson vann tvö brons í Andorra en Ísland hafði aldrei unnið verðlaun áður á Smáþjóðaleikunum.

Einstakur árangur á Smáþjóðaleikunum í Andorra: Fyrstu verðlaunin í tennis

SMÁÞJÓÐALEIKAR Íslenska tennisfólkið náði sögulegum árangri á Smáþjóðaleikunum í Andorra þegar tvö bronsverðlaun komu í hús á síðasta degi leikanna í gær.

Þetta eru fyrstu verðlaun Íslendinga frá upphafi í tenniskeppninni leikanna en auk þess náðu konurnar líka í 4. sæti í tvíliðaleiknum. Arnar Sigurðsson komst í undanúrslit í einliðaleik karla þar sem að hann tapaði naumlega fyrir Mónakómanni eft-

ir að hafa unnið fyrstu lotuna. Arnar hefur verið við æfingar í Bandaríkjunum og náði glæsilegum árangri í Andorra. Mónakómaðurinn BenjaminBalleret fór síðan alla leið og vann gullið.

Arnar vann einnig brons með Raj Bonifcius í tvíliðaleik karla. Þær Sigurlaug Sigurðardóttir og Rebekka Pétursdóttir urðu þar í fjórða sæti í tvíliðaleik kvenna. Þetta er einstakur árangur hjá íslenska tennisfólkinu.

Vinnu bílar

Gerðu góð kaup!



RENAULT KANGOO Nýskr. 11.2002 1400cc, 6 dyra, bsk., ekinn 144 þ.



RENAULT KANGOO 4x4 Nýskr. 11.2004 1900cc, 6 dyra, bsk., ekinn 144 þ.



RENAULT KANGOO Nýskr. 03.1998, 1400cc, 5 dyra, bsk., ekinn 113 þ.



RENAULT KANGOO Nýskr. 06.2002, 1400cc, 5 dyra, bsk., ekinn 36 þ.



VW Transported Nýskr. 06.2000 2000cc, 2 dyra, bsk., ekinn 93 þ.



RENAULT KANGOO Nýskr. 03.2002 1400cc, 5 dyra, bsk., ekinn 64 þ.



Grjóthálsi 1 bilaland.is

Opi mán-fös 10-18 og lau 12-16

575 1230

HEFUR BEÐIÐ LENGI EFTIR TÆKIFÆRINU

Pegar Skagamaðurinn Grétar Rafn Steinsson sleit krossbönd fyrir nærri tveimur árum ákvað hann að taka málin í eigin hendur. Hann vildi bestu mögulegu læknismeðferðina og stóð því sjálfur straum af kostnaði við tveggja mánaða endurhæfingarferð til Hollands. Hann hafði löngu ætlað sér að komast út í atvinnumennskuna og vinna sér sæti í íslenska landsliðinu sem nú hefur tekist. „Ég grét fyrst í koddann en ákvað svo að leggja allt undir,“ sagði hann í viðtali við Eirík Stefán Ásgeirsson.

FÓTBOLTI „Ég er búinn að bíða lengi og ég er feginn því að hafa fengið mitt tækifæri,“ segir Grétar Rafn Steinsson landsliðsmaður í knattspyrnu. Það er engum ofsögum sagt að þessi 23 ára Skagamaður sé með mikinn metnað og skýr markmið. Það er langt síðan að hann ákvað að hann myndi gerast atvinnumaður í knattspyrnu og landsliðsmaður.

Það leit ágætlega út með það fyrir fáeinum árum þegar hann var búinn að vinna sér fast sæti í byrjunarliði ÍA, þrátt fyrir ungan aldur, og farinn að vekja athygli á sér. Þá var hann valinn í hálfgeft B-landslið Íslands sem árið 2001 hélt utan til Brasilíu til að leika við heimamenn. Þar skoraði hann eina mark Íslands í 6-1 tapi. Ekki slæmt að skora mark í sínum fyrsta landsleik, hvað þá gegn bestu knattspyrnuþjóð í heimi. „Það var mjög skemmtilegt en það er langt síðan og maður lifir ekki endalaust á því,“ segir Grétar.

En þá kom áfallið. Í leik gegn Þrótti á Laugardalsvelli þann 24. júlí 2003 sleit Grétar Rafn krossbönd í hné. „Það voru teknar nokkrar kvöldstundir í að gráta í koddann. En ég ákvað að leggja allt undir, ég ætlaði að ná mér fljótt og verða betri en ég var fyrir. Það tókst.“


Pegar þetta átti sér stað hafði Grétar þegar vakið athygli erlendra liða, þeirra á meðal Young Boys í Sviss.

„Það átti eftir að stíga skrefið til fulls en þá gerist þetta, því miður. Ég ákveð því að taka málin í mínar hendur og gera þetta eins vel og mögulegt er. Ég dvel í Hollandi í tvo mánuði hjá mjög færum læknum og sjúkraþjálfurum til að allt sé fagmannlegt og gert almennilega. Þá er ég einnig hjá þeim sjúkraþjálfurum sem eru í landsliðinu og hjá ÍA. Maður þarf að vera nett geggjáður til að gera þetta almennilega og sem betur fer er nóg af því til staðar hjá mér.“

Grétar bjó á hóteli í Hollandi og naut að eigin sögn aðgangs að bestu æfingaaðstöðunni og læknunum sem völ er á.

„Ég vildi bara það besta og það gekk eftir. Þetta var dýrt en ég fékk góðan stuðning. Ég gerði mér grein fyrir því að ef ég hefði ekki gert þetta myndi ég alltaf sjá eftir því,“ segir Grétar. Aðgerðin sjálf fór fram hér heima hjá íslenskum lækni. „Það var einróma álit úti að aðgerðin hafi verið mjög vel heppnuð og allt gengið að óskum.“

Hann kom sér síðan aftur af stað í boltanum síðastliðið vor og var í raun kominn aftur á



FÖLHÆFUR LEIKMAÐUR Grétar Rafn Steinsson hefur byrjað atvinnumannaferillinn vel í Sviss og hefur leikið allar stöður í liði Young Boys nema í sókn og í marki. Grétar Rafn hefur þó mest spilað í stöðu hægri bakvarðar.

byrjunarreit.

„Ég þurfti að sanna mig upp á nýtt og vekja áhuga erlendra liða aftur. En þetta gekk ágætlega þó svo að ég hafi verið með verki í hnénu þegar mótið byrjaði. En liðanin er líka að miklum hluta til í kollinum, hvernig þú ákveður að lifa með þessu. Ég leit á það þannig að ég hefði ekki margra annarra kosta völ.“

Um haustið fór Grétar aftur út til Sviss til reynslu hjá Young Boys.

„Það var í raun ótrúlegt hvað þeir voru í raun þolinmóðir. Á sínum tíma datt þetta alveg út af borðinu hjá þeim og höfðu þeir ekki samband fyrr en allt hafði gengið yfir. Þetta í raun reddaðist

fyrir horn, þjálfarinn vildi fá mig og það gerði útslagið.“

Honum líkar vel vistin í Sviss þó svo að það hafi tekið sinn tíma að aðlagast nýjum aðstæðum, eins og hjá öllum.

„Ég bý í Bern sem er í raun eins og alþjóðlegur flugvöllur, þar eru allra þjóða kvikindi. En ég hef stimplað mig vel inn í liðið, ég er talsvert öðruvísi leikmaður en flestir eru þarna og hef öðlast mikið sjálfstraust.“

Grétar hefur spilað allar stöður á vellinum nema í sókn og marki en þó mest sem hægri bakvörður. „Það fylgir því oft bölvun að geta spilað allar stöður en svo lengi sem maður fær að spila er ég sáttur. Og þó svo að ég sé mik-

ið í vörninni hef ég þó náð að skora fleiri mörk en á síðustu tímabilum mínum með ÍA.“

Young Boys varð í fjórða sæti í svissnesku deildinni sem lauk um síðustu helgi.

„Það var ekki nógu góður árangur. Við eigum að vera að berjast um eitt af efstu tveimur sætum en þau veita þátttökurétt í forkeppni Meistaradeildarinnar. En mér líkar vistin vel í Sviss, þetta er finn fótbolti enda hefur það sýnt sig að svissneska landsliðið hefur verið að gera góða hluti og leika flestir landsliðsmannanna í sínu heimalandi. Það segir sitt um styrkleika deildarinnar.“

eirikurst@frettabladid.is



EINAR LOGI VIGNISSON SKRIFAR UM BOLTANN Í SUÐUR-EVRÓPU: RENNT YFIR SPÆNSKU DEILDINA Í VETIUR

Ofurkæti Börsunga brýst út og á sér lítil takmörk

Kæti Katalóníumanna yfir sigri Börsunga í hinn spænsku Primera Liga á sér lítil takmörk. Þorsteinn vinur minn Stephensen athafnamaður í Madrid og áhugamaður um spænska boltann segir aldrei nokkurn tímann hafa vitað önnur eins fagnaðarlæti og í Barcelona er liðið tók á móti titlinum. Ekki einu sinni Evrópumeistaratalitilinum 1992 né neinum af ofursigum Draumalíðs Cruyff hafi verið mætt með viðlíka hætti. Þetta staðfesti elstu menn í Madrid með viðeigandi vandlætingu, þyki oflátungsbragur á hátíðarhöldunum yfir einni dollu, enda Börsungar vart hálfdrættingar á við Madrídina í titlum talið. En kannski á fylan í „Madrilenos“ stuðningsmönnum Real, sér dýpri skýringar. Máski gera þeir sér grein fyrir því að á tveimur árum hafa orðið pólskipti í spænska boltanum og Barca er nú flaggskipið sem Real Madrid, með sína öldnu ofurbolta eða „galacticos“, á töluvert í land með að ná.

Katalónska hjartað

Á síðasta áratug náði Barcelona undir stjórn Johans Cruyff lengsta yfirburðatímabili sínum í spænska boltanum. Og þótt á Hollendingatímabilinu síðara undir stjórn Van Gaal hafi ýmislegt áunnist var sjaldnast glæsibragur á og endaði valdatími Van Gaals í upplausn. Fyrir tveimur árum var svo Juan Laporta kosinn forseti og tóldu fæstir að hann

væri neitt nema loftið enda mikill popullista-bragur á kosningu hans sem var aðallega knúin áfram af því loforði Laporta að hann myndi semja við David Beckham um að ganga til liðs við félagið. Laporta náði samningum við Manchester United en ekki leikmanninn sjálfan, enda taldi Beckham Börsunga standa Madrídningum langt að baki í getu og framtíðarmöguleikum. Víst er að Barca stóð ekki vel, síðustu sex ár hafa verið félaginu erfið og mátti það

sætta sig við að auk fornu fjendanna í Madrid skutust bæði Valencia og Deportivo langt fram úr þeim. En undir stjórn Frank Rikjard hafa orðið stöðugar framfarir, liðið lék gríðarlega vel síðari hluta tímabilsins í fyrra og leiddi deildina örugglega frá upphafi í allan vetur. Fótboltinn sem liðið lék var á köflum sérlega glæsilegur en brot-

hættur að sama skapi og víst er að félagið þarf að bæta við sig leikmönnum, sérstaklega varnarmönnum, eigi það að eiga möguleika á að verja titilinn og gera atlögu að Evrópumeistaratalitilinum á næsta ári. Rikjard virðist hafa tekist sérlega vel upp með að byggja upp góðan anda hjá félaginu og erlendu stórstjórnurnar sýna félaginu mikla hollustu sem er mikilvægt á tímum þar sem samningar telja oft lítið. Þetta sást vel er Samuel Etoio var sektaður á dögnum fyrir að hafa sýnt Real Madrid vanvirðingu með látrbagði og ummælum ófögrum en Etoio telur sig hafa sannað ýmislegt í vetur fyrir Madrídningum sem hann var keyptur til á unga aldri en ævinlega lánaður til annarra liða. Etoio kyssti katalónska hjartað í skildi Barcelona jafnan eftir að hann hafði skorað mark en það hefur löngum verið háttur katalónska leikmanna Barca og vakti þetta mikla athygli.

Villarreal undrið

Etoio lék manna best hjá Börsungum ásamt Ronaldinho og Deco en mörkin hans 24 dugðu ekki til markakongstíls því hann hrífsaði

övantasta stjarna deildarinnar þetta árið, Úrugvæmaðurinn Diego Forlan sem skoraði tvennu í síðasta leiknum og varð markakongur Spánar auk þess að hreppa gullsko Evrópu ásamt Thierry Henry. Forlan small eins og flis við rass þess frjálsa bolta sem Juan Riquelme stýrði á miðjunni hjá smáklúbbum Villarreal sem endaði í þriðja sæti deildarinnar og gaf dýrmætt Meistaradeildarsæti. Villarreal hefur unnið hug og hjörta knattspyrnuáhugamanna, enda ótrúlegt að lið frá þorpi minna en Reykjavík nái svo langt og ekki verri að liðið lék hreint út sagt glimrandi knattspyrnu. Vonandi er að Villarreal haldist á bestu mönnum sínum þótt líklegt sé að Barcelona heimti Riquelme heim á ný eða selji hann áfram. Hann var nánast undantekingalaust í hópi efstu manna hjá spænsku blöðunum í einkunnagjöf tímabilsins og náði loks að fullnýta ótvíræða hæfileika sína sem aldrei fengu að skína þegar hann dvaldi

hjá Barca. Sevilla liðin tvö börðust um Meistaradeildarsæti við Villarreal og fór svo að Real Betis náði fjórða sætinu. Bæði liðin búa yfir miklum framtíðarmöguleikum, vel studdir klúbbar með góðan mannskap og verða bæði í toppbaráttunni áfram ef vel er á málum haldið. Er það gleðilegt því alltaf er gríðarleg stemming í kringum liðin og óvída meiri rígur milli félaga en í höfuðborg hinnar blóðheitu Andalúsíu. Valencia var vonbrigði ársins, eins og margir voru reyndar búnir að spá fyrir um, t.d. við hér á Fréttablaðinu í spá okkar fyrir tímabilið. Claudio Ranieri eyðilagði nánast liðið og ljóst er að breyta þarf miklu á þeim bænnum. Rauðhvítu frændurnir Atletico Madrid og Athletic Bilbao gerðu líka mun minna en efni stóðu til, sérstaklega Bilbæingar sem skarta tveimur af bestu mönnum deildarinnar, miðvallarleikmanninum Yesti og bakverðinum Asiar del Horno. Smáliðið Getafe gladdi marga og sömuleiðis Levante í byrjun leiktíðar þótt þar skorti dampinn á, Bernd Schuster látinn taka pokann sinn og fall varð örlögin á vordögum.



LIÐIÐ MITT > NJÁLL EIDSSON BÝR TIL ÚRVALSLIÐ 1. TIL 4. UMFERÐAR LANDBANKAÐEILDARINNAR



Sex leikmenn frá FH í liðinu

Daði Lárusson, FH: Hefur fengið fæst mörk á sig. Traustur og reyndur markvörður.

Guðmundur Sævarsson, FH: Skemmtilegasti bakvörðurinn í deildinni. Fljótur og góður sóknarlega.

Auðun Helgason, FH: Mjög sterkur í ná-vígjum og mikill keppismaður.

Tommy Nielsen, FH: Les leikinn vel og gefur góðar sendingar. Góður stjórnandi.

Bjarni Ólafur Eiríksson, Val: Líkamlega sterkur leikmaður. Er með góðar sendingar og getur auðveldlega skorað mörk.

Helgi Valur Daniélsson, Fylki: Duglegur og

skynsamur leikmaður. Heldur bolta vel.

Dennis Siim, FH: Mjög sterkur í loftinu, góðar sendingar og hefur batnað með hverjum leik.

Guðmundur Benediktsson, Val: Hugmyndaríkur og óútreiknlegur. Skorari og leggur auk þess upp mörkin.

Tryggvi Guðmundsson, FH: Fæddur markaskorari. Klókur og keppismaður mikill.

Guðmundur Steinarsson, Keflavík: Frábær skotmaður, grimmur og fljótur að framkvæma hlutina.

Matthías Guðmundsson, Val: Fljótur, vinnusamur og hefur bætt sig í markaskorun.



„Þjálfari þessa liðs gæti verið í kaffi allan leikinn og það kæmu margir að horfa á það því það væri stórskemmtilegt.“

ÚR SPORTINU

Enska úrvalsdeildarliðið Tottenham hefur rekið Danann Frank Arnesen frá störfum en hann hefur haft yfirumsjón með knattspyrnumálum Tottenham síðasta árið. Arnesen er sakaður um að hafa á laun átt viðræður við Chelsea og með því brotið reglur enska knattspyrnu-sambandsins. Þetta er í annað skiptið á skömmum tíma sem Chelsea er uppvíst að því að falast ólöglega eftir leikmönnum sem samningsbundnir eru öðrum félögum.



Þórey Edda Elísóttir stangarstökkvari stökk 4.18 metra og varð í 5. til 6. sæti á alþjóðlegu stigamóti í frjálsum íþróttum í Sevilla í gær en hún sigraði Smáþjóðaleikana á fimmtudaginn með stökki upp á 4,40 metra sem var Smáþjóðaleikamet.

Belgíska tennisdrottningin Justine Henin-Hardenne vann opna franska meistararnótið í tennis í annað sinn í gær en hún var úrslitaleikinn gegn frönsku konunni Mary Pierce að miklu öryggi í tveimur settum, 6-1 og 6-1.

Hafsteinn Ægir Geirsson slasaði í götuhjólreiðum á Smáþjóðaleikunum en í upphafi annars dags datt einn keppandi fyrir framan hann með þeim afleiðingum að

Hafsteinn þurfti að snarbremsa og datt. Hann var fluttur á spítala með sjúkrahúsi og eftir ítarlega skoðun og myndatöku var hann settur í gífs frá ökkla og upp að læri. Læknir hópsins, Ágúst Kárasón, skoðaði myndirnar og mat stöðu Hafsteins þannig að hann væri ekki brotinn eða alvarlega slasaður.

HVAD? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

2	3	4	5	6	7	8
---	---	---	---	---	---	---

Sunnudagur

LEIKIR

- 16.00 KS og Víkingur R. mætast á Siglufirði í 1. deild karla.
- 16.00 Stjarnan og Tindastóll mætast í Garðabænum í 2. deild karla.

SJÓNVARP

- 10.50 Handbolti gegn hörmungum á RÚV.
- 11.35 Hnefaleikar á Sýn. Kostya Tszu – Ricky Hatton. (e)
- 15.30 Golf á Sýn. Memorial Tournament (e)
- 19.00 Golf á Sýn. Bein útsending frá Memorial Tournament.
- 22.00 Helgasportið á RÚV.
- 22.00 Hnefaleikar á Sýn. Kostya Tszu – Ricky Hatton. (e)
- 22.15 Smáþjóðaleikarnir á RÚV. (1:5)
- 00.30 NBA körfuboltinn á Sýn. Detroit – Miami. (e)

Enn ekkert gull í körfuboltanum

Íslenska karlalandsliðið endaði í öðru sæti þriðju Smáþjóðaleikana í röð. Kýpur tryggði sér fimmta gullið í röð með því að vinna stærsta sigurinn á Íslandi í sögu leikanna.

KÖRFUBOLTI Körfuboltalandslíðin þurftu bæði að sætta sig við silfur á Smáþjóðaleikunum í Andorra og lengist því biðin eftir gullinu um að minnsta kosti tvö ár í viðbót. Silfrið kom í hús hjá körlunum í gær þegar íslenska liðið vann 12 stiga sigur á San Marínó, 94-82, í fjórða og síðasta leik sínum.

Magnús Þór Gunnarsson skoraði 27 stig í leiknum og Hlynur Bæringsson bætti við 17 stigum. Þeir Magnús og Hlynur voru tveir stigahæstu menn íslenska liðsins á Smáþjóðaleikunum, Magnús Þór var með 17,5 stig að meðaltali í leik og Hlynur skoraði 16 stig og tók 10 fráköst í leik. Nýi Íslendingurinn Darrel Lewis skoraði hinsvegar bara 9,3 stig að meðaltali og varð fjórði stigahæstur á eftir Sigurði Þorvaldssyni sem skoraði 10,8 stig í leik.

Ísland hefur bara unnið eitt gull á síðustu sex leikum og það unnu stelpurnar á heimavelli 1997. Karlalandsliðið hefur ekki unnið Smáþjóðaleikana síðan á Möltu

fyrir tólf árum en þeir voru þó mun nærri gullinu á síðustu tveimur leikum en í Andorra þar sem Ísland tapaði með 24 stigum gegn Kýpur í óopinberum úrslitaleik.

Frá því að karlalíðið vann gull tvö ár í röð í Andorra 1991 og á Möltu 1993 hefur uppskera liðsins verið þrjú silfur og tvö brons. Biðin eftir gullinu er því orðin löng, alltof löng af mati flestra sem hafa á sama tíma séð íslenska liðið vinna sig upp metorðalistann í Evrópukeppninni.

1995 tapaði íslenska landliðið fyrir heimamönnum í Lúxemburg, 86-95, í undanúrslitunum en vann síðan San Marínó í leik um þriðja sætið. Tveimur árum síðar hófst Kýpurmartröð íslenska liðsins sem tapaði undanúrslitaleikum fyrir Kýpur í Smárunum með 15 stigum, 64-79.

Ísland vann síðan Lúxemburg örugglega í leikum um þriðja sætið. 1999 var ekki keppt í körfubolta en tveimur árum síðar tapaði íslenska liðið með 14 stigum fyrir Kýpur í úrslitaleik. Vonbrigðin voru örugglega mest á Möltu fyrir tveimur árum þegar íslensku strákarnir misstu niður unnan úrslitaleik gegn Kýpur. Ísland náði mest 16 stiga forskoti um miðja þriðja leikhlutana, 58-42, en varð á endanum að sætta sig við tveggja stiga tap, 77-79. Í ár átti íslenska liðið aldrei möguleika í lið Kýpur sem komst í 21-7, leiddi með 21



MAGNÚS MEÐ 70 STIG OG 18 ÞRIGGJA STIGA KÖRFUR Keflvík-ingurinn Magnús Þór Gunnarsson var stigahæstur hjá íslenska landsliðinu á Smáþjóðaleikunum, skoraði 17,5 stig úr leik og hitti úr 18 af 42 þriggja stiga skotum sínum (43%).
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


stigi í hálfleik, 21-46, og vann leikinn að lokum með 24 stigum, 66-80. Þetta er stærsta tap Íslands á Smáþjóðaleikunum frá upphafi og bætti reyndar gamla metið um heil 9 stig. Íslenska liðið hefur aðeins tapað fjórum leikjum á leikumum frá 1997, öllum fyrir Kýpur og allir hafa þeir kostað íslenska liðið gullið.

Það vantaði vissulega í íslenska liðið, þjálfarinn Sigurður Ingi-

mundarson og fyrirliðinn Friðrik Stefánsson sátu báðir heima, þá var Jón Arnór Stefánsson meiddur og þeir Jakob Sigurðarson og Logi Gunnarsson komust ekki til Andorra.

Engu að síður mættum við með mjög frambærilegt sem ætti að gera betur en að steinleggja fyrir Kýpurbúum sem hafa unnið gullverðlaunin á fimm Smáþjóðaleikum í röð.

ooj@frettabladid.is



MEGANE
RENAULT CRÉATEUR D'AUTOMOBILES



Frá **18.900**

LÝSING

kr. á mán.*



Þeir sem koma í Renault reynsluakstur fá opinn bíómiða. Miðinn gildir á allar sýningar Laugarásbíó til 31. ágúst nk. Boðið gildir eins lengi og miðar endast.

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is



Með bílinn handa þér

Mánaðargreislur miðast við blöðsamning Lýsingar til 84 mánaða og 30% útborgun.

Hvernig get ég treyst þér aftur?

LEIKLIST

VALGEIR SKAGFJÖRD

Móðir mín, dóttir mín eftir Ingi-björgu Reynisdóttur

Senukúntnerinn í samvinnu við Hafnarfjarðarleikhúsið

Tónlist: Ragnheiður Gröndal / **Leikstjóri:** Eline Mckey / **Leikarar:** Ingibjörg Reynisdóttir og Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir / **Lýsing:** Garðar Borgþórsson.

NIDURSTADA: Niðurstaða: Sagan hefur sterk áhrif og víða tekst höfundur að lýsa ágætlega þeim kvíða og þeirri angist sem fylgir því barni sem býr við alkóhólisma móður sinnar.

Hið nýja Hafnarfjarðarleikhús hefur í vetur verið vettvangur frjálsra leikhópa sem sýnt hafa þar verk sín í einhvers konar samstarfi. Þau hafa verið af ýms-um toga en þetta leikverk markar upphaf „Bjartra daga“ í Hafnarfirði sem er eins konar lista- og menningarhátíð sem bærinn stendur fyrir um þessar mundir. Hafnarfjarðarbær hefur stutt menningarstarfsemi á undanförnum árum svo að til eftirbreytni hlýtur að teljast.

Sýningin sem boðið er upp á í Hafnarfjarðarleikhúsinu lýsir kjarki og dug þriggja ungra listakvænna sem vilja láta raddir sína heyrast. Þær leggja upp með leikhús í sínu einfaldasta formi og höfundinum liggur ýmislegt á hjarta. Textinn er knappur en segir það sem segja þarf. Þeim tekst ætlunarverk sitt, að segja sögu á sviðinu.

Það er ekki vandalaust að vera

höfundur leikverks og leika jafnframt annað aðalhlutverkið í því. Þess vegna reynir á leikstjóranum að leiða saman höfundinn og leikarann. Eðli málsins samkvæmt hlýtur leikstjóranum að vera vandi á höndum þegar verkið er hugarsmíð annars leikendanna og þá togast á hið leiðandi hugmyndastarf leikstjórans og það að vera trúur höfundinum og verkunum.

Í sem stystu máli þá hefur sagan sterk áhrif og víða tekst höfundur að lýsa ágætlega þeim kvíða og þeirri angist sem fylgir því barni sem býr við alkóhólisma móður sinnar. „Hvernig get ég treyst þér aftur?“ spyr barnið um leið og það veit innst inni að það getur ekki treyst orðum alkóhólístans. En þrátt fyrir þá skelfilegu fullvissu verður barnið ekki svipt voninni. Það er alltaf von. Sama hve vanhæf móðirin er þá trúir barnið því alltaf að ástandið muni lagast.

Leikritið svarar svo sem engum spurningum og nútímasamfélag er orðið mun upplýstara um eðli alkóhólisma sem er stigvaxandi vandamál alls staðar í kringum okkur. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur lýst því yfir að ofneysla áfengis verði mesti heilbrigðisvandi heimsins í framtíðinni.

Leikkonurnar áttu góða spretti en sums staðar hefði leikstjórnin mátt gera meiri kröfur um leik þegar átökin stóðu sem hæst. Þar fannst mér Ingibjörg á stundum ekki alveg hafa vald á raddbeitingu sem bitnaði á skýrleika í

texta. Annars sýndi Ingibjörg geðbrigði hinnar drykkjusjúku móður nokkuð vel. Hún virkaði taugaóstyrk framan af en í seinni hlutanum þegar örvæntingin tekur völdin náði Ingibjörg fallegri blæbrigðum og dýpt í sínum leik. Ísgerður Elfa virkaði ótrúlega sannfærandi sem gelgjuskeiðs-unglingur og tókst áreynslulítið að miðla undirleggjandi tilfinningum með nærveru sinni og næmri hlustun.

Ragnheiður Gröndal gerir tónlist við verkið og flytur hana á sviðinu. Hún er afbragðs píanóleikari og hefur auk þess undurblíða söngródd. Hennar þáttur fannst mér binda saman söguna og bæta nokkru við verkið fremur en slíta í sundur eins og stundum vill gerast. Textarnir og laglínurnar ríma ljóðrænt og næstum angurvært við þær tilfinningar og hugsanir sem bærast innra með persónum leiksins.

Reynslumeiri leikstjóri hefði ef til vill getað náð meiru út úr verkinu en reynslan kemur með tímanum. Frábært framtak hjá þessum ungu konum og vonandi að þær vaxi með hverju verkefni. Sýningin er án hlés og ég kann vel við svona stuttar knappar sýningar. Maður velti því fyrir sér hvort ekki mætti einhvern tíma sýna tvær til þrjár svona stuttar leiksýningar á sama kvöldinu. Einþáttungurinn er mjög skemmtilegt en um leið vanmetið leikhúsform og gaman væri að fá að sjá meira af slíkum verkum.

Valgeir Skagfjörð



MÓÐIR MÍN, DÓTTIR MÍN Leikrit Ingibjargar Reynisdóttur er sýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu á Björtum dögum.

HVAD? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

2 3 4 5 6 7 8

Sunnudagur

TÓNLEIKAR

- 16.00 Fyrri útgáfutónleikar **Hildar Völu** verða í Salnum í Kópavogi.
 - 17.00 **Kvennakór Garðabæjar** verður með tvenna vortónleika í júní. Þeir fyrri verða í Seltjarnarnesarkirkju í dag. Meðleikarar kórsins eru þær **Helga Laufey Finnbogadóttir** píanóleikari og **Marion Herrera** hörpuleikari. Kórstjóri er **Ingibjörg Guðjónsdóttir**.
 - 20.00 Söngkvartettin **OPUS** og **Samkór Grindavíkur** halda sameiginlega tónleika í Grindavíkurkirkju. **Vignir Þór Stefánsson** leikur með á pianó.
 - 20.00 Seinni útgáfutónleikar **Hildar Völu** verða í Salnum í Kópavogi.
 - 22.00 Stórhljómsveit **Megasukks** verður með tónleika á Grand Rokk. **Megas, Súkkat** og gestir.
- #### FUNDIR
- 12.30 Málþing verður haldið á menningarhátíð Grand Rokk.
- #### SAMKOMUR
- 13.00 Menningarsamtök Norðlendinga efna til **Matthíasarvöku**, hátíðardagskrár í Sigurhæðum, húsi Matthíasar Jochumssonar, í tilefni af 170 ára afmæli skáldsins.

- 16.00 Listaverkaupboð verður haldið á menningarhátíð Grand Rokk.

HÁTÍÐ HAFSINS

- 13.00 Skólaskipið **Sæbjörg** siglir um sundin blá með alla fjölskylduna. Aðgangur ókeypis. Einnig verður siglt

af stað klukkan 14 og 15.

- 14.00 Hátíðarhöld sjómanna-dagsins á Miðbakka Reykjavíkurhafnar með ávörpum.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVIÐ

99% UNKNOWN - Sirkussýning

CIRKUS CIRKÖR frá SVÍÞJÓÐ

Þri 14/6 kl 20, Mi 15/6 kl 20, Fi 16/6 kl 20, Fö 17/6 kl 20 **Aðeins þessar sýningar**

25 TÍMAR

Dansleikhús / samkeppni LR og Íd í samstarfi við SPRON. Þi 9/6 kl 20 - 2.500,-

Einstakur viðburður

Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna

- gildir ekki á barnasýningar

Midasalúsimi 568 8000
midasala@borgarleikhus.is

Midasala á netinu www.borgarleikhus.is
Midasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudag

KALLI Á PAKINU

e. Astrid Lindgren

Í samstarfi við Á pakinu

Í dag kl 14 **UPPS.**, Su 12/6 kl 14 **UPPS.**
Su 12/6 kl 17, Lau 18/6 kl 14,
Su 19/6 kl 14 - **UPPS.**, Su 26/6 kl 14,
Lau 9/7 kl 14, Su 10/7 kl 14, Su 17/7 kl 14,
Su 24/7 kl 14

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR

Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.

Í kvöld kl 20, Fi 9/6 kl 20,
Fö 10/6 kl 20 - **UPPS.**, Lau 11/6 kl 20,
Þri 14/6 kl 20, Fi 16/6 kl 20, Lau 17/6 kl 20,
Su 18/6 kl 20

Síðustu sýningar

SÍÐUSTU SÝNINGAR!!!

Aðeins 2 sýningarhelgar eftir
Missið ekki af einleik Eddu Björgvins í Borgarleikhúsinu • Sími 588 8000

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR SÍÐASTA SÝNING Í DAG!

Stóra sviðið kl. 20.00

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR - *Ævintýraheimur H.C. Andersen. Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.*

Í dag sun. 5/6 kl. 14:00 **örfá sæti laus. Síðasta sýning í vor.**

PETTA ER ALLT AÐ KOMA - *Hallgrímur Helgason Leikgerð: Baltasar Kormákur*

Fös. 10/6 **örfá sæti laus. Síðasta sýning**

DÍNAMÍT - *Birgir Sigurðsson*

10. sýn. lau. 11/6 **nokkur sæti laus. Síðasta sýning.**

Smíðaverkstæðið kl. 20.00

RAMBÓ 7 - *Jón Atli Jónasson*

Fös. 10/6 **nokkur sæti laus. Síðasta sýning.**

Midasalúsimi: **551 1200** Netfang: midasala@leikhusid.is Veffang: www.leikhusid.is
Opíð kl. **12:30-18:00** mán.-þri. Aðra daga kl. **12:30-20:00**. Simapantanir frá kl. **10:00** virka daga.
Þjólleikhúsið sími 551-1200

Birgitta

Gudda Guðrat

... Et horft er á í réttu ljósi
hve lífið er stutt og ljúkan
svo hverful og smá.
Et horft er á í réttu ljósi.
Hver dagur er gjöf,
svo margt sem að
hægt er að sjá...

SPARISJÓÐURINN IsMedia

Midasala í Austurbæ opin alla daga frá kl. 14 til kl. 18. Laugardagur 11. Júní kl. 13:30 pantanir í síma 551 4700 www.avaxtakarfan.is www.midi.is

• Komdu og sjáðu • Komdu og kjóstu • Komdu og dansaðu •

25 tímar

dansleikhús / samkeppni 2005 LR og Íd í samstarfi við SPRON

Höfundar:

Álfrún Örnólfsdóttir og Friðrik Friðriksson

Bryndis Einarisdóttir

Eva Rún Þorgeirsdóttir og Halla Ólafsdóttir

Hallidóra Geirharðsdóttir, Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Elma Lisa Gunnarsdóttir

Ingvar E. Sigurðsson

Peter Anderson

Tinna Lind Gunnarsdóttir

Valgerður Rúnarsdóttir og Vignir Rafn Valþórsson

Vatnadansmeyerjaflagið: Guðlaug Elisabet Ólafsdóttir, Halla Margrét Jóhannsdóttir, Katrín Þorkelsdóttir, Margrét Vilhjálmsdóttir og Sigrún Sól Ólafsdóttir

Einstakur viðburður

- Dómnefnd veitir þrenn verðlaun
- Áhorfendur veita ein verðlaun
- Dansað í forsal á eftir

Fimmtudagskvöldið 9. júní – klukkan 20:00

Í samstarfi við:

„Hann spurði sig að því hvort það hefði verið réttlætunlegt að ljúga, blekkja og kveikja í fallegu húsi að eins til að bjarga ungum manni.“

Úr bókinni „Leyfðu mér að segja þér sögu“ eftir metsöluhöfundinum Jorge Bucay.

bækur

bækur@frettabladid.is

■ NÝJAR BÆKUR

Tvær nýjustu skáldsögur Braga Ólafssonar, Gæluðyrin og Samkvæmisleikir, eru komnar út í kilju hjá bókaforlaginu Bjarti. Báðar sögurnar hafa fengið einróma lof gagnrýnenda, sú fyrri var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og Menningarverðlauna DV og sú síðari fékk Menningarverðlauna DV fyrr á þessu ári.



Þjóðminjasafnið og JPV útgáfan hafa sent frá sér bókina Myndir á þili – Íslenskir myndlistarmenn á 16., 17. og 18. öld. Myndin er gefin út í tengslum við samnefnda sýningu sem nú stendur yfir í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu. Í bókinni er fjallað um nafngreinda myndlistarmenn sem störfuðu hér á landi á 16.-18. öld. Bæði bókinn og sýningin eru afrakstur rannsóknna Þóru Kristjánsdóttur á listgripum í Þjóðminjasafninu.

Félag um menntarannsóknir var stofnað árið 2002 og eru félagsmenn fræðimenn og fagfólk á sviði skóla- uppeldis- og menntamála. Í lok síðasta árs kom út fyrsta tölublað tímaritsins Tímarit um menntarannsóknir, stórt og glæsilegt hefti með 19 greinum sem allar eru byggðar á erindum frá fyrstu ráðstefnu félagsins, sem haldin var í nóvember 2003. Ritstjóri var Júlíus K. Björnsson.



Fegurðin gerir hryllinginn verri

Ungverski rithöfundurinn og Nóbelsverðlaunahafinn Imre Kertész sá ekki önnur ráð en að skrifa sjálfur kvikmyndahandrit eftir bók sinni Örlögleysi, sem kom út hér á landi á síðasta ári í þýðingu Hjalta Kristgeirssonar. Ungverski kvikmyndatökumaðurinn Lajos Koltai leikstýrði myndinni, sem á frummálinu heitir Sorstalanság.

„Ég veit vel að margir rithöfundar gefa ekki leyfi til þess að láta kvikmynda bækur sínar. En þær verða þá bara kvikmyndaðar eftir dauða þeirra. Þá fannst mér betra að halda sjálfur um taumana,“ sagði Kertész í nýlegu viðtali við þýska dagblaðið Tagesspiegel. Bókin fjallar um fjórtán ára Gyðing í Búdapest árið 1944, sem er rekin um borð í lest á leið til dauðabúða nasista. Kertész hlaut Nóbelsverðlaunin árið 2002, ekki síst fyrir þessa bók sem kom út árið 1975 og er sterklega mótuð af reynslu hans sjálfs frá Auschwitz árin 1944-45.

Myndin hefur verið gagnrýnd í Þýskalandi fyrir það hve fegurðin sé áberandi innan um hryllinginn í útrýmingarbudunum, sólin skíni og fjöldasener virki



gjarnan eins og áhrifamikil dansatriði. „Fyrir mig er þessi fegurð mikilvægust,“ svarar Kertész og segir lífið í útrýmingarbudunum enn hryllilegra vegna þess hve fagurt sé um að litast í kring. Hann segist líka meta mikils mynd ítalska spéfuglsins Robertos Benignis La vita è bella, hins vegar sé mynd hans gjörólík sinni því mynd Benignis sé hreint ævintýri. „Það er dæmigert fyrir aðra kynslóðina, sem hefur enga persónulega reynslu af helförinni heldur þekkir hana aðeins af frásögn foreldra sinna.“

> Bók vikunnar ...

STEINSTEYPA
eftir Thomas Bernhard

Meðal evrópskra bókmenntaunnenda hefur sannkallað Thomas Bernhard æði gripið um sig síðustu tvo áratugi. Nú gæti verið komið að Íslandi, því Bjartur hefur sent frá sér bókina Steinsteypu í þýðingu Hjálmars Sveinssonar.

Bókin þykir mjög aðgengileg aflestrar þrátt fyrir óhemju langar setningar og algeran skort á greinaskilum. Hún fjallar um Rúdolf, sem hefur í tíu ár búið sig undir að skrifa umfangsmikið fræðirit um uppáhaldstónskáldið sitt, Felix Mendelssohn-Bartholdy. Þegar hann er loks reiðubúinn að skrifa fyrstu setninguna verður hann fyrir óvæntum truflunum, hverri á fætur annari, og lætur síðan móðan mása á blaðsíðum bókarinnar um allt sem hann hefur á hornum sér.

HÖFUNDUR ÍSLANDS: SÖGÐ „EIN AF BESTU BÓKUM VORSINS“ Í ÞÝSKALANDI.

Þjóðverjar hrifnir af Hallgrími

Lofsamlegir ritdómar hafa haldið áfram að birtast í þýskum fjölmiðlum um skáldsögu Hallgríms Helgasonar, Höfundur Íslands, sem kom út í vetur þar í landi hjá forlaginu Clett-Kotta.

Bókasiðan perlentaucher.de kallar bókina „eina af bestu bókum vorsins“ og segir Hallgrím vera nýju stjörnunna „á höfundahimni Íslands sem, eins og gefur að skilja, er ekki mjög þéttstirndur.“

Um bókina hefur verið fjallað bæði í sjónvarpi og útvarpi og dagblöðin eru öll á einu máli um að gæði þýðingarinnar hafi átt stóran þátt í velgengni bókarinnar meðal þýskumælandi lesenda.

Gagnrýnandi dagblaðsins Süddeutsche Zeitung, Silja Ukena, setur Hallgrím í samhengi umræðunnar um póstmóðernisma. Hún segir að Hallgrímur hafi með bók sinni endurlífgað kenningu Roland Barthes um dauða höfundarins, en Hallgrímur geri það „að sjálfsgöðu með fánæglegum snúningi, sem gefur að skilja, því Hallgrímur Helgason er nú einu sinni póstmóðernisti“.

Samt finnst henni Hallgrími takast best upp þar sem póstmóðernismanum sleppi: „Sterkasti hluti bókarinnar er „skáldsagan“ í skáldsögunni, sagan af bándanum Hrólfi. Hallgrími tekst þar, hvað sem allri fróni og sjálfssviðssetningu líður, að skapa manneskjur af holdi og blóði. Þetta eru dauðlegar sálir sem elska, gráta og hata, utan allra gæsalappa. Algerlega að óvörum birtir hann þarna rómantíska hlið á sér, nokkuð sem maður hefði seint búist við af hinum



HALLGRÍMUR HELGASON Gagnrýnandi Süddeutsche Zeitung segir Hallgrími takast „með fánæglegum snúningi“ að lífga við gamla kenningu Barthes um „dauða höfundarins“.

svala höfundi „101 Reykjavík“.

Sjálfur hefur Hallgrímur haldið tvisvar til Þýskalands í vetur til að lesa upp úr bók sinni og segist hafa fengið afar góðar viðtökur. „Þjóðverjar hafa reyndar skipst svolítið í tvo hópa, því bókinn er lykilróman um Halldór Laxness og það eru ekki allir þýskir lesendur að skilja það. En svo eru aðrir sem segja að það skipti engu máli, maður geti allveg notið bókarinnar án þess að þekkja nokkuð til hans.“

Hallgrímur hefur á hverjum stað fengið einhvern heimamann til þess að lesa upp úr bókinni á þýsku. Í Zürich í Sviss vildi svo vel til að leikarinn Jón Laxdal tók að sér lesturinn.

„Það var gaman að fá að hitta Jón, sem lést skömmu síðar. Hann var mjög lifandi og skemmtilegur persónuleiki. Þetta var líka skemmtileg tenging við Laxness.“

Jón lék á sínum tíma stór hlutverk í þýsk-íslenskum sjónvarpsþáttum sem gerðir voru eftir tveimur sögum Halldórs Laxness, Brekkukotsannál og Paradísarheimt.

„Mér fannst líka forvitnilegt að fá að fylgjast með því að engin læti hafa orðið út af kaflanum sem fjallaði um kommúnisma,“ bætir Hallgrímur við. „Í Þýskalandi virðast menn hafa lokið uppjörinu við kommúnismann, þótt hér á landi séu greinilega ekki allir búnir að kyngja því hvers konar bøl kommúnisminn var, sem sannast á því að hérna voru menn enn að æsa sig út af Stalín og kommúnismanum núna á dögum.“ ■

Bókabúðin sem ferðast

„Við seljum fyrst og fremst bækur sem sjálfar eru myndlistarverk, en ekki bækur um myndlist eða myndlistarmenn. Við erum ekki með mikið af katalógum,“ segir Rúna Þorkelsdóttir, sem rekur nokkuð sérstæða bókabúð úti í Amsterdam ásamt tveimur öðrum myndlistarmönnum, þeim Jan Voss og Henriette van Egten.

Bókabúðina opnuðu þau fyrst í afar litlu húsnæði úti í Amsterdam árið 1986 og gáfu henni nafnið Boekie Woekie.

„Hún var þrír sinnum þrjár metrar að stærð og ein af minnstu búðunum í Amsterdam. Síðan opnuðum við nýja búð árið 1993 og erum enn að.“

Upphaflega voru þau sex saman, allt myndlistarmenn sem sjálf höfðu búð til bókverk.

„Einn okkar, Jan Voss, er gamall nemandi Dieters og árið 1993 kemur Dieter til okkar og þá förum við að vinna fyrir hann. Við keyptum okkur ljósritunavél og fórum að vinna bækur fyrir hann og binda inn.“

Árið 1995 tók Dieter þau með sér á stóra sýningu sem hann hélt í Austurríki og þar var opnað útibú

frá bókabúðinni á meðan sýningin stóð yfir.

„Við fórum til Marseille með honum 1997 og á síðustu sýninguna sem hann hélt 1998 í Zürich. Eftir það höfum við farið um með Dieter Roth akademíunni, við vorum bæði í Basel árið 2000 og í Lübeck síðasta sumar. Við förum þá með bókabúðina sem sýningar-grip og tókum alltaf með okkur eitt eða tvö eintök af hverjum titli sem við eigum meira en eitt af.“

Rúna segir þessi ferðalög með búðina vera stóran part af list þeirra þriggja nú orðið.

„Búðin er eins og skúlptúr sem tekur stöðugt breytingum í hvert skipti sem við setjum hana upp á nýjum stað. Við flytjum alls konar dót með okkur, bæði grafík frá Dieter og verk frá okkur sjálfum.“

Núna er útibú frá bókabúðinni Boekie Woekie í anddyri Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsinu, þar sem sýning á verkum Dieters Roth stendur yfir.

„Dieter var alltaf með smíði og uppsetningafólk með sér og þeir hafa byggt búðirnar okkar. Í Evrópu notuðu þeir alltaf sama efnið, en hingað kom ekkert nema afgreiðsluborðið. Það hefði verið of mikið að flytja allt hitt.“ ■



RÚNA Í BÓKABÚÐINI Hollenska bókabúðin Boekie Woekie hefur verið flutt til landsins og sett upp í Hafnarhúsinu.

Matsveinanám

Innritun

Nú stendur yfir innritun í tveggja anna matsveinanám.

Nám og kennsla

Um er að ræða hagnýtt nám fyrir þá sem starfa á fiski- og flutningaskipum og í litlum mótuneytum. Kennsla fer fram á kvöldin.

Umsóknir


Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar fást á skrifstofu Menntaskólans í Kópavogi.

Umsóknarfrestur er til 20. júní 2005.



HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN
HOSPITALITY AND CULINARY SCHOOL OF ICELAND

Menntaskólinn í Kópavogi v. Digranesveg, 200 Kópavogur, sími 594 4000, www.mk.is



[METSÖLULISTI]

EYMUÐSSON
MÁL OG MENNING
PENNINN

ADALLISTINN – ALLAR BÆKUR


- 1 **KLEIFARVATN (KILJA)**
Arnaldur Indriðason
- 2 **HUGMYNDIR SEM BREYTTU...**
Felipe Fernández-Armesto
- 3 **ÍSLANDSSAGA A-Ö**
Einar Laxness
- 4 **ÚTIVISTARBÓKIN**
Páll Ásgeir Ásgeirsson
- 5 **VÍSINDABÓKIN**
Ari Trausti Guðmundsson þýddi
- 6 **ALKEMISTINN (KILJA)**
Paul Coelho
- 7 **ÍSLENDINGAR**
Sigurgeir Sigurgeirsson og Unnur Jökulsdóttir
- 8 **VISKA FYRIR OKKAR ÖLD**
Helen Exley tók saman
- 9 **VERK AÐ VINNA**
Geir Svansson þýddi
- 10 **HVEITIBRAUÐSDAGAR (KILJA)**
James Patterson

SKÁLDVERK - KILJUR

- 1 **KLEIFARVATN**
Arnaldur Indriðason
- 2 **ALKEMISTINN**
Paulo Coelho
- 3 **HVEITIBRAUÐSDAGAR**
James Patterson
- 4 **ENGLAR OG DJÖFLAR**
Dan Brown
- 5 **ELLEFU MÍNÚTUR**
Paulo Coelho
- 6 **SKUGGA-BALDUR**
Sjón
- 7 **BELLADONNASKJALÍÐ**
Ian Caldwell
- 8 **DA VINCI LYKILLINN**
Dan Brown
- 9 **KALAHARI VÉLRITUNARSK...**
Alexander McCall Smith
- 10 **FURÐULEGT HÁTTALAG HUN...**
Mark Haddon

Listarnir eru gerðir út frá sölu dagana 25.05.05 – 31.05.05 í Bókabúðum Máls og menningar, Eymundsson og Pennanum

Grilltíminn er hafinn!




FYRIR
SÆLKERA




Í bókinni **Gott af grillinu** er að finna úrval af nýjum og freistandi uppskriftum fyrir sælkera sem vilja prófa eitthvað nýtt og spennandi á grillið.

Hér finnur þú yfir 40 uppskriftir að girnilegum fisk-, kjöt- og grænmetisréttum á grillið. Lesandinn fær góð ráð til að fullkomna matseldina og bókin geymir jafnframt afar hagnýta töflu yfir hæfilegan grilltíma á helstu hráefnum.

Allt verður gott sem af grillinu kemur, með hjálp þessarar bókar.



Stórar og glæsilegar myndir af öllum réttum



Meðal uppskrifta í bókinni:

- Eggaldinrúllur fylltar með geitaosti • Laxaspjót með kúrbít og perlulauk • Grillaðar lúðusteikir með caperssósu • Risarækjur í salthjúp • Barbecue kjúklingur með sætum og nýjum kartöflum • Steikarsamlaka með sætu laukmaki • Fyllt lambalæri með steinselju og hvítlauk • Grilluð saltfisksteik á spinat- og sveppamaki



Allir sem kaupa bókina geta unnið glæsilegt Weber gasgrill og fleiri vandaðar grillvörur!



edda.is

Ávaxtakarfan

Seinasta sýning fyrir sumarfrí

Laugardagur 11. Júní kl: 13:30
Miðasala í Austurbæ opin allra daga frá kl.14 til kl.18 pantanir í síma 551 4700

www.ismedia.is
www.midi.is
www.avaxtakarfan.is

SMÁRA BÍÓ
